

Eru þeir nokkuð þar?
*Innflytjendur og möguleikar þeirra innan
pólítíska vettvangsins á Íslandi*

Guðlaug Björnsdóttir

Leiðbeinandi: Unnur Dís Skaptadóttir

Guðlaug Björnsdóttir
300960-5109

Félagsvísindadeild
Háskóla Íslands

Abstract

This research focuses on immigrant's participation in the political field in Iceland. It's extensive theoretical discussion aims at applying an overall perspective how the increasing global migration has affected the worlds nation states. In order to recognize invisible barriers Pierre Bourdieu's theory of social field is employed. This is a qualitative research where compilation of data consists mostly in in-depth interviews and direct observations. In data analyzing the methodology of grounded theory is applied.

The findings in this research indicate some barriers according to Bourdieu's concept of how individuals habitus affects his social capital. Lack of certain social knowledge in relation to Icelands political landscape, especially in the past, along with a limited language capital, can bestow immigrant's an unequal status in the official political field. Although, with their own agency they manage to use the unofficial political field to promote their interests and have them acknowledged.

Ágrip

Þessi ritgerð fjallar um rannsókn á aðgengi og þátttöku innflytjenda á pólitíska vettvanginum á Íslandi. Til þess að ná heildarmyndinni yfir þær breytingar sem átt hafa sér stað á þjóðríkjum heims samfara auknum hnattrænum búferlaflutningum, er nokkuð viðamikil umfjöllun um kenningar því tengdu. Reynt var að koma auga á ósýnilegar hindranir sem líklegar væru til að takmarka þátttöku þeirra þar og stuðst við kenningar Pierre Bourdieu um félagslegan vettvang. Rannsóknin er unnin samkvæmt eigindlegri rannsóknaraðferð þar sem gagnasöfnun fer að mestu leyti fram með opnum djúpvíðtölum og vettvangsathugunum. Aðferðafræðin sem notuð er við úrvinnslu gagna byggir á nálgun grundaðrar kenningar.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að sjá megi ýmsar hindranir sem fara saman við hugmyndir Bourdieu um þann þátt sem habitus hvers einstaklings hefur á félagslegan auð hans. Skortur á ákveðinni samfélagslegri þekkingu sem tengist stjórnálalegu landslagi á Íslandi gegnum tíðina ásamt takmörkuðum tungumálsaði veldur því að innflytjendur standa höllum fæti á formlega pólitíska vettvanginum í samanburði við heimamenn. Fyrir atbeina þeirra sjálfra tekst innflytjendum samt sem áður að nýta sér óformlegan pólitískan vettvang til þess að koma hagsmunum sínum á framfæri og fá þá viðurkennda.

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni í meistaranámi í mannfraði frá Háskóla Íslands og er það metið til 30 eininga af náminu. Leiðbeinanda mínum Unni Dís Skaptadóttur þakka ég góða samvinnu og leiðsögn við vinnslu ritgerðarinnar. Styrkur frá Félagsmálaráðuneyti að upphæð kr. 80.000,- kom í góðar þarfir við að greiða kostnað sem fylgdi því að komast á vettvang á Vestfjörðum og Austurlandi til þess að safna gögnum fyrir rannsóknina. Elsa Arnardóttir hjá Fjölmenningasetri reyndist góður haukur í horni fyrir mig á Vestfjörðum við að greiða leiðina að viðmælendum í þeim landsfjórðungi.

Einstök gestrisni Sigfríðar Hallgrímsdóttur og Alberts Óskarssonar gerði mér kleift að safna gögnum fyrir rannsóknina á Vestfjörðum og færi ég þeim góðar þakkir fyrir. Fjölskyldu minni þakka ég ómetanlegan stuðning á erfiðum tímum í vinnsluferlinu. Sérstaklega þakka ég systur minni Kolbrúnu Björnsdóttur fyrir yfirlestur ritgerðarinnar og góðar ábendingar. Foreldrum mínum Birni Björnssyni og Kolbrúnu Sigurbjörnsdóttur þakka ég fjárhagslegan stuðning við gagnasöfnun á Austurlandi og aðstoð við yfirlestur.

Ritgerðin er tileinkuð langafa mínum Birni Björnssyni ljósmyndara frá Norðfirði.

Efnisyfirlit

	bls.
Abstract	2
Ágrip	3
Formáli	4
Efnisyfirlit	5
Inngangur	8
Rannsóknarverkefnið	9
Yfirlit ritgerðar	11
1. Þjóðríki	13
1.1 Afmörkun þjóða	13
Tilurð þjóðríkisins	15
1.2 Þjóðernishyggjan	17
1.3 Íslensk Þjóðernishyggja	21
Samantekt	24
2. Fjölmenningsamfélag	26
2.1 Samlögur eða aðlögun?	26
2.2 Menningarlegur margbreytileiki	30
2.3 Umbreytingatími	35
Þverþjóðleg tengsl	35
2.4 Hnattvæðing og þverþjóðleg tengsl	36
Samantekt	40
3. Þjóðríkið á 21. öld	42
3.1 Ríkisborgararéttur	42
3.2 Hnattræn þjóðríki	45
Samantekt	47

4. Pólítísk þátttaka.....	49
4.1 Hinn félagslegi heimur	49
Bourdieu og habitusinn	50
Bourdieu og félagslegur auður.....	51
Tungumálshabitusinn.....	52
4.2 Íslensk tunga.....	53
4.3 Pólítískur vettvangur	56
4.4 Pólítísk aðlögun í framkvæmd.....	57
4.5 Óformlegi vettvangurinn	61
Samantekt.....	63
5. Aðferðir og framkvæmd	65
5.1 Eigindlegar rannsóknir	65
Aðferðafræði: Grunduð kenning.....	66
Aðferðir: Viðtöl og þátttökuathuganir	67
5.2 Framkvæmd rannsóknar	68
Gagnasöfnun	69
Úrvinnsla gagna og gagnagreining	70
Siðferðilegir þankar	70
6. Ísland í dag.....	72
6.1 Fjölmenningsarsamfélagið Ísland	72
6.2 Aðlögun stjórnvalda	73
Samantekt.....	76
7. Aðgengi.....	77
7.1 Íslenskt samfélag	77
7.2 Innflytjendur	81
7.3 Pólítískur vettvangur	86
7.4 Óformleg pólítík	90
Samantekt.....	92

8. Tungumálið	95
8.1 Málfærni	95
8.2 Íslenskukennsla.....	97
Hindranir	99
Þjónusta eða menntun?	100
Samantekt.....	103
9. Samantekt.....	105
9.1 Umræður.....	105
Lokaorð.....	107
Heimildaskrá.....	108

Inngangur

Ef vísindamenn hafa á réttu að standa að formóðir alls mannkyns sé upprunnin í Afríku þá virðist maðurinn hafa verið á faraldsfæti landa og heimsálfa á milli allt frá upphafi vega. Fólksfæð fyrri alda gerði það að verkum að nægt rými var fyrir hendi og því ekkert tiltökumál að finna óbyggð svæði til að setjast að á án mikilla vandræða. Samhliða aukinni mannfjölgun gegnum aldirnar hafa jafnframt átt sér stað miklar samfélagslegar breytingar sem birtast í því að stór hluti fólks hefur sest að í borgum. Meiri og betri tækni hefur líka gert fólki kleift að ferðast um langan veg á fljótlegan og ódýran máta. Það er því mun auðveldara nú á tímum að taka sig upp og flytja búferlum þangað sem betri lífsgæði er að finna eins og milljónir manna hafa gert síðustu áratugi. Þrátt fyrir að þessi þróun sé eitthvað seinna á ferðinni hér en í mörgum nágrannalöndunum þá hefur Ísland heldur ekki farið varhluta af hnattrænum búferlaflutningum og þeim menningarlega margbreytileika sem þeim fylgir.

Síðustu ár hefur uppsveifla á íslenskum vinnumarkaði gert það að verkum að mun fleiri störf hafa verið í boði en heimamenn hafa geta annað. Því hafa fyrirtæki gripið til þess að ráða fólk erlendis frá til að manna þessi störf. Margir úr þeim hópi koma væntanlega með það í huga að dvelja aðeins tímabundið á Íslandi, en samt eru alltaf einhverjir sem setjast að til frambúðar og gerast íslenskir ríkisborgarar. Á stuttum tíma hefur íslenskt samfélag breyst úr því að vera tiltölulega menningarlega einsleitt yfir í fjölmenningsamfélag sem kallar á breytt viðhorf um „íslensku þjóðina“. Þar er átt við ríkjandi hugmyndir um hvað það sé sem geri Íslendinga að „þjóð“ og hverjir geti tilheyrt henni.

Algennt er að heyra talað um að nýir íbúar verði að aðlagast íslensku samfélagi. Það má samt ekki gleymast að aðlögun er gagnkvæmt ferli og íslenskt samfélag þarf á sama hátt að aðlagast ýmsum þáttum sem fjölmenningslegt

samfélag felur í sér eins og það að heyra íslensku talaða með hreim. Í Evrópulöndum eins og Frakklandi og Þýskalandi og fleiri löndum hafa margir innflytjendur ekki fengið aðgang að samfélaginu til jafns á við innfædda með þeim afleiðingum að þeir hafa einangrast. Með því að útiloka stóran hóp íbúa er hætt á að gjá myndist milli „þeirra“ það er innflytjenda og „okkar“ heimamanna sem getur endað með átökum eins og gerðist í Frakklandi og Þýskalandi árið 2006. Til þess að koma í veg fyrir þess háttar þróun er mikilvægt að nýir íbúar fái aðgengi að öllum sviðum samfélagsins því það ekki nægir að viðurkenna tilvist minnihlutahópa heldur verður líka að gefa þeim hlutdeild í samfélaginu, valdi og pólitískri þátttöku. Þess vegna er mikilvægt að innflytjendur verði sýnilegir á pólitíska vettvanginum á Íslandi. Eins og er hafa fáar rannsóknir verið gerðar hér á landi sem tengjast innflytjendum. Aftur á móti geta Íslendingar sótt í reynslubanka margra landa sem hafa áratuga reynslu af fjölmenningsamfélagi. Reyndar má segja að við stöndum betur að vígi en önnur lönd þar sem þekkingin sem til er vegna rannsókna á hnattrænum búferlaflutningum og samfélögum sem einkennast af menningarlegum margbreytileika vegna þeirra getur, ef vel er að staðið, reynst vegvísir að vel heppnuðu fjölmenningsamfélagi á Íslandi.

Rannsóknarverkefnið

Kveikjan að þessari rannsókn var stutt frétt sem birtist í Fréttablaðinu haustið 2005 um niðurstöður könnunar Fjölmenningsseturs á Ísafirði og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á viðhorfum innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi. Þar kom fram að 70% aðspurðra höfðu áhuga á því að taka þátt í starfi stjórnmalasamtaka eða stjórnmalaflokka. Síðar kom þó á daginn að þetta var ekki alveg rétt þar sem hlutfallið átti við um þá sem hefðu áhuga á að kjósa. Samt sem áður reyndust 25% aðspurðra hafa áhuga á að starfa á vettvangi stjórnmála (Fjölmenningssetur, 2005). Þessar upplýsingar drógu þó ekki úr áhuga á viðfangsefninu því auðvitað á það sama við um útlendinga og Íslendinga þegar kemur að pólitískri þátttöku. Yfirleitt er aðeins lítill hluti landsmanna sem tekur virkan þátt í starfi stjórnmálaflokka eða samtaka.

Um svipað leyti birtust fréttir í fjölmiðlum um uppþot ungra innflytjenda í Frakklandi og Þýskalandi. Ástæða uppþotanna var rakin til þess að þeir teldu sig hafa verið útilokaða frá stærra samfélaginu og stæðu því ekki jafnfætis innfæddum þegar kæmi að möguleikum meðal annars á vinnumarkaði og eins öðrum sviðum samfélagsins. Þessar fréttir vöktu mig til umhugsunar um mögulega þróun á Íslandi ef ekkert verður að gert. Það er ekkert sjálfgefið að nýir íbúar fái aðgengi að öllum sviðum samfélagsins til jafns á við innfædda þó vilji sé fyrir hendi meðal heimamanna. Ýmsar ósýnilegar hindranir geta staðið í veginum en þær sjást ekki nema með því að beina athyglinni að hverju sviði um sig og leita sérstaklega eftir þeim. Ein helsta viðurkenning á hlutdeild innflytjenda til lýðræðislegrar þátttöku í samfélaginu er að veita þeim aðgengi að valdi og pólitískri þátttöku til jafns á við innfædda. Því tel ég mikilvægt að skoða hvernig möguleikum og aðgengi innflytjenda að pólitíska vettvanginum er háttað í íslensku samfélagi.

Í upphafi var lagt upp með það að skoða sýnileika innflytjenda í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum á Vestfjörðum og Austurlandi vorið 2006. Í aðdraganda kosninga til Alþingis vorið 2007 reyndust vera tveir Íslendingar af erlendum uppruna á framboðslistum tveggja stjórnámalflokka. Í ljósi þess var ákveðið að víkka rannsóknina þannig að hún næði líka yfir stjórnámálalegan vettvang á landsvísu. Það segir sitt um sýnileika innflytjenda á pólitíska vettvangnum, að nánast í hvert sinn sem ég hef svarað því til að ég væri að skoða þátttöku innflytjenda í pólitík, þá hafa viðbrögðin verið á sömu lund: „eru þeir nokkuð að taka þátt?“.

Eftir að gagnasöfnun hófst kom í ljós að innflytjendur hafa fleiri valkosti um pólitíska þátttöku en að taka þátt í hefðbundnum stjórnámálum. Hugtakið stjórnámál reyndist því of takmarkað til að ná yfir þessa þátttöku þannig að betur fer á að nota hugtakið pólitískan vettvang en hann getur ýmist verið formlegur eða óformlegur.

Til þess að skoða hvað einkennir athafnir einstaklinga og hópa á formlega pólitíska vettvanginum er stuðst við kenningar Pierre Bourdieu (1991) um félagslegan vettvang (e. *social field*) og „habitus“ ásamt pólitísku umboði (e. *political representation*). Í tengslum við óformlegan pólitískan vettvang er að hluta til stuðst við fyrrnefndar kenningar Bourdieu en einnig við þá hugmynd Engin Isin

(2002) um hvernig maður verður pólitískur (e. *being political*). Í ritgerðinni er hugtakið *integration* þýtt sem aðlögun en í því felst gagnkvæm aðlögun innflytjenda og íslensks samfélags. Til er nýleg þýðing á hugtakinu *integration* sem er samþætting en þar sem nánast allir viðmælendur töluðu um aðlögun var ákveðið að halda þeirri þýðingu.

Yfirlit ritgerðar

Ritgerðin skiptist í þrjá hluta fyrir utan inngang og samantekt. Í inngangi er stuttlega farið yfir breytingar á íslensku samfélagi síðustu árin og rannsóknarefnið kynnt. Fyrsti hlutinn sem nær yfir fjóra fyrstu kaflana tekur á kenningarlegum bakgrunni. Til þess að ná heildarmyndinni á þeim breytingum sem átt hafa sér stað á þjóðríkjum heims samfara auknum hnattrænum búferlaflutningum, er nokkuð viðamikil umfjöllun um kenningar því tengdu. Í fyrsta kaflanum verður hugtakinu þjóðríki gerð skil. Fjallað verður um afmörkun þjóða og tilurð þjóðríkisins ásamt því að lýsa því ferli sem felst í notkun þjóðernishyggjunnar í sköpun þjóða og þjóðríkja. Í lok kaflans verður svo stiklað á stóru um upphaf og þróun íslenskrar þjóðernishyggju. Kafli tvö fjallar um hnattræn áhrif búferlaflutninga milli landa og heimsálfa sem margir telja hafa haft þær afleiðingar að hrikta hefur tekið í stoðum „þjóðríkisins“. Kynntar verða ýmsar kenningar sem félagsvísindamenn hafa sett fram í þeim tilgangi að aðlaga „þjóðríkið“ nýjum fjölmennningarlegum veruleika. Í kafla þrjú verður athyglinni beint að umræðunni um áhrif hnattvæðingar og þverþjóðlegra tengsla á þjóðríki heimsins. Það er einkum tvennt sem er athyglisvert í þessari umræðu. Annars vegar lagaleg tengsl brottfluttra við hvort tveggja heimaland og búsetuland. Þessi tengsl skipta öllu máli fyrir innflytjendur til að öðlast full pólitísk, félagsleg og efnahagsleg réttindi en þau fást eingöngu með ríkisborgararéttinum. Hins vegar er það ört vaxandi pólitísk virkni „heimalanda“ meðal innflytjenda í dag. Fjórði kafli tekur á pólitískri þátttöku þar sem stuðst er við hugmyndir Pierre Bourdieu um hinn félagslega heim með áherslu á hugtök hans habitus og félagslegan auð. Kenningu hans um pólitískt umboð er gerð skil en einnig fjallað um rannsóknir nokkurra fræðimanna á pólitískri aðlögun innflytjenda

og óhefðbundinni pólitískri þátttöku þeirra. Vegna þess mikilvægis sem tungumálið hefur í þjóðernishugmyndum Íslendinga er sérstök umfjöllun um íslenska tungu í þessum kafla.

Annar hluti ritgerðarinnar snýr að aðferðafræðilegum þáttum rannsóknarinnar. Rannsóknaraðferðin sem notuð er verður kynnt í fimmta kafla ásamt því að gera skil þeirri aðferðafræði sem lögð er til grundvallar. Farið er yfir það ferli sem átti sér stað við framkvæmd rannsóknar og velt upp nokkrum siðferðislegum þönkum varðandi tengsl rannsakanda við rannsóknina.

Þriðji hlutinn fjallar um niðurstöður rannsóknarinnar sem settar eru fram í síðustu þremur köflunum. Litið er yfir fjölmeningarsamfélagið Ísland í sjötta kafla og skoðað hvernig íslenskum stjórnvöldum hefur gengið að aðlagast auknum menningarlegum margbreytileika. Sjöundi kafla tekur á því hvernig aðgengi innflytjenda að íslensku samfélagi er háttáð ásamt því að skoða hvernig íslenskum stjórnámálamönnum gengur að virkja innflytjendur á pólitíska vettvangnum. Í kjölfarið heyrast raddir innflytjenda um hvaða möguleika þeir telja sig hafa á hefðbundna pólitíska vettvanginum. Í lok kaflans er sýnt hvernig óformlegi pólitíski vettvangurinn er nýttur fyrir atbeina innflytjenda til þess að koma hagsmunum sínum á framfæri í íslensku samfélagi. Við greiningu á rannsóknargögnum kom fljótlega í ljós að tungumálið er sem rauður þráður í öllum vettvangsnótum. Það fær því sérstaka umfjöllun í kafla átta þar sem fjallað verður um þá tvo helstu þætti sem fram komu við greiningu gagnanna. Í fyrsta lagi er mikilvægi góðrar málfærni á hefðbundna pólitíska vettvanginum gerð skil og í framhaldi af því kannað hvernig fyrirkomulag og aðgengi að íslenskukennslu er háttáð.

Ritgerðinni lýkur svo með samantekt og umræðum í níunda og síðasta kafla. Þar verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar í tengslum við þær kenningar sem stuðst var við.

1. kafli Þjóðríki

Í þessum kafla verður hugtakinu þjóðríki gerð skil. Fjallað verður um afmörkun þjóða og tilurð þjóðríkisins ásamt því að lýsa því ferli sem felst í notkun þjóðernishyggjunnar í sköpun þjóða og þjóðríkja. Í lok kaflans verður svo stiklað á stóru um upphaf og þróun íslenskrar þjóðernishyggju.

1.1 Afmörkun þjóða

„Heimur minnkandi fer vegna hnattvæðingarinnar“! Síðasta áratug hefur þessi sýn birst æ oftar í almennri umræðu, hjá fjölmiðlum og stjórnámálamönnum. Þar er lögð áhersla á að samskipti milli landa og heimsálfa séu orðin meiri og auðveldari en þau voru áður fyrr. Ekki eru þó allir sammála þessari sýn og ýmsir fræðimenn hafa bent á að samskipti og flutningar milli heimsálfa hafi alltaf verið til staðar (Foner, 1997; Alba og Nee, 1997; Wimmer og Glick Schiller, 2002). Aftur á móti eru búferlaflutningar og samskipti fólks ólík því sem áður var að því leyti, að í dag gera lággjaldaflugfélög fólki kleift að ferðast ódýrt á milli landa. Þannig er nú mun auðveldara að fara í frí til heimalandsins eða fá ættingja og vini í heimsókn. Eins hefur Netid „stytt“ fjarlægð milli fólks með notkun samskiptaforrita eins og MSN eða Skype þar sem fólk getur talað saman „í beinni“ með vefmyndavél.

Í dag hafa alþjóðlegir samningar eins og Schengen ¹ auðvelað fólki að ferðast og vinna innan stærra svæðis þar sem innri landamæri hafa verið „opnuð“

¹ Frá 25. mars 2001 hefur Ísland verið þátttakandi í samstarfi sem kennt er við Schengen. Samvinna þessi byggir á samningi sem upphaflega var undirritaður í bænum Schengen í Luxembourg þann 14. júní 1985 og hafði það markmið að fella niður eftirlit með ferðum manna yfir sameiginleg landamæri Belgíu, Frakklands, Hollands, Lúxemborgar og Þýskalands. Á sama tíma og eftirlit yrði fellt niður innan svæðisins skyldi eftirlitið styrkt gagnvart öðrum ríkjum. Í dag hafa fleiri lönd bæst við Schengen samstarfið og fullgild aðildarlönd nú 24 talsins en að auki hafa sjö lönd til viðbótar einhverja aðild. (<http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/schengen/nr/9>; <http://www.domsmalaraduneyti.is/frettatilkynningar/nr/6373>).

fyrir ríkisborgara aðildarlanda Schengen. Aftur á móti felst í þeim sama samningi að eftirlit hefur verið hert með ytri landamærum Schengen svæðisins. Það hefur í för með sér að erfiðara er fyrir þá sem búa utan þess að flytja þangað. Nærtækasta dæmið um það er að nú er nánast ómögulegt fyrir fólk utan Schengen að fá atvinnu- eða dvalarleyfi hér á landi. Að auki höfðu árásirnar á tvíburaturnana í New York 11. september 2001 þau áhrif að um allan heim var eftirlit hert til muna bæði með þeim sem fara á milli landa og í sumum löndum jafnframt þeim sem eru að ferðast innanlands, ekki síst á flugvöllum.

Þrátt fyrir auðveldara aðgengi og ýmis sameiginleg réttindi innan t.d. ESB og Schengen þá er þjóðríkið enn í dag talið eðlilegasta stjórnareiningin. Tilhneiging hefur verið að tala eins og það hafi alltaf verið til, en í rauninni er það ekki svo gamalt fyrirbæri (Eriksen, 2002: 100). Fræðimenn eru yfirleitt sammála um að þjóðríkið sé pólitísk hugsmíð. Skiptar skoðanir eru samt á því hvernig það varð til, hvaða aðstæður hafi gert það að verkum að fólk byrjaði að skilgreina sig sem sérstakan hóp sem ætti rétt á því að „tilheyra“ ákveðnu afmörkuðu yfirráðasvæði. Hér á eftir verður fjallað um tilurð nútíma þjóðríkja út frá hugmyndum félagsvísindamanna og hvaða hlutverki hugmyndafræði þjóðernishyggjunnar gegndi í þeirri sköpun.

Tilurð þjóðríkisins

Í kjölfarið á þeim umfangsmiklu samfélagslegu breytingum sem áttu sér stað samfara iðnbyltingunni sem hófst í Bretlandi í lok 18. aldar og byrjun 19. aldar komu fram á sjónarsviðið hugmyndir um sérstaklega afmörkuð og skilgreind þjóðríki. Ernst Gellner (1994) heldur því fram að það hafi orðið til þess að í stað þess að skilgreina sig út frá ákveðnum heimahéruðum eða fjölskyldutengslum voru mörk skilgreiningarrammans víkkuð yfir í ákveðið þjóðríki þar sem ein „þjóð“ byggði. Það gerðist þó ekki á „einni nóttu“ frekar en umskipti Íslendinga til kristni heldur átti sér stað ákveðið ferli sem með tímanum leiddi til þeirrar hugsunar sem í dag er enn ríkjandi, að þjóðin sé náttúrusprottið fyrirbæri.

Menn hefur almennt ekki greint á um það sem Benedict Anderson (1991) kallar „ímyndað samfélag“ það er, að samfélag sé félagslega búið til. Samt sem áður hefur verið tilhneiging hjá mörgum fræðimönnum að sjá myndun þjóðríkja sem nauðsynlega og eðlilega afleiðingu iðnvæðingar samfélaga. Til dæmis heldur Ernst Gellner (1994) því fram að vegna nýs forms félagslegs skipulags hafi hugmyndafræði þjóðernishyggju orðið til. Hann segir áður fyrr hafa verið algengara að menn héldu sig í sinni sveit og sinnt smábúskap eða unnið fyrir efnaðri bændur. Með iðnvæðingunni og aukinni þörf fyrir vinnuafli skapaðist ákveðinn hreyfanleiki á fólki sem kallaði á nýjar aðferðir við að stjórna því. Hann telur þjóðernishyggju og hugmyndafræði hennar vera þetta nýja stjórnþæki þar sem fólki var fundinn staður innan ákveðins ramma sem stóð fyrir ákveðna þjóð. Ástæðan fyrir því að fólk samþykkti að skilgreina sig innan þessara „þjóðaramma“ er samkvæmt Gellner sú að hugmyndafræði þjóðernishyggjunnar felur í sér útskýringu og réttlætningu á tilvist þjóða þar sem þjóðin er álitin sjálfögð og eðlileg (Gellner, 1994: 63).

Í hugmyndum Gellners stendur hreyfanleikinn uppi sem áhrifaþáttur í því að þjóðernishyggjan varð til. Samt virðist sá hreyfanleiki sem hann talar um, fyrst og fremst hafa átt við flutning frá dreifbýli til þéttbýlis, þ.e.a.s. að hann hafi átt sér stað innan tiltölulega afmarkaðs svæðis. Andreas Wimmer og Nina Glick Schiller (2002) hafa gagnrýnt félagsvísindamenn fyrir það sem þau kalla aðferðafræðilega

þjóðernishyggju (e. *methodologic nationalism*). Hún hafi gert að verkum, að litið var framhjá þverþjóðlegum (e. *transnational*) tengslum sem hafi samt alltaf verið til staðar í heiminum. Þau halda því fram að fyrri tíma kenningar um þjóðríkjamyndanir hafi litast af eins konar „þjóðernisblindu“ vegna þess að öflin í félagslega heiminum hafi mótað sýn félagsvísindamanna. Þessi blindu hafi gert þverþjóðlega þjóðernishyggju ósýnilega í ferlinu sem átti sér stað við myndun þjóðríkja. Í dag sé því litið svo á að hún sé eitthvað nýtt fyrirbæri sem orðið hafi til vegna hnattvæðingar síðustu áratuga (Wimmer og Glick Schiller, 2002: 302).

Þau kenna að hluta til félagsvísindunum um að hugtök um „etník“ eða „kynþætti“ hafi tekið við af „borgara“ hugmyndinni eftir að Afríka var orðin bitbein Evrópulanda í baráttunni um nýlendur. Þar hafi aðferðafræðileg þjóðernishyggja haft þau áhrif að mannfræðingar hafi flestir gert ráð fyrir að menningar sem rannsaka átti væru bæði einsleitar og stöðugar innan ákveðinna svæða. Akhil Gupta og James Ferguson (1997) taka í sama streng þegar þeir segja bæði mannfræðilega og þjóðernislega eðlishyggju hafa sýnt tengsl fólks og svæða sem eitthvað stöðugt og sterkt, en í raun séu þau bæði umdeild, óviss og síbreytileg. Eins og Wimmer og Glick Schiller gagnrýna þeir þá sýn mannfræðinnar að hafa litið á tengsl ættflokka eða fólks við sitt yfirráðasvæði (e. *territory*), sem eitthvað gefið eða náttúrulegt. Þeir segja þessa sýn hafa flust yfir á tengsl ríkisborgara í þjóðríkjum við ákveðið landsvæði sem tilheyri hverju þjóðríki. Þannig sé skólabörnum kennd einföld og villandi viðhorf samkvæmt hefðbundnu heimskorti þjóðríkja, að Frakkland sé þar sem Frakkar búi, Ísland þar sem Íslendingar búi o.s.frv. sem hafi það í för með sér að nauðsynlegt þyki að skilgreina hverjir séu „ekta“ Frakkar, Íslendingar o.s.frv. (Ferguson og Gupta, 1997: 40).

Wimmer og Glick Schiller segja samt óumdeilanlegt að á tímabilinu frá árinu 1870 til fyrri heimsstyrjaldarinnar, hafi verið mikið vaxtarskeið bæði iðnaðarþróunar og þjóðríkjamyndana með mikilli eftirspurn eftir vinnuafli. Á þeim tíma hafi iðnaðarþróun bæði Evrópu og Bandaríkjanna teygst anga sína til ríkja eins og Mexíkó, Brasilíu, Kína, Japan, Rússlands og Tyrklands og með því komið af stað öflugum tímabili hnattvæðingar. Öfugt við það sem á sér stað í dag þá tóku ný iðnvædd ríki yfirleitt opnum örmum á móti öllu þessu vinnuafli án mikilla

takmarkana. Þegar harðnaði á dalnum sneru menn síðan aftur til síns heima eða fóru eitthvað annað þar sem von var um vinnu. Wimmer og Glick Schiller segja þá staðreynd að farandverkamenn komu og fóru, hafi viðhaldið átthagaböndum þeirra, þeir hafi sent peninga heim til þess að kaupa land og stutt sín heimasvæði með fjárframlögum (Wimmer og Glick Schiller, 2002: 313).

Að viðhalda átthagaböndum í byrjun 20. aldar þýddi ekki endilega að fólk héldi tengslum við ákveðið þjóðríki því margir innflytjendur eins og Ítalir höfðu ekki einhverja nútíma „þjóðernis sjálfsmynd“ því að á þeim tíma var Ítalía í miðjum klíðum að byggja upp þjóðernisímynd sína. Mun líklegar var að þessi tengsl ættu við um þær borgir eða héruð sem þeir komu frá. Að sjálfsögðu lágu líka ýmsar aðrar ástæður en efnahagslegar að baki búferlaflutningum fólks. Eins og Nancy Foner (1997) bendir á þá höfðu „þeir sem fluttu af pólitískum ástæðum eins og rússneskir Gyðingar yfirleitt engan áhuga á að snúa til baka eða yfir höfuð að halda tengslum við það kúgunarríki sem þeir yfirgáfu“ (Foner, 1997: 365).

Eins og sést þá eru fræðimenn ekki í vafa um að þjóðríkið sé það sem Anderson kallaði „ímyndað samfélag“ og að hreyfanleiki fólks eigi sinn þátt í sköpun þess. Aftur á móti eru þeir ekki á einu máli um hvort sá hreyfanleiki hafi átt sér stað innan tiltölulega afmarkaðs svæðis eða landa og heimshluta á milli. Hvort heldur er, þá eru menn samt sem áður nokkuð sama sinnis um þátt hugmyndafræði þjóðernishyggjunnar við að búa til þjóðir sem gerðu tilkall til eigin yfirráðasvæðis þ.e. þjóðríkisins.

1.2 Þjóðernishyggjan

Upphaf hugmyndafræði þjóðernishyggjunnar má rekja til frönsku byltingarinnar en vegna nýrrar prenttækni breiddist boðskapur hennar út til nærliggjandi landa og með tímanum um allan heim. Það reyndist þó misjafnt eftir löndum hvernig þessi hugmyndafræði þróaðist. Michael Ignatieff (1993) telur að í Frakklandi hafi áherslan verið á borgaralegt þjóðarhugtak sem hafi aðallega birst í sýninni um jafnræðissamfélag borgaranna. Samkvæmt þeim hugmyndum verður sameiningartákn þegnanna sameiginlegt landsvæði, lagaleg réttindi og menning sem

gerir það að verkum að einstaklingur geti valið hvaða þjóð hann tilheyrir. Aftur á móti hafi meira verið lagt upp úr óhlutstæðri rómantíseraðri ímynd þýsku þjóðarinnar eða *Das Volk*. Þar var *Volk* séð sem eitthvað einfalt, hreint og óspjallað eða algjör andstæða við einstaklingshyggju Frakka. Hann segir að í stað þess að skilgreina Þjóðverja eftir því hvað sameinaði þá hafi hugmyndafræðin frekar verið sú að skipta heiminum í Þjóðverja og útlendinga það er að segja andstæðunni við að vera þýskur. Guðmundur Hálfðanarson (2001) segir að í grófum dráttum eigi þýsk þjóðernisstefna upphaf sitt í þeirri hugmynd heimspekingsins Johanns Gottfrieds Herder (1744 – 1903) að þjóðerni myndist fyrir stöðugt samspil manns og náttúru en kenningar hans um þjóðmenningu og þjóðríki urðu ofan á í þjóðernissköpun flestra ríkja í Evrópu. Herder hélt því fram að sérhver menningarhópur ætti sér sérstakar hefðir sem mótuðust af aldalangri sögu hans og flyttust frá kynslóð til kynslóðar með tungumálinu og þjóðlegri menningu alþýðunnar (Guðmundur Hálfðanarson, 2001: 18-19). Samkvæmt þessari stefnu er litið á þjóðina sem ímyndaða stórfjölskyldu tengda náttúrulegum „lífrænum“ böndum, sem gerir það að verkum að ekki er hægt að velja þjóðerni. Þrátt fyrir mismunandi áherslur þá eru grundvallarþættir þjóðernishyggjunnar samt sem áður þeir sömu alls staðar.

Eins og minnst var á hér fyrr var almennt litið svo á, að þjóðerni hafi ekki verið búið til heldur talið eðlilegt eða náttúrulegt. Etienne Balibar (1996) bendir á að sagan sýni að það séu einkum tvær ólíkar leiðir við að búa til þjóðerni það er tungumál og kynþáttur. Hann segir þetta tvennt oftast vinna saman því þannig sé mögulegt að sjá fólk sem algjöra sjálfstæða einingu. Hvort tveggja feli í sér hugmynd um þjóðareinkenni fólks sem eitthvað eðlislægt. Hann heldur því fram að tungumál tengi einstaklinga við einhvern ákveðinn uppruna og að skólinn sé helsta stofnunin sem geri þjóðerni að einu tungumálasamfélagi. Með því að tala um móðurmál sé verið að vísa í sameiginlegan uppruna og hugmyndir um skyldleika einstaklinga sem flytjist á milli kynslóða og það feli í sér bæði líffræðilegan og andlegan skyldleika. Að hans sögn verður hugmyndin til um samfélag sem byggist á sama kynþætti, þegar mörk ættarhópsins hverfa milli nágrannasamfélaga og litið er á þjóðina sem eina stóra fjölskyldu (Balibar, 1996: 165-168).

Í dag er almenna skynjunin að þjóðtungur og menningar séu náttúrusprottnar. Það hefur ekki alltaf verið svo því eins og Anderson (1994) bendir á var í fyrri tíma ríkjum ekki gerð krafa um að fólk talaði sama tungumál eða hefði sameiginlega menningu. Hins vegar jókst útgáfa á prentuðu máli til muna með tilkomu nýrrar og ódýrari prenttækni. Til þess að auðvelda prentun og gera hana ódýrari, var ritmál staðlað og með tilkomu miðstýrðs menntakerfis varð tungumálið opinbert tungumál sem allir lærðu. Stöðlun tungumálsins leiddi því til ímyndunarinnar um gamalt tungumál (Anderson, 1994: 89-95). Sameiginlegt tungumál var þó engan veginn nóg til þess að styrkja samstöðu og tilfinninguna um að vera hluti af einni heild. Til þess að auka á tilfinninguna um sameiginlegan uppruna varð mikilvægt að finna forfeður, sem allir gætu samsamað sig við. Það er nú einu sinni svo að menn vilja yfirleitt heldur vera komnir af „prestum og biskupum“ en ótíndum sauðahjófum og öðru glæpahyski. Lagst var yfir gamlar munnmælasögur og ljóð í leit að hentugum forfeðrum og talar Gellner (1994) um að ósjaldan hafi það verið stríðshetjur fyrri alda sem dregnar voru þaðan fram í dagsljósið.

Hefðir og tákn sem öll þjóðin getur horft til og samsamað sig við er eitt af einkennum þjóðernishyggjunnar því þau vekja upp tilfinningu um að verið sé að vísa í gamla menningu. Eric Hobsbawm (1994) heldur því fram að á nítjándu öld hafi einkum þrjár nýjungar verið mikilvægar í tilbúningi hefða í Evrópu. Í fyrsta lagi telur hann miðstýrt menntakerfi innblásið af hugmyndum frönsku byltingarinnar, hafa átt þátt í að festa eina ákveðna mállýsku í sessi sem þjóðtungu. Í öðru lagi að opinberar athafnir eins og þjóðhátíðardagar, hafi styrkt vitund fólks um að vera ein þjóð. Að síðustu hafi fjöldaframleiðsla opinberra minnismerkja, vísað í fornar hetjur sem fólk gat samsamað sig við, vegna þess að þær voru kynntar sem þjóðhetjur af sama uppruna og aðrir íbúar þjóðarinnar (Hobsbawm, 1994: 79-82). Eitt sterkasta tákn hveðrar þjóðar er örugglega þjóðfáninn en minnismerki eins og Sigurboginn í París, þjóðhátíðardagar eins og 17. júní og stytur af hetjum eins og Leifi „okkar“ Eiríkssyni eru líka tákn sem notuð eru til að sameina fólk í hugmyndinni um eina þjóð. Til að styrkja enn frekar tilfinningu fólks um að tilheyra ákveðinni þjóð er vísað sameiginlega menningu sem geri þjóðina sérstaka.

Vissulega geta ýmsir menningarþættir verið mjög gamlir en hugmyndin um að þeir séu menningarlegt sérstæði ákveðinnar þjóðar er nýleg. Eriksen bendir á að á nítjándu öld hafi menntamenn í þéttbýli litið svo á að „gamla“ menningu væri að finna í dreifbýlinu, því hafi verið leitað þangað og ýmsir menningarlegir þættir valdir út eins og tónlist, dans og klæðnaður frá ákveðnum svæðum. Þessir þættir voru síðan settir fram sem eitthvað gamalt og ekta til þess að sýna fram á menningarlegt sérstæði þjóðarinnar allrar (Eriksen, 2002: 101).

Samkvæmt þessu þá er þjóðernishyggja í stuttu máli, tæki til þess að búa til sjálfsmynd hópa. Tæki til að einstaklingar innan hópsins fái þá tilfinningu að „við“ séum öll eins, stöðugur hópur með sameiginlega og sérstæða menningu, tölum sama tungumál og eigum sömu forfeður. Til þess að fá fram þessa einsleitni veljum við okkur forfeður, drögum fram atburði og hetjur sem passa okkur og gleymum hinu. „Hinir“ sem ekki tilheyra okkar hóp, hafa aðra menningu og geta því verið „hættulegir“ vegna þess að þeim fylgir óstöðugleiki. Eins og David Sibley heldur fram „þá er mýtan um menningarlega einsleitni nauðsynleg til þess að viðhalda þjóðríkinu og til þess að tryggja stuðning við innan- og utanríkisstefnur sem framfylgt er í nafni þjóðarinnar“ (Sibley, 1995: 110).

Þjóðernishyggjan birtist þó oft öðru vísi utan Evrópu þar sem hún kom fram í annars konar samfélögum og á öðrum tíma. Eriksen (2002) bendir á að í seinni tíma þjóðríkjum í Asíu og Afríku hafi t.d. ekki tekist að skapa jafn mikla einsleitni og sköpuð var í þjóðríkjum Vestur Evrópu. Þar er hluti af sjálfsmynd margra þjóðríkja að þau eru margmenningarleg og því hafa þau þurft að finna nýjar leiðir til að skilgreina þjóðríki sem viðurkennir ákveðin menningarlegan margbreytileika. Í stað þess að byggja á hugmyndum um menningarlega einsleitni varð að finna sameiningartákn, sem oft á tíðum tengdust baráttu gegn fyrrum nýlenduherrum. Þannig náði saga sameiginlegrar sjálfstæðisbaráttu að mynda þá pólitísku einingu sem til þurfti, svo fólk samþykkti að skilgreina sig innan ákveðins þjóðarramma (Eriksen, 2002: 118).

Það skiptir ekki öllu máli hvort þjóðernishyggjan byggir á menningarlegri einsleitni eða menningarlegum margbreytileika. Samt sem áður hefur verið ætlast til þess að hver einstaklingur „tilheyri“ einhverju ákveðnu þjóðríki og haldi sig innan

ramma þess. Þannig helst röð og regla sem er viðhaldið bæði með beinni og óbeinni stjórnun eins og t.d. vegabréfum, þjóðkirkju og stefnum ríkisstjórna í málefnum innflytjenda.

1.3 Íslensk þjóðernishyggja

Að Ísland er eyja gerir aðstæður frá náttúrunnar hendi þannig að tiltölulega auðvelt var sjá fyrir sér mörk þjóðríkisins og réttlæta þar með tilvist þeirra sem þar bjuggu sem einnar þjóðar. Enda voru þau rök notuð strax í upphafi, þar sem hugmyndir Herders um samspil manns og náttúru endurómuðu hátt í orðræðu þeirra sem kröfðust sjálfstæðis Íslendinga. Sigríður Matthíasdóttir (2003) segir að líklega megi rekja ástæðu þess að menn völdu þessa gerð þjóðernisstefnu hér á landi til þess, að íslenskir menntamenn fóru flestir í nám til Danmerkur. Því hafi hugmyndir þeirra lítast af danskri þjóðernisstefnu sem var undir þýskum áhrifum.

Í upphafi 20. aldar hélt Jón Jónsson Aðils vinsæla alþýðufyrirlestra í Reykjavík sem Sigríður segir hafa haft afgerandi áhrif á þjóðernislega sjálfsmynd og sögusýn Íslendinga. Þar hafi hann haldið á lofti tveimur þáttum sem skipti meginmáli í íslenskum þjóðernishugmyndum á 20. öld. Annars vegar að skilgreina þjóðina á grundvelli tungumálsins sem lífræna heild eða persónu með sameiginlega hagsmuni og sameiginlega sjálfsmynd. Hins vegar að gera goðsögnina um hina þjóðlegu gullöld (930 – 1262) að helstu fyrirmynd þjóðríkis nútímans. Hún segir viðtökur við alþýðufyrirlestrunum hafa verið góðar og samstillt átak hafi myndast í að breiða þessar kenningar út eins og sjáist í því að ríkisvald og skólar hafi stutt þessar hugmyndir (Sigríður Matthíasdóttir, 2003: 121).

Sú ofuráhersla sem Herder lagði á tungumálið í tengslum við þjóðerni hlaut góðan hljómgrunn meðal boðbera þjóðernisstefnunnar hér á landi og allt frá upphafi sjálfstæðisbaráttunnar lögðu menn mikla áherslu á mikilvægi tungumálsins fyrir íslenska þjóðernisvitund. Gísli Pálsson (1989) heldur því fram að þessar hugmyndir hafi mótað viðhorf Íslendinga til tungumálsins á þann hátt að „Íslendingar líta á íslenskuna sem lifandi veru“ (Gísli Pálsson, 1989: 123). Þetta viðhorf er svo fastgreipt orðið í hugum fólks að segja má að búið sé að hlutgera og

blætisgera hana sem „fjöregg“ þjóðarinnar. Stjórnámálamönnum og fleirum hefur t.d. verið tamt á tyllidögum þjóðarinnar að grípa til orðræðunnar um að mikilvægt sé að vernda „hreinleika“ íslenskunnar. Hún hefur meira að segja fengið sinn dag á almanakinu, þar sem henni er hampað og fólk varað við afleiðingum þess að glutra henni niður. Í leiðara Morgunblaðsins á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2005 var m.a. hvatt til þess að laga verndarstefnu tungumálsins að alþjóðavæðingunni því öll okkar arfleifð væri í húfi. Ef við glötuðum tungumálinu gætum við jafnframt glatað pólitísku sjálfræði.

Ein helstu rök Herder fyrir mikilvægi tungumálsins voru samkvæmt Guðmundi Hálfðanarsyni þau að tungumálið endurspegli náttúrulegar aðstæður mannlegra samfélaga, af því þau breytist og þróist í stöðugri glímu mannskepnunnar við umhverfið (Guðmundur Hálfðanarson, 2001: 19). Þessar hugmyndir féllu vel að málflutningi þeirra íslensku menntamanna sem mótuðu arfbótasinnaða þjóðernishyggju landsmanna á fyrri hluta 20. aldar. Unnur Karlsdóttir segir þá hafa litið svo á að það væri ekki aðeins búseta í landinu og sameiginleg menning og tunga sem gerði menn íslenska, það væri líka sjálft kynið (Unnur Karlsdóttir, 2003: 188). Það voru hinar sér íslensku aðstæður með harðindum og drepsóttum á öldum áður. Auk þess voru það náttúrulega úrvalsmenn sem komu hér upprunalega, miklir bardagamenn og hetjur sem eru sagðar hafa mótað Íslendinginn svo úr varð „úrvalskyn“ eins og Guðmundur Finnbogason hélt fram í grein sinni „Mannkynbætur“ árið 1922 (Guðmundur Finnbogason, 1922: 202).

Hugmyndir íslenskra arfbótasinna hafa verið furðu lífseigar eins og Unnur Karlsdóttir bendir á þegar hún segir „maður getur ekki orðið íslenskur, maður fæðist íslenskur“. Það ræður hún af því að almennt er gerður greinarmunur á því að vera *Íslendingur* eða *íslenskur ríkisborgari* þegar um er að ræða fólk af erlendum uppruna (Unnur Karlsdóttir, 2003: 183, 194). Fjölmíðlar ýta líka undir þessar hugmyndir því ósjaldan heyrast í fréttum talað um Íslending af erlendu bergi brotinn. Það er svo misjafnt hversu erlent þetta berg er því sjaldan eða aldrei heyrast talað um einhvern af norsku eða dönsku bergi brotinn. Þannig að Íslendingar virðast nota sömu skilgreiningu um nágrannaþjóðir okkar um tengsl milli etnísks uppruna

og tilkalls til þjóðríkis. Annað væri ekki hægt fyrst við rekjum uppruna okkar að miklu leyti til Norðmanna.

Í grein Sigríðar (2003) „Þjóðerni og Karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar“ kemur hún inn á ákveðnar þversagnir innan þjóðernishugmyndafræðinnar. Hún segir að þrátt fyrir að lögð hafi verið áhersla á heildina og samband þjóðarinnar allrar, þá sé einnig almenn niðurstaða þjóðernisrannsókna að hin þjóðlega sjálfsmynd útiloki stóra hópa innan þjóðarinnar. Í ljósi þeirra rannsókna heldur Sigríður því fram að „hið íslenska sjálf“ sem „vaknaði af dvala“ á tímum þjóðernisvakningarinnar á 19. og 20. öld hafi í ríkum mæli verið karlmannlegt sjálf eða andstæða kvenlegrar sjálfsmyndar (Sigríður Matthíasdóttir, 2003: 123).

Þessu til stuðnings bendir Sigríður á að þeir eiginleikar sem þjóðernissinnar hafi talið einkenna íslensku þjóðina og erfst frá landnámsmönnum s.s. styrkur og stefnufesta, andlegt atgervi, skynsemi og rökvísi, séu meðal þeirra þátta sem kynjafræðingar telji dæmigerða fyrir karlmennskuímyndir nútímans. Aftur á móti hafi verið augljóst að þessir eiginleikar hafi engan veginn verið taldir sjálfsagðir hjá íslenskum konum eins og berlega hafi komið í ljós í umræðum í byrjun 20. aldar um borgaraleg réttindi kvenna (ibid). En þrátt fyrir að íslenskum konum hafi verið eignaðir eiginleikar sem voru í andstöðu við þetta „sanna eðli“ þjóðarinnar eða karlanna, þá varð það konan sem gerð var að táknmynd þjóðarinnar í gervi íslensku fjallkonunnar. Kristín Loftsdóttir (2005) og Inga Dóra Björnsdóttir (1994) halda því fram að ein afleiðing þess að konur standi oft sem táknmynd þjóðar eða samfélags, sé að líkamar kvenna hafi verið mikilvægur þáttur í yferráðum og valdabaráttu ólíkra hópa. Því hafi karlmenn sýnt vald sitt og yferráð á táknrænan hátt yfir menningu og þjóðum í gegnum líkama kvenna.

Það er nokkuð ljóst að enn lifa góðu lífi á Íslandi mikilvægir þættir úr hugmyndafræði þjóðernishyggjunnar. Sá sess sem íslenskri tungu hefur verið gefinn sem „fjöregg“ íslensku þjóðarinnar og að flestum Íslendingum finnist, sem að þeim sé þjóðernið í blóð borið, gerir þeim sem flytja til landsins erfitt um vik að verða hluti af íslensku „þjóðinni“. Þrátt fyrir að geta fengið íslenskt ríkisfang er nánast ómögulegt fyrir þá að verða „sannir“ Íslendingar. Því er hætt við því að erfitt verið

fyrir íslenskt samfélag að losna úr viðjum skiptingarinnar „við“ (Íslendingar) og „hinir“ (af erlendu bergi brotnir).

Samantekt

Í þessum fyrsta kafla var þjóðríkið og hugmyndafræði þjóðernishyggjunnar til umfjöllunar. Hugmyndir um sérstaklega afmörkuð og skilgreind þjóðríki fóru að koma fram á 18. og 19. öld vegna umfangsmikilla samfélagsbreyting. Með því að flokka fólk eftir þjóðerni reyndist auðveldara að koma á því skipulagi og stjórn sem þurfa þótti. Fræðimenn eru sammála um að þjóðríkið sé það sem Anderson kallaði „ímyndað samfélag“ og að þar skipti hreyfanleiki fólks máli sem ástæða fyrir því ferli sem leiddi til þessarar þróunar. Aftur á móti er ekki einhugur um hvort sá hreyfanleiki hafi átt sér stað innan tiltölulega afmarkaðs svæðis eða landa og heimshluta á milli. Hvort heldur, er þá eru menn samt sem áður nokkuð sama sinnis um þátt hugmyndafræði þjóðernishyggjunnar við að búa til þjóðir sem gerðu tilkall til eigin yfirráðasvæðis þ.e. þjóðríkisins.

Þá tilfinningu fólks að þjóðin sé náttúrusprottin og eðlileg má rekja til þeirrar hugmyndafræði þjóðernishyggjunnar sem byggir á hugmyndum Herders, en kenningar hans um þjóðmenningu og þjóðríki urðu ofan á í þjóðernissköpun flestra ríkja í Evrópu. Þessi meiddur þjóðernishyggjunnar miðar að því að einstaklingar innan hópsins fái þá tilfinningu að „Við“ séum öll eins, stöðugur hópur með sameiginlega og sérstæða menningu, tölum sama tungumál og eigum sömu forfeður. Til þess að fá fram þessa einsleitni veljum við okkur forfeður, drögum fram atburði og hetjur sem passa okkur og gleymum hinu. „Hinir“ sem ekki tilheyrja okkar hóp hafa aðra menningu og geta því verið „hættulegir“ vegna þess að þeim fylgir óstöðugleiki. Það skiptir ekki öllu máli hvort þjóðernishyggjan byggir á menningarlegri einsleitni eða menningarlegum margbreytileika. Samt sem áður hefur verið ætlast til þess að hver einstaklingur „tilheyrir“ einhverju ákveðnu þjóðríki og haldi sig innan ramma þess. Þannig helst röð og regla sem er viðhaldið bæði með beinni og óbeinni stjórnun.

Þegar upphaf og þróun íslenskrar þjóðernisstefnu er skoðuð má sjá að hugmyndir Herders hafa fallið í góðan jarðveg. Svo góðan að enn blómstra hér á landi mikilvægir þættir úr hugmyndafræði þjóðernishyggjunnar. Sá sess sem íslenskri tungu hefur verið gefinn sem „fjöregg“ íslensku þjóðarinnar og að flestum Íslendingum finnist, að þeim sé þjóðernið í blóð borið, gerir þeim sem flytja til landsins því erfitt um vik að verða hluti af íslensku „þjóðinni“. Þrátt fyrir að geta fengið íslenskt ríkisfang er nánast ómögulegt fyrir þá að verða „sannir“ Íslendingar. Það er því hætt við að sá menningarlegi margbreytileiki, sem einkennir íslenskt samfélag í dag fari illa saman við gamla þjóðríkjamódelið.

2. kafli Fjölmenningsarsamfélag

Í þessum kafla verður fjallað um hnattræn áhrif búferlaflutninga milli landa og heimsálfa sem margir telja hafa haft þær afleiðingar að hrikta hefur tekið í stoðum „þjóðríkisins“. Kynntar verða ýmsar kenningar sem félagsvísindamenn hafa sett fram í þeim tilgangi að aðlaga „þjóðríkið“ nýjum fjölmenningslegum veruleika.

2.1 Samlögun eða aðlögun?

Íslendingar þekkja almennt vel þann hluta „þjóðarsögunnar“ þegar stór hópur fólks tók sig upp og flutti búferlum til Vesturheims í lok 19. aldar. Það var þó ekkert sér íslenskt fyrirbæri því sama gerðist í miklum mæli hjá fjölmörgum Evrópulöndum þegar ýmist heilu fjölskyldurnar eða hluti þeirra flutti vestur um haf í leit að betra lífi. Þessir miklu búferlaflutningar stóðu yfir langt fram á fyrri hluta 20. aldar eða þar til pólitískt ástand í heiminum og heimsstyrjaldir lokuðu að mestu leyti fyrir þá allt til sjöunda áratugarins. Þá hófst það sem oft hefur verið kallað „seinni bylgja“ innflytjenda.

Sú breyting varð á í upphafi þessa síðari búferlaflutninga að nú voru Evrópubúar ekki að flykkjast til N-Ameríku heldur var það fólk frá fyrrum nýlendum margra Evrópulanda sem flutti í stórum stíl til Evrópu eða Bandaríkjanna í leit að betra lífi. Hið hefðbundna þjóðríkjamódel gerði ráð fyrir „einni“ þjóð með sameiginlega menningu og sögu innan marka þjóðríkisins og að því fylgdi ákveðinn stöðugleiki. Með tilkomu fjölda nýrra íbúa með annars konar menningarlegan bakgrunn fylgdi tilfinning um að þessum stöðugleika væri ógnað og þar með þjóðríkinu. Félagsvísindamenn fóru því að leita leiða til þess að koma í veg fyrir þennan óstöðugleika, með því að þróa kenningar um hvernig hægt væri að laga

innflytjendur að ríkjandi samfélagi eins og kemur fram í umfjöllun kenninga hér á eftir.

Það er eðlilegt að kenningar markist af hugsunarhætti þess tíma þegar þær koma fram, eins og sjá má í hugmyndum Robert E. Park og samstarfsmanna hans í Chicagoskólanum á fyrri hluta 20. aldarinnar. Kenningar þeirra miðuðu að mestu leyti við „fyrri bylgju“ innflytjenda til Bandaríkjanna og áttu aðallega við um aðlögun fólks í borgum. Eriksen (2002) bendir á að þeirra hugmyndir hafi komið fram stuttu eftir að mannfræðingar fóru að skoða tengsl innan þjóðernishópa í borgarvæðingu S-Afríku. Þar urðu til hugmyndir um etnískar sjálfsmyndir og því má reikna með að það hafi haft sín áhrif á hugmyndafræðilega þróun þeirra.

Richard Alba og Victor Nee (1997) segja Park og félagar hafa komið fram með hugtakið menningarlega aðlögun (e. *acculturation*) yfir ferli aðlögunar eða samlögunar (e. *assimilation*) innflytjenda að ríkjandi samfélagi. Samkvæmt því var gert ráð fyrir að fólk samlagaðist smám saman nýju samfélagi að fullu. Ákveðið félagslegt umhverfi þyrfti samt að vera til staðar vegna þess að munurinn milli hópa væri félagslega skapaður. Til þess að koma því á, þyrfti meðal annars að vinna gegn þeim lagamun sem gildi um hina mismunandi hópa, svo sem að vinna gegn mismunun á aðgangi að vinnumarkaði, húsnæði og tryggja minnihlutahópum almenn borgaraleg réttindi. Alba og Nee segja Park og félagar hafa gengið út frá því að með tímanum myndu einstaklingar og hópar samlagast að fullu en að staða þeirra í samfélaginu myndi gera að verkum að það gengi mishratt fyrir sig. Eins þyrfti fólk að leggja alveg niður fyrri menningareinkenni til þess að ná algerri samlögun. Þeir töldu að í nútímasamfélagi yrði fólk ekki skilgreint út frá þjóðerni eða öðrum ásköpuðum eiginleikum, heldur út frá áunnum þáttum svo sem menntun, reynslu og starfi. Ef samlögun gerðist ekki nægilega hratt, þá væru það viðhorf og persónueinkenni fólks, bæði ráðandi hópa og etnískra hópa, sem héldi þeim aðskildum eða það væri eitthvað í fjölskyldugerð og menningu etnískra minnihlutahópa sem héldi þeim niðri (Alba og Nee, 1997: 827-829). Þessar hugmyndir voru síðan stofnanagerðar í stefnu bandarískra stjórnvalda, en Nancy Foner (1997) bendir á að þrýst hafi verið á nýkomna að hverfa frá „gamaldags“ siðum og tungumáli, meðal annars með því að kæfa birtingu þjóðernis í skólum þar

sem markmiðið var að „þjálfa börn innflytjenda í að verða góðir amerískir borgarar“ (Foner, 1997: 367).

Í kringum árið 1980 voru áhrif seinni „bylgju“ innflytjenda í Bandaríkjunum orðin ótvíræð. Hugmyndir um samlögun voru taldar úreltar og orðið sjálft varð nánast bannorð hjá fræðimönnum. Í staðinn var farið að nota hugtakið aðlögun (e. *integration*) því aukinni sjálfsmyndarpólítík fyrrum nýlendupjóða fylgdi viðurkenning á menningarlegum margbreytileika. Ýmsir fræðimenn hafa þó haldið fram að menn hafi kannski verið heldur fljótir á sér að afskrifa hugmyndir um samlögun því eins Caroline R. Nagel bendir á, þá heldur hugtakið áfram að gegnsýra almennan skilning á tengslunum milli innflytjenda og þeirra samfélaga sem þeir setjast að í (Nagel, 2002: 982).

Kannski má rekja þessa endurvakningu á hugmyndum um samlögun til greinar Nathan Glazer frá árinu 1993, „Is Assimilation Dead?“ Í kjölfarið á henni fóru margir að gera upp fortíðina og sjá hana jafnvel í nýju ljósi eins og Rogers Brubaker (2001). Hann heldur því fram að hugtakið um samlögun sé enn bráðlifandi þó svo merking þess hafi breyst með tímanum. Í stað þess að vera eitthvað eitt línulegt ferli, þá eigi samlögun sér stað á mörgum sviðum. Hann segir helstu þætti þessara breytinga vera þær að í stað þess að líta á hugtakið samlögun sem eitthvað endanlegt ástand algjörRAR samlögunar þá sé skilningurinn orðinn hlutstæðari. Nú sé áherslan frekar á ferlin sem gera menn áþekka (e. similar). Brubaker telur að með fyrri skilningi á samlögun hafi verið litið á íbúa af erlendum uppruna sem mótanlega hluti. Í dag sé frekar litið á þá sem hóp virkra þegna sem aðlagist sjálfir nýju samfélagi. Hann segir aðlögun þeirra vera afleiðingu gjörða og vals margra einstaklinga, sérstaklega í pólitísku, félags-, menningar- og efnahagslegu samhengi. Það sé því ekki einstaklingurinn eða persónan sem samlagist, heldur kynslóðirnar (Brubaker, 2001: 543).

Rubén G. Rumbaut (1997) segir aðlögunarferlið almennt hafa verið talið línulegt ferli og gert hafi verið ráð fyrir að það væri af hinu góða að líkjast ríkjandi hóp í nýju samfélagi. Reynslan bendi þó til þess að útkoman geti orðið önnur og breytingar átt sér stað eftir ólínulegu ferli. Hann segir tungumálaaðlögun barna almennt vera línulegt ferli en á öðrum sviðum stangist útkoman oft á við

hefðbundnar væntingar. Að baki þeim væntingum telur hann að liggi í raun þjóðhverfar kröfur, því bendi útkoman til neikvæðrar aðlögunar. Rumbaut heldur því fram að á milli kenninga, orðræðu og raunveruleika sé hugmyndafræðilegt bil sem ali af sér þverstæður. Hann telur að þessar þverstæður verði að skoða svo hægt sé að þróa hugmyndir um aðlögun. Ferlið hafi verið búið til af félagsvísindamönnum en framkvæmdin komi fram í stefnum og áætlunum. (Rumbaut, 1997: 927). Skilningur margra stjórnvalda á hugtökunum aðlögun og samlögun virðist til dæmis oft vera nokkuð óljós. Yfirleitt er talað um aðlögun (e. *integration*) í stefnum þeirra um málefni innflytjenda en þegar nánar er skoðað er í rauninni átt við samlögun (e. *assimilation*).

Alba og Nee (1997) halda því fram að samlögunarkenningin hafi ekki misst notagildi sitt í rannsóknum á innflytjendum dagsins í dag, heldur að hugtakið samlögun komi með bestu leiðina til að skilja og lýsa aðlöguninni að ríkjandi stefnu landa. Í gegnum kynslóðir innflytjenda hefur þessi aðlögun nefnilega verið reynsla bæði einstaklinga og etnískra hópa. Því vilja Alba og Nee endurskilgreina samlögun og leggja þannig áherslu á notagildi hennar í að skilja félagslega virkni þjóðernis andstætt við eldri notkun þess. Samlögun eins og hún birtist í ríkisgerðri stöðlun, miðaði að því að eyða út menningareinkennum minnihlutahópa og því fagna þeir því að það sjónarmið er ekki lengur til staðar. Aftur á móti þá segja þeir samlögun vera lykilhugtak í rannsóknum á félagslegum ferlum, sem eigi sér ósjálfrátt stað og oft án þess að gert sé ráð fyrir því í samskiptum meirihlutans og minnihlutahópa. Etnísk áhrif á menningu meirihlutans eigi sér til dæmis stöðugt stað og eru ekki eingöngu takmörkuð við mat og tónlist heldur jafnvel viðhorf til þátta eins og fjölskyldutengsla. Með tímanum missa þessir menningarþættir tengslin við etníska hópinn og uppruni þeirra gleymist (Alba og Nee, 1997: 827, 834).

„Endurvakin“ umræða fræðimanna um hugtökin samlögun/aðlögun bendir til þess að menn hallist orðið frekar að því, að í stað þess að henda alveg út gömlum hugtökum, þá sé betra að endurskoða þau. Bæði vegna þess að þau eru mjög föst í orðræðu flestra stjórnvalda um málefni innflytjenda og eins vegna þeirrar sögulegu þekkingar sem til staðar er í dag.

2.2 Menningarlegur margbreytileiki

Á sjöunda áratug 20. aldar urðu miklar breytingar á þeirri heimsmynd sem ríkt hafði frá fyrri hluta aldarinnar. Ástæðan var ekki síst vegna sjálfstæðis fyrrum nýlendna, sem leiddi til fjölda nýrra þjóðarsjálfsmynda. Mikill skortur á vinnuafli í Evrópu frá því eftir síðari heimsstyrjöldina hafði haft í för með sér hreyfingar á fólki frá þessum svæðum. Gömul nýlendutengsl áttu stóran þátt í því, hvaðan fólk kom til að vinna og í hvaða löndum Evrópu það settist að. Á sama tíma varð þróunin sú að ólíkir samfélagshópar kröfðust viðurkenningar sem sérstakir hópar með sömu réttindi og aðrir í samfélaginu. Þetta átti bæði við um hópa eins og fatlaða og samkynhneigða og hópa sem skilgreindu sig eftir þjóðernislegum uppruna. Eins og oft vill verða á breytingatímum eins og sjöundi áratugurinn vissulega var, þá geta menn skynjað að „nýjar“ aðstæður kalli á „nýjar“ lausnir. Nú gekk ekki lengur að krefjast samlögunar því allir höfðu „rétt“ á að vera sérstakir. Reyndar virðist enn vera tilhneiging til að líta á lönd, sem viðurkenna menningarlegan margbreytileika sem „nú tímaleg“ lönd. Les Back og félagar (2002) benda til dæmis á að eftir sigur Verkamannaflokksins í Bretlandi árið 1997, hafi flokknum verið mikið í mun að sýna fram á að hann stæði fyrir nútímalegt Bretland sem fagnaði fjölbreytileika og menningarlegri blöndun (Back og félagar, 2002: 446).

Lausnin sem menn töldu sig hafa fundið var hugtakið fjölmennningarhyggja (e. *multiculturalism*). Ýmsar kenningar hafa komið fram sem eiga við um fjölmennningarhyggju og segir Eriksen (2002) menn skiptast í tvo hópa í þeim efnum. Annars vegar samfélagssinna (e. *communitarians*), sem haldi því fram að manningnum sé eðlilegt að tilheyra einhverju samfélagi sem í verði til ákveðin sameiginleg menningarleg og félagsleg gildi. Þess vegna séu þeir meðmæltir því að innflytjendur haldi í menningu sína. Hins vegar segir hann, að þeir sem aðhyllist einstaklingshyggju bendi á að vel aðlöguð samfélög geti verið í andstöðu við rétt einstaklingsins vegna þess að leiðtogum samfélaga séu gefin of mikil völd á kostnað einstaklingsins. Því telji þeir það verði líka að vera einhverjar sameiginlegar reglur í samfélögum þar sem fólk af ólíkum þjóðernisuppruna býr saman. Þessar reglur þurfi til þess að koma í veg fyrir að mismunun milli hópa og einstaklinga (Eriksen, 2002: 146).

Ekki eru allir mannfræðingar þó sammála um að skilin þurfi að vera svona skýr eins og Charles Taylor (1992) sem er meðmæltur menningarlegri fjölbreytni, en telur samt að til staðar verði líka að vera einhver sameiginleg gildi. Á sama hátt lítur Will Kymlicka (1995) á tengsl fólks við eigin menningu sem eitthvað eðlislægt, en hafnar því viðhorfi að menningar séu stöðugar og óbreytanlegar. Hann leggur áherslu á réttindi ólíkra hópa eins og frumbyggja eða innflytjenda og telur þá fyrrnefndu í fullum rétti að krefjast menningarlegs sérstæðis og eigin yferráðasvæða. Hjá þeim síðarnefndu felist rétturinn í jafnræði á við aðra þegna samfélagsins sem náist með aðlögun að ríkjandi menningu (Kymlicka, 1995: 90).

Þar komum við að vandanum við að sameina viðurkenningu á menningarlegum margbreytileika og jafnrétti einstaklinga. John Rex (1996) setti fram kenningu um jafnréttis fjölmenningshyggju (e. *egalitarian multiculturalism*) sem hann taldi taka á hvoru tveggja. Hann heldur því fram, að í baráttu einstaklinga fyrir jöfnum réttindum sé nauðsynlegt að hafa einhvern millilið á milli þeirra og ríkisins sem veiti þeim siðferðislegan og tilfinningalegan stuðning, ásamt því að koma í veg fyrir stjórnleysi. Í þessum millilið megi líka finna tengslanet og menningarlegar hugmyndir, sem einstaklingar þurfi á að halda til að ná nauðsynlegri samstöðu í baráttunni fyrir jafnrétti. Í fjölpjóðasamfélagi, verði þjóðernishópurinn þessi milliliður (Rex, 1996: 244).

Rex lítur á menningu minnihlutahópa sem viðbragð við aðstæðum og heldur því fram að reynsla einstaklinga í minnihlutahópum, sem berjast fyrir jafnrétti hafi áhrif á hvernig menningin verður. Ríkjandi menning verði hluti af menningu minnihlutahópsins vegna baráttunnar fyrir jöfnum réttindum (Rex, 1996: 245). Michael Wieviorka (1998) sér fjölmenningshyggju á sama hátt og Rex, eða sem ákveðið viðbragð en segir það bara eina tegund fjölmenningshyggju. Hann telur vera til tvær tegundir fjölmenningshyggju. Báðar verði þær til af kröfum hópa um menningarlega sjálfsmynd. Þær séu annað hvort viðbrögð við félagslegum ójöfnuði eða kröfur um sögulega viðurkenningu (Wieviorka, 1998: 889).

Mönnum ber ekki saman um hvort skilgreina eigi innflytjendur í fjölmenningsarsamfélagi sem minnihlutahóp. Bhikhu Parekh (2006) telur til dæmis að með því að leggja fjölmenningu og minnihlutahópa að jöfnu og líta á það sem

eins konar andstöðu við innfædda, sé verið að kynþáttagera fjölmenningshyggjuna. Hann telur fjölmenningshyggju frekar eiga við um viðeigandi tengsl milli ólíkra menningarsamfélaga og að normin sem stýri kröfum hverra hópa um sig geti aldrei komið frá einni menningu, heldur verði að vera opin umræða á jafnréttisgrundvelli milli menningahópa (Parekh, 2006: 13). Gallinn er sá, eins og Will Kymlicka (2001) bendir á, að ákveðinn ótti virðist vera til staðar hjá fólki um að verða stimplað sem rasistar ef það fer út í umræður um áhyggjur af mannréttindum og lýðræðislegum gildum í tengslum við fjölmenningu. Hann vill kenna pólitískri elítu þeirra landa sem gefa sig út fyrir að vera fjölmenningsleg, um að hafa bælt niður umræður um þessar áhyggjur með því einmitt að stimpla þær sem fordóma. Hann heldur því fram að það sé samt nauðsynlegt að ræða þær áhyggjur sem margir hafa af mannréttindum og lýðræðislegum gildum í fjölmenningsamfélagi eins og átti sér stað í Kanada á sínum tíma. Þar urðu deilur um slæðu islamskra kvenna í Quebec til þess að opna umræðuna og í kjölfarið komu allar staðalímyndir fólks um múslima upp á yfirborðið. Eftir langt og sársaukafullt ferli tókst þó að véfengja þær og almenningur varð upplýstari fyrir vikið (Kymlicka, 2001: 175).

Hugmyndin um menningarlegan margbreytileika felur að vissu leyti í sér að menningar séu ólíkar. Unni Wikan (1999) hefur bent á að í vestrænum samfélögum sé tilhneiging til að skilgreina hegðun fólks út frá menningu þeirra. Hegðun „okkar“ byggist á skynsemi en hegðun „þeirra“ á tilfinningum vegna þess að „þau“ láta stjórnast af menningu sinni. Hún gagnrýnir talsmenn menningarlegs margbreytileika fyrir að ýta í rauninni undir þessi viðhorf. Þau megi telja til nýrrar tegundar rasisma þar sem „menning“ sé komin í staðinn fyrir „kynþátt“. Hún segir viðhorfið til innflytjenda vera, að í þeim búi engin gerendahæfni (e. *agency*) og því sé ekki hægt að krefjast þess að þeir aðlagist (Wikan, 1999: 55). Þarna hafa mannfræðingar hvers lands vissulega hlutverki að gegna við að opna umræðuna og halda henni gangandi til enda eins og Kymlicka benti á.

Það lítur út fyrir að sú reynsla og þekking, sem menn hafa eftir fjögurra áratuga stefnu um menningarlegan margbreytileika sé að skila því sama og gerðist með kenningar samlögunarsinna, það er eitthvað sem gengur ekki upp. Síðustu ár hefur sú breyting orðið á fjölmenningsstefnu ýmissa landa að ábyrgðinni hefur í

meira mæli verið varpað yfir á einstaklinga og einstök samfélög eins og borgir eða bæjarfélög. Back og félagar (2002) segja það samt ekki leysa neinn vanda því borgar- og/eða bæjarsamfélög séu bæði fjöletnisk og fjöltrúarbragðaleg þá verði þau baráttuvöllur ólíkra siðferðisreglna og þar að auki geti þessi samfélög líka tengst stöðum víðs vegar um heiminn á flókinn hátt (Back og félagar, 2002: 448).

Í lok sjöunda áratugarins var Kanada fyrsta landið þar sem stjórnvöld tóku þá ákvörðun að stefna markvisst að menningarlegum margbreytileika. Önnur lönd fylgdu á eftir eins og Ástralía og Holland. Síðustu ár hefur sú breyting átt sér stað að áströlsk og hollensk stjórnvöld hafa smám saman verið að falla frá upphaflegri stefnu um menningarlegan margbreytileika, en Irene Bloemraad (2006) bendir á að Ástralía hafi til dæmis verið að færast meira í átt að *laissez-faire* módelinu svipað og Bandaríkin fara eftir í dag. Í því felst að ábyrgðin á aðlögun á öllum sviðum samfélagsins er lögð á einstaklinginn sjálfan. Wieviorka segir það ekki síst hafa verið vegna réttindabaráttu svartra Bandaríkjamanna á 7. áratugnum og kröfu þeirra að verða viðurkenndir meðal annars í kennslubókum um sögu landsins (Wieviorka, 1998: 888). Því voru innflytjendur „seinni bylgjunnar“ settir undir sama hatt og aðrir minnihlutahópar og gert ráð fyrir að einstaklingar úr þeim hópi bæru sjálfir ábyrgð á aðlögun sinni að amerísku samfélagi. Bloemraad heldur því fram að Holland hafi aftur á móti verið að færast meira í átt til þess að gera kröfur um samlögun innflytjenda. Því til staðfestingar segir hún innflytjendur í Hollandi nú skyldaða til að læra hollensku og um menningu landsins en sanna síðan „hollensku“ sína með því að taka próf (Bloemraad, 2006: 233).

Ekki eru þó allir sammála um að fjölmenningsstefnan hafi beðið skipbrot og bendir Kymlicka (2001) til dæmis á að rannsóknir sýni að innflytjendur í löndum sem höfðu opinbera fjölmenningsstefnu eins og í Kanada og Ástralíu hafi innflytjendur aðlagast mun fyrr en í löndum sem hafa hana ekki eins og Bandaríkin og Frakkland. Hann ásamt fleirum (Kymlicka, 2001; Bloemraad, 2006) halda því fram að innflytjendur í tveimur fyrrnefndu löndunum séu ekki aðeins stofnanalega aðlagaðir, heldur líka virkir þátttakendur í stjórnmálum og mjög hliðhollir því að vernda stöðugleika hefðbundinna stofnana og að halda á lofti lýðræðislegum gildum.

Það virðist sem tvær orðræður séu í gangi í mörgum löndum. Menningarlegur margbreytileiki er annars vegar talinn hornsteinn nútímasamfélaga, en hins vegar birtist framkvæmd stjórnvalda í harðari stefnu í málefnum innflytjenda. Stefnu sem Back og félagar segja að hafi í auknum mæli glæpagert það ferli að sækja um pólitískt hæli með það að markmiði að fæla frá hælisleitendur (Back og félagar; 2002: 451). Enn á ný er því komið að því að leita „nýrra“ lausna við „nýjum“ raunveruleika og þess vænst að þær megi finna í kenningum um hnattvæðingu og þverþjóðleg tengsl.

2.3 Umbreytingatími

Tíundi áratugurinn var áratugur mikilla breytinga, bæði á heimsmyndinni og á samgöngu- og samskiptatækni. Kalda stríðinu lauk og „járnaljaldið“ var dregið frá A-Evrópu með þeim afleiðingum að fjöldi fólks fluttist þaðan í leit að atvinnu til að bæta lífsskilyrði sín. Afleiðing sjálfstæðisbaráttu landa í fyrrum Sovétríkjunum og ekki síst stríðsins í fyrrum Júgóslavíu var að fjöldi flóttamanna kom frá þessum löndum og leitaði hælís í V-Evrópu. Það sama gerðist í kjölfar borgarastyrjalda í Afríkulöndum eins og Sómalíu og Rúanda. Internetið, farsímar og lággjaldaflugfélög gerðu öll samskipti og samgöngur landa á milli mun auðveldari þannig að fólk gat búið á einum stað, en jafnframt verið í góðu sambandi við fjölskyldu sína í heimalandinu. Þessi umskipti urðu á tiltölulega stuttum tíma og við fyrstu sýn virtist mönnum sem eitthvað nýtt væri á ferðinni og því ekki hægt að nota gamla kenningaramma til að ná utan um þennan „nýja“ raunveruleika. Í kjölfarið fóru menn að beina athyglinni meira að þeim ferlum sem eiga sér stað þegar fólk flytur búferlum landa á milli og tengslin milli upprunalands og búsetulands.

Þverþjóðleg tengsl

Hugtakið þverþjóðleg tengsl (e. *transnationalism*) kom upphaflega fram í byrjun sjöunda áratugarins og var aðallega notað um efnahagsleg ferli sem náðu yfir þjóðamörk fleiri en eins ríkis. Seinna var það líka notað yfir hugmyndaþróun og

pólítískar stofnanir sem náðu út yfir þjóðamörk. Nýleg notkun hugtaksins í félagsvísindum fléttar saman þessar tvær fyrri merkingar og tengir það við búferlaflutninga fólks og tengslanet þess í því landi sem það flytur til og viðheldur í því landi sem það flytur frá. Menn leggja þó mismunandi áherslu á hvaða þættir skipti mestu máli í þverþjóðlegum tengslum. Mannfræðingarnir Nina Glick Schiller, Linda Basch og Christina Szanton Blanc (1995) hleyptu nýju lífi í umræðuna um búferlaflutninga, þegar þær héldu því fram að þverþjóðleg tengsl eigi við um ferli sem innflytjendur nota til að „móta og viðhalda fjölþættum félagslegum tengslum, sem tengja saman upprunaland og búsetuland“ (Glick Schiller og stöllum, 1995: 7). Greinilegt var að félagsvísindamenn voru komnir í hálfgerðar ógöngur með fyrri kenningar um búferlaflutninga. Því gripu þeir fegins hendi þennan nýja flöt á umræðunni sem sést best á því að síðasta áratuginn hafa rannsóknir á búferlaflutningum stóraukist.

2.4 Hnattvæðing og þverþjóðleg tengsl

Í almennri umræðu heyrst oft talað um hnattvæðingu og þverþjóðleg tengsl sem eitthvað nýtt fyrirbæri. Þessu hafa æ fleiri fræðimenn hafnað og bent á að þessi tengsl hafi alltaf verið til staðar, en áður fyrr hafi þau á margan hátt verið ólík þeim sem eru í dag (Glick Schiller og stöllum, 1995; Foner, 1997; Portes og félagar, 1999; Wimmer og Glick Schiller, 2002; Vertovec, 2007). Eins og Steven Vertovec (2007) bendir á þá eru það ekki þverþjóðlegu tengslin per se sem eru ný af nálinni, heldur er átt við að þau eru „ný“ í rannsóknarlegri merkingu með tilliti til aðferða, hugtaka, þátta eða tilvika sem hafa nýlega fengið ferska eða aukna merkingu í ljósi breyttra kringumstæðna eða hvernig þeim er beitt (Vertovec, 2007: 968).

Líkt og nú, þá héldu þeir sem fluttust búferlum landa og heimsálfa á milli fyrir einni öld síðan margir hverjir áfram víðtækum tengslum við heimalandið. Eins og Nancy Foner (1997) bendir á þá voru „þverþjóðleg heimili“ þar sem fjölskyldumeðlimir búa í sitt hvoru landinu ekki óalgeng fyrir einni öld. Margir fyrri innflytjendur eins og Ítalir fóru t.d. stöðugt „fram og aftur“ milli Bandaríkjanna og Ítalíu enda var ætlunin ekki að setjast að í nýja landinu, heldur aðeins að safna

peningum fyrir fjölskylduna á Ítalíu (Foner, 1997: 359). Þetta „flakk“ á farandverkamönnum féll samt ekki í góðan jarðveg á þeim tíma og voru þeir séðir sem hálfgerðar afætur á bandarísku samfélagi. Þeir kæmu bara til að taka en gæfu ekkert í staðinn. Því var lögð áhersla á að innflytjendur flyttu búferlum fyrir fullt og allt, sem gerði það að verkum að öll athygli fræðimanna beindist að samlögun þeirra að ríkjandi samfélagi. Þessi áhersla á samlögun segja Wimmer og Glick Schiller (2002) hafa orðið til þess að félagsvísindamenn hafi haft tilhneigingu til að líta fram hjá þverþjóðlegum tengslum áður fyrir og kenna því um, sem þau kalla aðferðafræðilegri þjóðernishyggju eins og rætt var um í kafla 1.1.

Eins og áður er minnst á, þá voru það Glick Schiller og stöllur (1995) sem upphaflega gáfu tóninn í umræðunni um þverþjóðleg tengsl í umfjöllun um innflytjendur. Með innleggi sínu í umræðuna um búferlalaflutninga hafa þær kannski tekið sterkt til orða í byrjun, til að tryggja viðbrögð fræðimanna og koma af stað umræðu. Þær héldu því fram að í kjölfar hnattrænna breytinga hafi dregið úr vægi þjóðríkisins á þann hátt, að í dag séu það lönd og stórborgir sem eru lykilstaðir fjármagns, samskipta og stjórnunar. Innflytjendur sækja því þangað í von um betra líf en mæti í staðinn kynþáttafordómum og fái þar að auki yfirleitt lægst launuðu störfin. Því telja Glick Schiller og stöllur einn þátt þverþjóðlegra tengsla vera eins konar viðbragð eða andóf við þessu hnattræna efnahagskerfi, sem birtist í því að innflytjendur vilji ekki aðlagast (Glick Schiller og stöllur, 1995: 52).

Þarna virðast þær sjálfar gerast sekar um að líta framhjá þeirri staðreynd að innflytjendur áður fyrir voru líka í leit að betra lífi. Reyndar talar Glick Schiller á öðrum nótum nokkrum árum síðar (Wimmer og Glick Schiller, 2002) þegar hún segir að á 18. og 19. öld hafi fólk leitað þangað sem vinnu var að fá. Þegar harðnað hafi á dalnum tók það sig einfaldlega upp og flutti til næsta lands eða staðar þar sem næga vinnu var að fá. Það er líka hæpið að tala um þjóðríkið í þessu sambandi því fyrir einni öld síðan voru mörg Evrópulönd í miðjum klíðum að byggja upp þjóðernisímynd. Að auki hafa félagsvísindamenn sýnt fram á að þjóðríkið stendur enn föstum fótum (Ferguson og Gupta, 1997; Zabuski, 2000; Vertovec, 2004).

Láglanastörf og kynþáttafordómar eru heldur ekkert einskorðuð við innflytjendur samtímans eins og Foner (1997) bendir á. Mun fleiri innflytjendur í

Bandaríkjunum eru í dag með framhaldsmenntun, sérhæfingu og stundum þó nokkuð fjármagn sem geri þeim kleift að taka þátt sem nútíma heimsborgarar. Margir þeirra eiga jafnvel fyrirtæki bæði í heimalandi og Bandaríkjunum, sem oft eru rekin í samvinnu við ættingja. Þó fyrri tíma innflytjendur Bandaríkjanna hafi að mestu leyti komið frá Evrópu þá mættu þeir líka kynþáttafordómum því á þeim tíma var litið á Ítali, Gyðinga og jafnvel Íra sem ólíkan og óæðri kynþátt (Foner, 1997: 360, 364).

Eins og fram kom hér á undan þá eru skiptar skoðanir meðal þeirra sem rannsakað hafa þverþjóðleg tengsl um hvaða þætti beri að leggja áherslu á. Í upphafi umræðunnar komu Glick Schiller og stöllur (1995) fram með skilgreininguna „þverþjóðlegir flytjendur“ (e. *transmigrants*) sem þær sögðu búa til félagslegan vettvang, með því að viðhalda víðtækum, tilfinningalegum og hjálplegum félagslegum tengslum sem næðu yfir landamæri (Glick Schiller, Basch og Szanton Blanc, 1995: 49). Þetta þykir Alejandro Portes og félögum (1999) vera óþarfa skilgreining og segja hugtakið innflytjendur eitt og sér standa alveg fyrir sínu og vilja frekar leggja áherslu á að rannsaka einstaklinginn og tengslanet hans, heldur en það sem Glick Schiller og stöllur skilgreina sem „félagslegan vettvang“ þ.e. viðtökuland og heimaland.

Portes og félagar eru sammála því að þverþjóðleg tengsl hafi vissulega alltaf verið til staðar í einhverri mynd. Áður fyrr hafi samt eingöngu verið hægt að skilgreina fáa sem þverþjóðlega þátttakendur. Það byggja þau á því að vilja takmarka þverþjóðleg tengsl við starfsemi og athafnir, sem krefjist reglulegra og viðvarandi félagslegra samskipta sem ná yfir þjóðamörk. Til þess að viðeigandi sé að koma með nýtt hugtak verði ákveðnar aðstæður að eiga við. Í fyrsta lagi ef meiri hluti innflytjenda tekur þátt í ferlinu. Annarsvegar ef þær athafnir sem þeir taka þátt í sýna fram á að þær haldist stöðugar og að síðustu ef tiltæk hugtök ná ekki utan um þessar athafnir. Þau telja hnattvæddan kapítalisma og tækniframfarir hafa gert það að verkum að í dag megi skilgreina mun fleiri sem þverþjóðlega athafnamenn (Portes, Guarnizo og Landolt, 1999: 220, 228, 229).

Félagsvísindamenn samtímans, sem skoðað hafa búferlaflutninga og þverþjóðleg tengsl ætla sér greinilega ekki að falla í sömu gryfju og

samlögunarsinnar á sínum tíma. Þá einblíndu menn aðeins á áhrif viðtökusamfélagsins á innflytjendur það er á samlögun þeirra að samfélaginu, en gáfu áhrifum innflytjenda á það eða tengslum þeirra við heimalandið lítinn gaum. Nú reyna menn að skoða allar hliðarnar á „teningnum“ til dæmis beinir Peter Kivisto (2001) athyglinni að áhrifum innflytjenda á bæði menningar- og félagslegar stofnanir í viðtökulandinu. Hann vill að þau verði skoðuð betur, ekki síst vegna þess að staðreyndin sé að mikill meirihluti innflytjenda búi fyrst og fremst á einum stað. Þó þeir séu að vissu marki þátttakendur í heimalandinu, þá skipti málefni viðtökulandsins þá meira máli því þau hafi áhrif á daglegt líf þeirra (Kivisto, 2001: 571).

Allt frá því að Glick Schiller og stöllur (1995) vörpuðu fyrst fram hugmyndinni um þverþjóðleg tengsl hefur sú fyrrnefnda verið ötul við að endurskoða og betrumbæta hugmyndir þeirra. Hún hefur ásamt Peggy Levitt (2004) lagt til annars konar nálgun á félagslega vettvanginn. Með henni vilja þær aðgreina á milli þess „að vera“ (e. *being in*) og „þess að tilheyrja“ (e. *belonging*). Með þessari nálgun er athyglinni beint að sjálfsmynd einstaklinga, sem segir til um hvorn hópinn þeir falla undir. „Það að vera, vísar til þeirra félagslegu tengsla sem eru til staðar og athafna sem einstaklingar taka þátt í frekar en sjálfsmynda sem tengjast athöfnum þeirra“ (Levitt og Glick Schiller, 2004: 1010). Það er, einstaklingar geta verið fastir í félagslegum vettvangi án þess að samsama sig nokkrum merkimiða eða menningarpólítík, sem tengist þeim vettvangi. Aftur á móti vísar það að tilheyrja „til þeirra athafna, sem merkja eða gefa til kynna sjálfsmynd, sem sýnir meðvituð tengsl við ákveðinn hóp“ (ibid, 1010). Þessar athafnir eru ekki táknrænar heldur áþreifanlegar, sýnilegar athafnir sem auðkenna það að tilheyrja svo sem að bera kristinn kross eða gyðingastjörnu, flagga fána eða velja ákveðinn mat. Þær segja einstakling þannig geta haft margs konar félagsleg samskipti við fólk í upprunalandi sínu án þess að finnast hann endileg tilheyrja því (ibid: 1010).

Vertovec (2004) er svipuðum nótum og þær þegar hann leggur til að greiningar ramminn nái yfir hvort tveggja, félagslega vettvanginn og einstaklinginn. Aftur á móti er hann með ólíka nálgun á rannsóknarefnið innan hans. Hann gagnrýnir rannsóknir á búferlaflutningum frá 10. áratugnum fyrir enn og aftur að

beina sjónum of mikið á ólíka etníska hópa og þverþjóðleg tengsl þeirra. Það hafi gert það að verkum að aðrir innflytjendur hafi orðið útundan í rannsóknum. Því vill hann frekar skoða á hvaða máta þverþjóðleg tengsl hafa umbreytt daglegum félagslegum heimi einstaklinga og fjölskyldna bæði í heimalandi og viðtökulandi. Til þess notar hann hugtakið *bifocality* sem á við um það hvernig innflytjendur taka afstöðu til tvenns á sama tíma, það er að segja bæði í heimalandi og viðtökulandi (Vertovec, 2004: 971, 974; Vertovec, 2007: 966).

Nú er liðinn rétt rúmur áratugur frá því þessi nýja nálgun á búferlaflutninga kom upp á yfirborðið og enn er umræðan um þverþjóðleg tengsl í fullum gangi. Líklegt má telja að hún haldi áfram næstu árin því menn eru nýlega farnir að beina athyglinni meira að afkomendum innflytjenda. Þó innflytjendur í dag viðhaldi tengslum við heimalandið og séu að einhverju leyti þátttakendur þar, þá er ekki þar með sagt að afkomendur þeirra eigi eftir að gera það á sama hátt. Þar geta ýmsir þættir eins og aukin og ódýrari tækni haft áhrif á hver þróunin verður. Samskipti og samgangur landa á milli eða ófyrirséðar áherslubreytingar ríkisstjórna í málefnum innflytjenda geta líka haft sitt að segja. Það er samt greinilegt að umræðan og kenningar um þverþjóðleg tengsl hafa nú þegar skilað sér því æ fleiri ríki leyfa nú tvöfalt ríkisfang.

Samantekt

Í þessum kafla var fjallað um hnattræn áhrif búferlaflutninga og sagt frá kenningum félagsvísindamanna sem settar hafa verið fram sem tilraun til að aðlaga „þjóðríkið“ nýjum fjölmennningarlegum veruleika. Það er augljóst að þessar kenningar hafa átt stóran þátt í að marka stefnur og áætlanir ríkisstjórna í málefnum innflytjenda, en eðlilega markast kenningar af ríkjandi tíðaranda þegar þær urðu til.

Samlögunarkenningin varð til í umhverfi þar sem yfirburðir hvíttra manna og menningar þeirra þótti eðlilegt og því sjálfsagt að innflytjendur samlöguðust algerlega þeirri menningu. Með aukinni sjálfsmýndarpólitík fyrrum nýlendþjóðanna á 7. áratugnum fylgdi viðurkenning á menningarlegum margbreytileika. Þar sem hugmyndir mannfræðinga um menningarlegt sérstæði og

„stöðugar“ menningar voru enn á sveimi, var ekki lengur forsvaranlegt að krefjast algerrar samlögunar. Því þótti meira við hæfi að tala um aðlögun innflytjenda að samfélaginu. Fólki var frjálst að hafa eigin menningu heima hjá sér en ætlast til aðlögunar á opinbera sviðinu. Þrátt fyrir að hugtakið samlögun hafi verið sett út í kuldann af félagsvísindamönnum á sínum tíma, þá heldur það samt áfram að gegnsýra almennan skilning á tengslunum milli innflytjenda og þeirra samfélaga, sem þeir setjast að í. Þessi staðreynd hefur vakið aftur upp umræðuna um samlögun og því hafa ýmsir viljað endurskoða fyrri hugmyndir um hugtakið.

Opinber fjölmeningarstefna landa eins og Kanada og Ástralíu lagði línurnar á sínum tíma fyrir önnur lönd, sem vildu teljast nútímasamfélög. Margir eru þó þeirrar skoðunar að hún hafi beðið ákveðið skipbrot því þróunin virðist vera í þá átt að lönd sem hafa aðhyllst opinbera fjölmeningarstefnu, eru mörg hver að færast meira í átt til þess að gera kröfur um samlögun innflytjenda. Ekki eru samt allir sammála þessu sjónarmiði og benda á rannsóknir því til stuðnings, sem sýni að innflytjendur í löndum eins og Kanada og Ástralíu hafi aðlagast mun fyrir en í þeim löndum sem ekki eru með opinbera fjölmeningarstefnu.

Á tíunda áratugnum kom fram ný nálgun á búferlaflutninga sem byggir á þverþjóðlegum tengslum innflytjenda það er, hvernig þeir mynda tengslanet í því landi sem þeir flytja til og viðhelda í því landi sem flutt er frá. Félagsvísindamenn samtímans sem skoðað hafa búferlaflutninga og þverþjóðleg tengsl ætla sér greinilega ekki að falla í sömu gryfju og samlögunarsinnar á sínum tíma og því reyna þeir að skoða allar hliðar á þverþjóðlegum tengslum innflytjenda. Nú rúmum áratug síðar er umræðan enn mikil og líklegt má telja að hún haldi áfram næstu árin, því menn eru nýlega farnir að beina athyglinni meira að afkomendum innflytjenda. Það er samt greinilegt að umræðan og kenningar um þverþjóðleg tengsl hefur nú þegar skilað sér í framkvæmd margra stjórnvalda. Síðustu ár hefur þeim ríkjum fjölgað til muna, sem breytt hafa lögum um ríkisfang á þann veg að leyfa tvöfaldan ríkisborgararétt. Þessi þróun gerir fólki kleift að vera pólitískir þátttakendur í tveimur löndum í einu, sem fer illa saman við upphaflegu hugmyndina um mörk þjóða og þjóðríkis. Það hefur kallað á endurskoðun félagsvísindamanna á þjóðríkinu en í næsta kafla verður fjallað nánar um hugmyndir þeirra um þjóðríkið á 21. öld.

3. kafli Þjóðríkið á 21. öld

Í þessum kafla verður athyglinni beint að umræðunni um áhrif hnattvæðingar og þverþjóðlegra tengsla á þjóðríki heimsins. Það er einkum tvennt sem er athyglisvert í þessari umræðu. Annars vegar lagaleg tengsl brottfluttra við hvort tveggja heimaland og búsetuland. Þessi tengsl skipta öllu máli fyrir innflytjendur til að öðlast full pólitísk, félagsleg og efnahagsleg réttindi en þau fást eingöngu með ríkisborgararéttinum. Hins vegar er það ört vaxandi pólitísk virkni „heimalanda“ meðal innflytjenda í dag.

3.1 Ríkisborgararéttur

Samlögun, aðlögun, menningarlegur margbreytileiki og þverþjóðleg tengsl eru allt hugtök, sem komu fram í tilraunum félagsvísindamanna við að ná utan um „óstöðugleikann“ sem fylgdi auknum búferlaflutningum milli landa. Þó þverþjóðleg tengsl sé það hugtak sem nær kannski einna best að taka á þeim flókna veruleika, sem fylgir fjölmenningsamfélagi, þá eru enn ýmsir annmarkar sem vefjast fyrir mönnum. Því hafa margir tekið að efast um réttmæti sjálfs þjóðríkisins í þeirri mynd sem hingað til hefur þótt sjálfsögð og eðlileg (Castles og Davidson, 2000; Berezin og Schain, 2003; Levitt og Glick Schiller, 2004; Vertovec, 2004). Er þjóðríkið sem afmarkað yfirráðasvæði ekki bara gamall arfur frá 18. og 19. öld sem á ekki lengur við? Gamla þjóðríkjamódelið sem byggði á einsleitni innan marka þess fer að minnsta kosti engan vegin saman við þann menningarlega margbreytileika sem einkennir samfélög samtímans.

Frá því þjóðríkið „varð til“ hefur ríkisborgararétturinn skilgreint lagaleg tengsl milli þess og einstaklinga. Því hefur kjarninn í þessari nýju umræðu (kannski eðlilega) verið ríkisborgararétturinn. Þar til nýlega var útbreidd andstaða við tvöfalt

ríkisfang í ríkjum heims. Að sögn Vertovec (2004) er sú andstaða nú á undanhaldi og kannski má að hluta til rekja það til umræðunnar um þverþjóðleg tengsl sem hefur verið allsráðandi síðasta áratuginn. Hvort heldur er, þá er engu að síður staðreynd eins og Foner (1997) bendir á að fjölmörg ríki hafa endurskoðað reglur um ríkisborgararétt á þann veg að leyfa tvöfalt ríkisfang. Það vekur athygli hversu áberandi er að lönd sem innflytjendur koma frá hafa slakað á reglum í tengslum við tvöfalt ríkisfang (Vertovec, 2000). Það gæti bent til þess að þeim finnist mikilvægt að tryggja efnahagsleg og félagsleg réttindi brottfluttra íbúa sinna í nýju landi. Eftir því sem Vertovec (2004) segir þá hefur opinbera viðhorfið í Evrópu til tvöfalda ríkisborgaréttar aftur á móti verið mjög breytilegt.

Flest Evrópuríki hafa enn í dag sterka þjóðarsjálfsmynd sem byggir á etniskri þjóðernishyggju 18. og 19. aldar. Það getur því reynst erfitt að breyta viðhorfum sem byggja á aldarlangri innþrentun enda bendir Vertovec (2004) á, að í mörgum fræðiritum sé farið með þjóðerni og ríkisfang sem jafngilt. Ef til vill má leiða getum að því sem undirrót andstöðu margra ríkja við tvöföldu ríkisfangi eða þjóðerni. Lönd eins og Danmörk og Holland sem gera kröfu um menningarlega aðlögun þeirra sem sækja um ríkisfang (Holm, 2004; Bloemraad, 2006) eru t.d. ólíkleg að líta jákvæðum augum á tvöfalt þjóðerni hluta „þjóðarinnar“.

Þeir sem hliðhollir eru tvöföldu ríkisfangi hafa reynt að skilgreina þá þætti sem hvetja til aukins umburðarlyndis gagnvart fleiri en einu þjóðerni. Thomas Faist og félagar (2004) segja þá sem tilheyra þeim hópi halda því fram að stjórnvöld ríkja verði að skapa hagstæðar aðstæður fyrir pólitíska aðild nýkominna og þar sé félagsleg aðlögun lykilatriði. Að auki séu mun meiri líkur á pólitískri þátttöku innflytjenda ef þeir fái að halda sínu fyrra ríkisfangi jafnframt því að fá ríkisborgararétt í búsetulandi. Máli sínu til stuðnings benda þeir á að rannsóknir sýni að í þeim ríkjum sem leyfi tvöfalt ríkisfang, hafi tiltölulega fleiri sótt um ríkisborgararétt (Faist, Gerdes og Rieple, 2004: 914). Tvöfalt ríkisfang þarf samt ekki endilega að jafngilda aukinni pólitískri þátttöku innflytjenda. Aðrar ástæður eins og efnahagslegar geta líka legið að baki umsóknar um ríkisfang í búsetulandinu eins og Foner (1997) bendir á.

Mabel Berezin og Martin Schain (2003) halda því fram að ríkisborgarréttur sé meira en bara lagaleg tengsl. Þau segja hann líka gefa til kynna tilfinningaleg bönd sem vekja upp þjóðarhollustu og það að tilheyra pólitískt afmörkuðu landfræðilegu rými (Berezin og Schain, 2003: 13). Ýmsum þykir einmitt að „þjóðin“ sé þar sem hnifurinn stendur í kúnni. Castles og Davidson (2000) halda því fram að það að tilheyra, geti ekki lengur þýtt að vera hluti af þjóðarsamfélagi sem byggji á sameiginlegri sögu og menningu. Þeir leggja þess vegna til að þjóðarhlutinn verði tekinn út úr hugtakinu þjóð-ríki. Ríkisborgararéttur eigi ekki að tengjast þjóðerni heldur pólitísku samfélagi án nokkurrar kröfu um sameiginlega menningarlega sjálfsmynd (Castles og Davidson, 2000: 24). Francis Fukuyama (2006) tekur í svipaðan streng þegar hann segir etnískar þjóðarsjálfsmyndir margra landa í Evrópu útiloka stóra hópa nýrra íbúa. Hann telur því mikilvægt að reglum um veitingu ríkisfangs og lagalegan ríkisborgararétt verði breytt yfir á óetnískan grunn. Fukuyama tekur jafnvel svo djúpt í árinna að segja Evrópu sigla í átt að samfélagslegri sprengingu ef ekki verði gripið í taumana (Fukuyama, 2006: 14,17).

Ekki eru þó allir sammála því að tvöfalt ríkisfang eða þjóðerni sé af hinu góða. Málin séu flóknari en svo að tvöfaldur ríkisborgararéttur náði að leysa þau. Faist og félagar (2004) segja gagnrýnendur benda á ýmsa þætti sem geti valdið hagsmunaaðrekstrum eins og herþjónusta og þjóðarhollusta. Þeir segja gagnrýnendur tvöfalda ríkisfangs því leggja áherslu á að hver einstaklingur verði að sanna að hann sé tilbúinn að aðlagast og sýna nýja ríkinu hollustu. Það geri hann aðeins með því að afsala sér fyrra þjóðerni (Faist, Gerdes og Rieple, 2004: 914-15;). Í sama streng taka Levitt og Glick Schiller sem halda því fram að tvöfalt ríkisfang geti ýtt undir tækifærismennsku hjá þeim sem ekki sætta sig við pólitískar niðurstöður annars ríkisins eða þegar lög ríkja stangast á í málefnum eins og dauðadómum (Levitt og Glick Schiller, 2004: 1025).

Eins og sést þá virðist þjóð og þjóðerni vera lykilatriði í umræðunni um tvöfaldan ríkisborgararétt. Til þess að flækja málin enn frekar þá er nýlega farið að bera á áherslubreytingu hjá ríkisstjórnnum margra landa sem innflytjendur koma frá. Þau eru nú farin að keppa um pólitíska hollustu brottfluttra við þau lönd sem þeir hafa sest að í (Glick Schiller og stöllum, 1995; Foner, 1997; Vertovec, 2004). Því

hafa hugmyndir etnískrar þjóðernishyggju verið endurvaktar og hnattvæddar til að ná eyrum brottfluttra íbúa um allan heim.

3.2 Hnatræn þjóðríki

Hugmyndin um að allar manneskjur eigi sér ákveðinn stað eða heimaland er fastgreipt í hugum fólks. Við tölum um að eiga okkur „rætur“ einhvers staðar eins og við séum hluti af þeim stað eða því landi hvort sem það er á Hólmavík, Íslandi eða í Evrópu, allt eftir því hvaða samhengi á við. Þessari hugmynd er viðhaldið á margan hátt. Hér á landi eru enn starfrækt áttahagafélög og hin fjölmörgu Íslendingafélög erlendis eru vel þekkt fyrirbæri. Mannfræðingar hafa lengi vitað að menning er alltaf félagslega búin til en styttra er síðan farið var að skoða ferlin sem sýna hvernig staðir og heimalönd eru búin til af fólki sem flýst á milli staða og landa (Ferguson og Gupta, 1997). Í dag eru margar stórborgir eins og London, París og New York orðnar stór fjölmeningarrými og því segja Ferguson og Gupta það ákveðna kaldhæðni að hugmyndir um menningarlega og etníska staði séu að verða enn skýrari. Ástæðan fyrir því sé að staðir eru alltaf ímyndaðir í samhengi við pólitískar eða efnahagslegar ákvarðanir og því sé aftur gert tilkall til svæða einmitt þegar hætta er á að þau séu að hverfa (Ferguson og Gupta, 1997: 40).

Glick Schiller og stöllum (1995) hafa einmitt bent á að þverþjóðlegum ferlum fylgi oft að brottflutt fólk „stimpli sig“ aftur inn í heimalandið sem hluti af því. Að flytja búferlum til annars lands er hvorki auðvelt né einfalt. Líf innflytjenda einkennist af þverþjóðlegum tengslum, bæði persónulegum og pólitískum, sem leiðir til flókinna sjálfsmýnda og sjálfsagt í mörgum tilfellum innri togstreitu. Á sama tíma hafa mörg þjóðríki tekið upp á því að líta á þessa fyrrum landa sína sem eins konar hnatræna auðlind og lögmæta kjósendur (Glick Schiller og stöllum, 1995; Foner, 1997; Foner, 2000; Levitt og Glick Schiller, 2004; Vertovec, 2004). Það er því ekki undarlegt að „ræturnar“ togi fólk aftur „heim“ þegar kallið kemur, þó oft sé það aðeins á huglægan hátt.

Þessi áhugi heimalanda er samt ekkert einskorðaður við þverþjóðleg tengsl samtímans eins og Foner og fleiri hafa bent á (Foner, 1997, 2000; Glick Schiller og

stöllur, 1995). Ítalska ríkisstjórnin leit til dæmis líka á borgara sína erlendis sem hnattræna auðlind í byrjun 20. aldar og reyndi að halda í hollustu brottfluttra sem hluta af eigin uppbyggingu. Eins viðhéldu margir innflytjendur áhuga sínum á pólitíkinni í heimalandinu og tóku oft virkan þátt, ekki síst með því að senda fjármagn sem meðal annars hafi verið notað til þess að byggja skóla, bókasöfn og aðrar menntastofnanir. Í dag er mun auðveldara að viðhalda þess konar áhuga, bæði vegna aukinnar og bættrar tækni en líka vegna stefnubreytinga eins og þess að leyfa tvöfalt ríkisfang. Það sem er nýtt í þætti heimalanda í dag er að mörg þeirra leyfa nú tvöfalt þjóðerni eða ríkisborgararétt en keppa svo um pólitíska hollustu innflytjenda við lönd sem þeir hafa sest að í. Glick Schiller og stöllur (1995) benda til dæmis á að stjórnvöld á Grenada líti á íbúa sína sem flust hafa til Bandaríkjanna sem eins konar þrýstihóp fyrir sig. Að þeir geti átt þátt í því að hafa áhrif á efnahagslegar og pólitískar ákvarðanir í Bandaríkjunum sem kæmu Grenada til góða. Eins hafi innflytjendur frá Filipseyjum, sem búsettir voru í Bandaríkjunum, átt stóran þátt í þeirri andstöðu sem varð á Filipseyjum við ríkisstjórn Marcos, með því að vekja athygli á bágu efnahagsástandi þar og til þess að tryggja stuðning Bandaríkjanna við að velta Marcos úr sessi (Glick Schiller, Basch og Szanton Blanc, 1995: 57).

Mikilvægi auðlindarinnar sem felst í brottfluttum íbúum sést vel á því að oft eru ákveðnar stefnur í gangi í heimalöndum með það fyrir augum að auka á þjóðernistilfinningu brottfluttra, svo sem sérstök ráðuneyti eða skrifstofur. Þannig reyna ríkisstjórnir landa í meira mæli að vekja upp þjóðarsamstöðu út fyrir ríkjamörkin eins og Mary Robinson sem lýsti sjálfa sig sem leiðtoga írsku stórfjölskyldunnar sem byggja utan Írlands. Vertovec (2004) heldur því fram að þess háttar orðræða ýti bæði undir pólitískan áhuga og styrki skynjun innflytjenda á *bifocality* þ.e. að taka afstöðu til tvenns á sama tíma (Vertovec, 2004: 983).

Ekki er ólíklegt að þessi endurvakta þjóðernishyggja kalli á viðbrögð stjórnvalda í þeim löndum sem innflytjendur hafa sest að í. Holland hefur til að mynda verið að færast meira í átt til endurnýjaðrar áherslu á samlögun eins og Bloemraad (2006) hefur bent á. Trica Keaton (2005) segir að í Frakklandi hafi þróunin líka verið í áttina að ofuráherslu á menningarlega samlögun innflytjenda. Í mörgum tilfellum er þess líka krafist að innflytjendur sýni eingöngu því landi sem

þeir búa í pólitíska hollustu til dæmis með því að leyfa ekki tvöfalt ríkisfang, eins og raunin er í Danmörku (Holm, 2004).

Þar bera reglur um danskan ríkisborgararétt með sér að þverþjóðleg tengsl innflytjenda og hollusta þeirra við heimalönd sín eru litin hornauga og talin óæskileg. Holm segir það sjást á því að Danir leyfi ekki tvöfalt ríkisfang. Viðmið hafi líka verið hert um skilyrði sem umsækjandi þarf að uppfylla til að geta fengið danskt ríkisfang. Viðmiðin virðast vera í þá átt að umsækjandi hafi aðlagast svo vel dönsku samfélagi að hann nálgist það að verða „danskur“ (Holm, 2004: 1-3).

Í stað þess að hnattvæðing og þverþjóðleg ferli dragi úr vægi þjóðríkisins eins margir hafa óttast, þá virðist þjóðríkið vera endurskilgreint og staðfest af stjórnvöldum í heimalöndum og brottfluttum íbúum þess. Það samræmist ekki lengur gömlum hugmyndum um landfræðilega afmörkuð yfirráðasvæði, heldur hnattvæðist það og teygir anga sína um allan heim. Brottfluttir íbúar verða því „sendiherrar“ í öðrum löndum sem beita áhrifum sínum í þágu heimalandsins.

Samantekt

Hér að ofan var gluggað í umræðuna um áhrif hnattvæðingar og þverþjóðlegra tengsla á þjóðríki heimsins. Ýmsir hafa óttast að þessi áhrif myndu draga úr vægi þjóðríkisins á meðan aðrir telja að svo sé ekki. Þeir segja þjóðríkið þvert á mótí virðast vera endurskilgreint og staðfest, ekki síst af stjórnvöldum í heimalöndum og brottfluttum íbúum þess.

Kjarninn í þessari umræðu hefur verið ríkisborgararétturinn. Telja sumir að ríkisstjórnir heimsins verði að viðurkenna þverþjóðleg tengsl innflytjenda með því að leyfa tvöfalt ríkisfang. Aðrir eru andvígir þeim hugmyndum og benda á að tvöfalt ríkisfang geti leitt til mikilvægra hagsmunaárekstra eins og hvar skuli gegna herþjónustu eða hvoru ríkinu eigi að sýna þjóðarhollustu.

Ekki verður betur séð en þjóðarhugtakið sé það sem málið snýst um. Því þykir sumum mikilvægt að ríki endurskilgreini reglur um ríkisborgararétt svo hann tengist ekki þjóðerni, heldur pólitísku samfélagi án nokkurrar kröfu um sameiginlega menningarlega sjálfsmynd. Það skýtur því skökku við að „heimalönd“

eru í auknum mæli farin að gera út á þjóðarhugtakið í samkeppni sinni um pólitíska hollustu innflytjenda við þau lönd sem þeir hafa flutt til.

4. kafli Pólítísk þátttaka

Í þessum kafla verður fjallað um pólitíska þátttöku og stuðst við hugmyndir Pierre Bourdieu um hinn félagslega heim með áherslu á hugtök hans habitus og félagslegan auð. Kenningu hans um pólitískt umboð verður gerð skil en einnig fjallað um rannsóknir nokkurra fræðimanna á pólitískri aðlögun innflytjenda og óhefðbundinni pólitískri þátttöku þeirra. Vegna þess mikilvægis sem tungumálið hefur í þjóðernishugmyndum Íslendinga verður sérstök umfjöllun um íslenska tungu.

4.1. Hinn félagslegi heimur

Ísland hefur ekki farið varhluta af hnattrænum búferlaflutningum og þeim menningarlega margbreytileika sem þeim fylgir. Þessi þróun hefur þó verið heldur seinni á ferðinni hér á landi en í mörgum nágrannalöndunum en ferlið virðist ætla að verða svipað. Aðstæður hér á landi hafa kallað á aukið vinnuafli síðustu árin en því hefur verið mætt með því að ráða fólk til starfa erlendis frá. Það sama átti sér stað í Svíþjóð og Danmörku og fleiri Evrópulöndum á sjöunda áratug síðustu aldar, þannig að þar er nú komin reynsla á fjölmenningsamfélag. Sú reynsla ætti að geta nýst Íslendingum til að standa sem best að því að nýir íbúar landsins láti til sín taka á öllum sviðum samfélagsins. Ef Ísland á áfram að standa undir nafni sem lýðræðisríki þá verða allir meðlimir samfélagsins að hafa pólitíska rödd sem borgarar.

Við fyrstu sýn gæti það virst nokkuð auðvelt fyrir þá innflytjendur sem áhuga hafa á að láta að sér kveða á vettvangi stjórnmála að fara í „slaginn“. Þegar grannt er skoðað má þó finna mögulegar hindranir sem gætu orðið til trafala þeim

sem áhuga hafa á því. Ekki endilega vegna andstöðu eða áhugaleysis íslenskra stjórnmalamanna að gefa nýjum íbúum tækifæri á vettvangi stjórnmalanna, heldur vegna þeirra „lögmála“ sem margir fræðimenn hafa talið eiga við um hinn félagslega heim.

Fræðimenn hafa á ýmsan hátt reynt að finna þess konar „lögmál“ til þess að útskýra félagslega heiminn og atferli fólks innan hans. Þeir sem aðhylltust strúktúralíska hluthyggju (e. *structural objectivism*) reyndu til dæmis að skýra félagslegt atferli frá sjónarhorni rannsakanda. Það gerðu þeir með því að búa til líkan um reglur ekki ósvipað tölvuforriti. Inn í það voru athafnir einstaklinga settar og líkanið látið greina um hvers konar atferli var að ræða. Gallinn við þess háttar líkón er að þau gera ekki ráð fyrir neinu svigrúmi fyrir atbeina fólks né sögulegum breytingum, sem verða einmitt til vegna hans. Þrátt fyrir að Sartre og fleiri kenningasmiðir hafi gert ráð fyrir atbeina fólks þá tókst þeim samt ekki að skýra kerfisbundið eðli félagslegs atferlis (Gledhill, 2000: 139).

Franski heimspekingurinn Pierre Bourdieu (1991) gerir tilraun til að leysa þennan vanda með því að gera ráð fyrir að félagslegt atferli sé bæði kerfisbundið eins og hluthyggjan gerir ráð fyrir og ákveðin víxlverkun. Þar á hann við að fólk hefur ákveðinn atbeina, sem hefur áhrif á og mótar sögu og umhverfi þess, en að sama skapi mótar sagan og umhverfið líka einstaklinginn. Til að skýra þetta notar Bourdieu hugtakið *habitus* sem hann segir röð eiginleika sem ýta undir ákveðna hegðun hjá einstaklingum.

Bourdieu og habitusinn

Þeir eiginleikar sem habitusinn er samansettur af gera það að verkum að framkoma fólks, hvernig það sér hlutina eða viðhorf þess verður „venjulegt“. Þessir eiginleikar stjórna ekki af einhverri „reglu“ heldur verða þeir til með stöðugu endurteknu ferli þar sem reynsla í barnæsku er mjög mikilvæg svo sem líkamsstaða, borðsiðir eða tjáningamáti. Þetta síendurtekna ferli verður til þess að eiginleikarnir greypast inn í líkamann og endast ómeðvitað allt lífið þannig að einstaklingar skynja án þess að gera sér grein fyrir því hvernig þeir eiga að haga sér og bregðast við í daglegu lífi.

fólk fær með öðrum orðum einskonar „tilfinningu“ fyrir leiknum. Óhjákvæmilega endurspegla þessir eiginleikar félagslegar aðstæður í þeim habitus sem þeir urðu til í og einstaklingar með svipaðan bakgrunn hafa yfirleitt tiltölulega einsleitann habitus (Bourdieu, 1991: 12 – 13).

Þessi hugmynd Bourdieu um að umhverfið móti einstaklinginn er samt sem áður engan vegin ný af nálinni. Þar sem skilur á milli greiningar hans og margra annarra er að hann hefur víkkað út kapítalískar hugmyndir um efnahagslegt kapítal til þess að skilja félagslega heiminn. Hann er sammála því að efnahagsleg tengsl skipti vissulega máli en bara að hluta til. Í stað eins rýmis þá lítur hann á félagslega heiminn sem margsvæða (e. *multi-dimensional*) rými þar sem hvert svæði er tiltölulega sjálfstætt. Bourdieu heldur því fram að það sem hann kallar félagsleg „svæði“ (e. *social fields*) eða „markaði“, sem eru í sjálfu sér ekki efnahagsleg, megi setja undir sama hatt og það efnahagslega. Vegna þess að einstaklingar framkvæmi alltaf í ákveðnu félagslegu samhengi þá telur hann að í sjálfu sér beri ekki að líta á ákveðin viðhorf og skynjun sem afurð habitusins, heldur eru þau afurð *tengslanna milli* habitusins annars vegar og hinsvegar þeirra „svæða“ eða „markaða“ sem einstaklingar athafna sig innan. Staða einstaklinga innan hvers svæðis ákvarðast síðan af magni ólíkra tegunda „auðs“ sem þeir búa yfir (ibid: 14 – 16).

Bourdieu og félagslegur auður

Það sem Bourdieu á við með félagslegum eða menningarlegum auði eru til dæmis þekking og hæfileikar sem einstaklingar geta aukið með menntun. Aftur á móti er aukin virðing eða heiður uppsafnaður táknrænn auður. Hann telur síðan einn mikilvægasta eiginleika „svæða“ vera það hvernig þau leyfi að einni tegund auðs sé umbreytt yfir í aðra. Þannig getur félagslegur auður breyst yfir í efnahagslegan með vellaunuðu starfi og jafnvel líka táknrænan auð með hærri stöðu í samfélaginu. Þrátt fyrir að Bourdieu geri ráð fyrir að grundvallar tengsl séu á milli athafna og hagsmuna þá á hann ekki við að þessir hagsmunir séu alltaf efnahagslegir. Einstaklingar sem sækjast eftir frama í pólitík eru ekkert endilega að sækjast eftir

efnahagslegum auði heldur er félagslegur og táknrænn auður oft mun eftirsóknarverðari í þeirra augum (ibid: 14 – 16).

Samkvæmt hugmyndum Bourdieu er pólitíski vettvangurinn eitt svæði eða markaður innan félagslegs vettvangs. Til þess að komast til áhrifa þar, þarf einstaklingur eða hópur að hámarka pólitískan auð sinn. Við skulum taka dæmi af einstaklingi sem er fæddur og uppalinn erlendis en sækist eftir að komast að á hefðbundnum pólitískum vettvangi hér á landi. Í fyrsta lagi stendur hann höllum fæti vegna þess að þeir sem fyrir eru hafa yfirleitt tiltölulega einsleitan habitus, sem kemur af því að alast upp og búa í sama samfélagi og því skortir hann „tilfinningu fyrir leiknum“. Í öðru lagi þá getur okkar maður verið með mikinn uppsafnaðan félagslegan og menningarlegan auð í heimalandi sínu, en við það að flytjast til nýs lands tapar hann stórum hluta hans. Ástæðan er að þekking hans á íslensku samfélagi og viðhorf eru allt önnur en þeirra sem hér hafa búið frá fæðingu. Til þess að eiga einhverja möguleika í stjórnmálum þarf hann því að byrja á að endurgera habitusinn og síðan að endurnýja eða bæta við félagslegan auð sinn og þar skiptir tungumálið sköpum.

Tungumálshabitusinn

Í hugmynd Bourdieu um habitus felst að hver einstaklingur hefur ákveðinn heildarhabitus sem samanstendur af fleiri en einum undirhabitus ef svo má segja. Sem dæmi um það er tungumálshabitusinn, en það er sá hluti sem þarf til þess að læra að tala í ákveðnu samhengi innan fjölskyldunnar, vindahópsins, skólans o.s.frv. Á vissan hátt þá „forritar“ habitusinn einstaklinga til að hegða sér og tala á ákveðinn hátt. Tjáning sem fylgir tali verður alltaf til í ákveðnu samhengi eða samkvæmt Bourdieu á ákveðnum mörkuðum og það eru eiginleikar þessara markaða sem gefa málinu ákveðið „gildi“. Á ákveðnum málmörkuðum fær sumt meira gildi en annað og hluti af getu þess sem talar er að vita hvernig á að búa til það sem hefur mikið gildi á þeim markaði sem í hlut á, það er að auka tungumálsaúð sinn. Það tungumál eða málfar sem er hærra sett í samfélaginu verður svokallaður tungumálsaúður. Sú staðreynd að þeir sem lægra settir eru

tungumálslega séð, eru stöðugt undir hælnum á formlegum málfarsreglum segir Bourdieu sýna fram á að til sé í raun ákveðið lögmætt tungumál. Því vefst einstaklingi með lítinn tungumálsauð venjulega tunga um tönn ef hann lendir í formlegum aðstæðum (ibid: 69, 71)

Eins og áður sagði þá heldur Bourdieu því fram að viðhorf og skynjun séu afurð tengslanna milli habitus og svæða eða markaða, en ef til dæmis tungumálshabitus og tungumálsmarkaður rekast á eða fara ekki saman þá veit einstaklingur jafnvel ekki hvernig hann á að hegða sér og getur því lent í vandræðum eða í bókstaflegri merkingu „misst málið“. Innflytjandi sem lært hefur íslensku á fullorðinsárum getur þannig átt í erfiðleikum með að koma málflutningi sínum til skila á pólitískum vettvangi vegna þess að hann hefur ekki náð að safna þeim „tungumálsauði“ sem til þarf. Reyndar segir Bourdieu tungumál ekki eingöngu vera samskiptatæki heldur líka ákveðin efnahagsleg skipti sem eiga sér stað innan ákveðinna táknrænna valdatengsla milli framleiðanda, sem hefur yfir ákveðnum tungumálsauði að ráða og neytanda eða markaðs. Þessi auður getur aflað einstaklingi ákveðins efnislegs eða táknræns hagnaðar. Þegar menn tala þá er það ekki bara í þeim tilgangi að orðin skiljist, heldur er málið líka merki um auð sem ætlast er til að menn leggi mat á og meti að verðleikum, en það er líka merki um vald sem ætlast er til að sé trúverðugt og menn fari eftir (ibid: 17 – 18, 56, 66).

Eins og fram kom í umfjöllun um íslenska þjóðernishyggju í fyrsta kafla, þá virðist íslensk tunga hafa fengið ákveðin sess í hugum Íslendinga sem „fjöregg“ íslensku þjóðarinnar. Það verður því varla hjá því komist að skoða betur hvaða áhrif það hefur á þann sess að hluti íbúanna talar hana nú með hreim.

4.2 Íslensk tunga

Ef marka má orð Guðmundar Hálfðanarsonar virðist hin opinbera skoðun enn vera sú meðal leiðtoga þjóðarinnar, að tungan teljist helsta forsenda þjóðernisvitundar okkar og það sem bindur okkur saman (Guðmundur Hálfðanarson, 2001: 16). Á tímum sjálfstæðisbaráttu Íslendinga lék tungan lykilhlutverk bæði sem vopn í baráttunni og ekki síður til að efla þjóðarvitundina eins og kom fram í umfjölluninni

um íslenska þjóðernishyggju. Sönn íslenska var hrein íslenska en þegar tungumálið hefur öðlast svo sterkt tákngildi kemur ekki á óvart að fólk fari að líta á það sem hlut og það fari líkt og að lifa sjálfstæðu lífi.

Gísli Pálsson (1989) bendir einmitt á að einn þáttur í þjóðernismálvitund Íslendinga sé hugmyndin um tungumálið sem „tæki“ til þess að auðga menninguna og rækta hugsun manna. Hann segir að í augum flestra Íslendinga sé tungumálið lifandi og að í skrifum um íslenska málstefnu virðist íslenskan vera lifandi vera. Markmið stefnunnar sé því að koma í veg fyrir að þeir sem tali íslensku skaði hana. Hallfríður Þórarinsdóttir (2004) segir að í gegnum tíðina hafi talsmenn íslenskrar þjóðernishyggju og íslenskrar málstefnu upphafið „hreinleikann“ og haft afgerandi áhrif á hugmyndir Íslendinga um íslenskt mál og hvað það væri sem gerði þá að „þjóð meðal þjóða“ (Hallfríður Þórarinsdóttir, 2004: 553). Þannig heldur Gísli því fram að finna megi samsvörun milli þess hvernig menn tali og hugsu. Hann segir gert ráð fyrir að hrein tunga sýni „skýra“ hugsun og að óhrein tunga standi fyrir „óskýra“ hugsun. Samkvæmt því er ekki hægt að nota „gott“ mál til þess að tjá óskýra hugsun eða að nota „vont“ mál til þess að tjá skýra hugsun. Þannig verða hugsun og tungumál á vissan hátt eitt (Gísli Pálsson, 1989: 123, 130).

Þar til fyrir um það bil tíu árum var lítil hefð fyrir því að útlendingar lærðu og notuðu íslensku og lítið fór fyrir þeim fáu sem það gerðu. Íslendingar eru því óvanir að eiga samskipti við útlendinga á íslensku og einsleitni þjóðarinnar framan af hefur orðið til þess að margir eiga erfitt með að skilja íslensku talaða með hreim. Birna Arnbjörnsdóttir (2007) bendir á að viðhorfið um að tungumál og þjóðerni fari saman hafi á sínum tíma þjappað Íslendingum í Vesturheimi saman og leitt til þess að íslenskan varð lífseigari þar en flest önnur innflytjendamál. Aftur á móti virðist þetta viðhorf virka hamlandi á aðgengi innflytjenda að íslensku máli, menningu og samfélagi. Hún segir hömlurnar lýsa sér í tregðu Íslendinga að tala íslensku við útlendinga og tilhneigingu þeirra að tala ensku við þá sem líta út eins og útlendingar, jafnvel ættleidd íslensk börn með „framandi“ útlit. Eins hafi Íslendingar, tilhneigingu til að gera ekki greinarmun á lítilli og mikilli málfærni og skilgreina alla sem tala með hreim sem ótalandi á íslensku. Jafnframt heldur Birna því fram að útlendingur sem ávarpar afgreiðslufólk í verslunum eða stofnunum á

íslensku, sé um leið að biðja um inngöngu í íslenskt málsamfélag. Þegar honum er ítrekað svarað á ensku er verið að neita honum um inngöngu. Sömu skilaboð eru send til innflytjenda þegar þeir komast ekki á íslenskunámskeið, námsgögn eru af skornum skammti og kennarar ekki í stakk búnir til að takast á við kennsluna vegna þess að þá skortir menntun og faglegan stuðning (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007: 78 – 80).

Rannsóknir Unnar Dísar Skaptadóttur og fleiri (Unnur Dís Skaptadóttir, 2003; 2004; Unnur Dís Skaptadóttir og Sóley Gréta Sveinsdóttir, 2006; Unnur Dís Skaptadóttir, 2007) sýna að orðræða um að innflytjendur tali ekki íslensku og vilji jafnvel ekki læra hana er ekki á rökum reist. Raunin er sú að innflytjendur telja sig ekki hafa nægt aðgengi að íslensku og telja tungumálið helstu hindrun þess að þeir fái betri störf en raun ber vitni jafnvel þó þeir hafi tilskilda menntun. Fram kom í rannsókn Unnar Dísar að sumir innflytjendur sem reyndu að nýta menntun sína eftir að hafa lært málið, töluðu um að hafa áfram mætt hindrunum sem þá snerust um vafa um það, hvort þeir væru nægilega góðir í íslensku til að sinna starfinu (Unnur Dís Skaptadóttir, 2007: 60). Samkvæmt þessu virðist íslenskan ætla að reynast innflytjendum fjötur um fót við að fá aðgengi að samfélaginu til jafns við innfædda. Það bendir því til þess eins og Birna bendir réttilega á, að tungumálið geti ekki lengur verið þjóðartákn á sama hátt og áður var til þess að tryggja aðgengi allra að samfélaginu (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007: 80).

Ef við lítum á formlega pólitíska vettvanginn hér á landi sem ákveðinn tungumálamarkað þá hefur löngum þótt mikilvægt að þeir sem þar hasli sér völl hafi gott vald á íslenskri tungu og góður kostur að geta tjáð sig í bundnu máli. Því virðist vera hæpið að þeir sem ekki hafa íslensku að móðurmáli geti staðið jafnfætis innfæddum á þeim markaði sem pólitíski vettvangurinn er. Stöðugt þarf að vinna að því að endurgera tungumálshabitusinn en í stað þess að gera það nokkuð fyrirhafnarlaust jafnóðum í tímans rás eins og innfæddir, þá þurfa innflytjendur að vinna að þessari endurgerð á stuttum tíma til þess að safna upp þeim tungumálsaudi sem þarf að búa yfir til að geta tekið þátt á pólitíska vettvanginum. Því eins og Bourdieu segir, þá eru lögmál tungumálamarkaðarins mun hliðhollari þeim sem búa yfir mestu tungumálahæfninni eins og við formlegar aðstæður. Það veitir þeim sem

eru ríkjandi á markaðnum betri stöðu og aukið vald til þess að tala eða eins og Will Kymlicka (2001) bendir á þá verður fólk að hafa ákveðna þekkingu á ýmsum venjum og siðum sem tilheyra pólitískum rökræðum til þess að geta „tekið þátt í leiknum“. Því eigi hinn almenni borgari aðeins auðvelt með að rökræða pólitík á eigin tungumáli (Kymlicka, 2001: 213). Með þetta í huga er ekki úr vegi að líta nánar á það sem á sér stað á hefðbundna pólitíska vettvanginum.

4.3 Pólitískur vettvangur

Það að gefa hópi nafn er svokallað táknrænt vald og því valdi sem fæst með því, fylgir venjulega umboð til að vera í forsvari fyrir hópinn (Bourdieu, 1991: 250). Til að útskýra það sem á sér stað á pólitíska vettvangnum þróaði Bourdieu kenningu um pólitískt umboð (e. *political representation*). Þar leggur hann áherslu á hvernig leiðtogar og flokkar skilgreina hugmyndafræðilega sýn kjósenda og byggir hugmyndir sínar aðallega á verkalýðsleiðtogum og verkamannaflokkum. Hann segir þá vera einstaklinga og stofnanir sem hafi vald til að tala í nafni verkalýðsstéttarinnar en „vald til að tala“ fyrir hönd hóps breyti honum úr því að vera samansafn einstaklinga yfir í að vera pólitískt afl (ibid, 1991: 250).

Einstaklingar hafa vissulega möguleika á því en algengara er að uppsafnað pólitískt kapítal margra einstaklinga sé framselt til pólitískra hópa eða stjórnmalaflokka. Því eins og Bourdieu heldur fram, þá hefur pólitískt kapítal haft sögulega tilhneigingu til að safnast á fárra hendur. Ástæðuna segir hann vera að hagsmunir óskipulagðra einstaklinga hafa enga möguleika að öðlast aðgengi að pólitíska vettvanginum, ekki síst ef þeir eru útlendingar án kosningaréttar. Þessir hagsmunir geta þó orðið vopn í baráttunni (ibid: 174, 188).

Það sem síðan gerist segir Bourdieu, er að pólitískir hópar eða stjórnmalaflokkar verða að finna leiðir til að virkja sem flesta einstaklinga. Það gera þeir með því að sérfræðingsgera (e. *professionalize*) pólitíska vettvanginn. Þróuð er margs konar sérfræðikunnátta til að hafa stjórn á undirstöðunni og tryggja með því „það umboð“ sem allir þessir óskipulögðu einstaklingar hafa veitt þeim. Sérfræðingskunnáttan er síðan „staðfest“ með flóknu verklagi við að búa til tillögur

á flokksráðsfundum. Þannig verður til sérhæfður menningarlegur heimur pólitíkusa sem „venjulegt“ fólk er útilokað frá (ibid: 184).

Sérhæfðir pólitíkusar geta samt sem áður ekki keppt um völd við hvern annan án þess að virkja „venjulega“ fólkið. Þar kemur persónulegur pólitískur auður leiðtogans til skjalanna, annað hvort í formi persónutöfra eða getu hans til að veita stuðning. Einn möguleiki á að búa til endanlegt tæki til að virkja fólk er að fela pólitískan og táknrænan auð flokksins í hendur skrifræðinu innan flokkssamtaka. Það að útdeila verkefnum verður þá mikilvægara en að vinna „hug og hjörtu“ fólks og stefnumörkun verður lokaðri og sérhæfðara verkefni (ibid: 170).

Kenning Bourdieu um pólitískt umboð ber þess merki að verða til í umhverfi stéttabaráttu franskra verkamanna, en öflug verkalýðsfélög hafa lengi einkennt franskt samfélag. Nálgun hans sýnir ágætlega það sem á sér stað á hefðbundna pólitíska vettvangnum en hefur þann annmarka að fjalla lítið um atbeina þeirra sem hann kallar óskipulagða einstaklinga. Aðkomu þeirra að óformlegum pólitískum vettvangi eru lítil skil gerð en rannsóknir sýna að það er einmitt algeng leið sem innflytjendur fara í hagsmunabaráttu sinni (Bäck og Soininen, 1998; Isin, 2002; Fennema og Tillie, 2005; Bloemraad, 2006).

4.4 Pólitísk aðlögun í framkvæmd

Það er ekkert nýtt að innflytjendur séu ekki sýnilegir á pólitíska vettvangnum burtséð frá pólitískum réttindum þeirra. Við fyrstu sýn virðist hefðbundna pólitíska kerfið eðlilegasti farvegurinn fyrir pólitíska þátttöku. Samt sem áður er aðgangur að því hindraður innflytjendum í flestum vestrænum Evrópulöndum (Kymlicka, 1995; Penninz og fleiri, 2004). Enn sem komið er finnast tiltölulegar fáar rannsóknir um hvernig pólitískri aðlögun íbúa af erlendum uppruna er háttáð og þær sem til eru eiga yfirleitt að mestu leyti við um kosningaþátttöku (Togeby, 2002; Bloemraad, 2006). Pólitísk réttindi innflytjenda geta verið og eru oft til staðar en eins og Kymlicka (1995) bendir á þá eru þau engin trygging fyrir raunverulegri þátttöku þeirra í pólitískri ákvarðanatöku.

Í sumum löndum sem hafa langa reynslu af fjölmenningsamfélagi er þó nokkuð um liðið frá því innflytjendur án ríkisborgararéttar fengu lagaleg réttindi til pólitískrar þátttöku. Svíþjóð var fyrsta landið til að veita útlendingum búsettum í landinu kosningarétt í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum árið 1975 (Bäck og Soininen, 1998). Nágrannar þeirra í Danmörku fylgdu í kjölfarið árið 1981 (Togeby, 2002). Þrátt fyrir að lagaleg réttindi hafi þannig verið lengi til staðar í þessum tveimur löndum, þá benda rannsóknir til þess að þau séu samt ekki að virka sem skyldi (Bäck og Soininen, 1998; Togeby, 2002). Henry Bäck og Maritta Soininen (1998) benda á að verulega hafi dregið úr kosningaþátttöku innflytjenda í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum í Svíþjóð frá því í fyrstu kosningunum árið 1976. Jafnframt sé vísbending um að þeir séu almennt ekki sýnilegir og jafnvel útilokaðir frá stjórnámálum og annarri stofnanalegri þátttöku.

Ástandið virðist vera öllu betra í Danmörku þrátt fyrir að þar hafi líka dregið úr kosningaþátttöku innflytjenda. Lisa Togeby (2002) telur að rekja megi mun á þátttöku danskra og sænskra innflytjenda til ólíks kosningakerfis. Hún segir danska kerfið fela í sér meiri hvata fyrir innflytjendur að taka þátt í kosningum en það sænska, vegna þess að í Danmörku sé löng hefð fyrir því að kjósa einstaklinga. Það sé mikil hvatning fyrir innflytjendur að styðja frambjóðendur úr eigin hópi í prófkjörum fyrir uppstillingu á framboðslista stjórnálflokkana (Togeby, 2002: 14). Það að kjósa flokk í stað einstaklinga er eitt atriði sem Bäck og Soininen nefna að geti dregið úr áhuga innflytjenda á kosningum og kosningabaráttu, ekki síst ef fólk er vant annars konar kosningakerfi. Aðrir þættir sem þau segja geta verið letjandi til þátttöku eru skortur á upplýsingum, tungumálaerfiðleikar, erfiðleikar við kosningatækni, skortur á þekkingu um stjórnálflokka og sænsk stjórnámál, ásamt þeirri tilfinningu að tilheyra ekki sænsku samfélagi (Bäck og Soininen, 1998: 36).

Þáttur fjölmiðla og stjórnámálanna getur skipt miklu máli í orðræðunni um innflytjendur og tilfinningu þeirra um að tilheyra samfélaginu. Allt of algengt er til dæmis að sænskir og danskir fjölmiðlar sýni innflytjendur sem félagslegt vandamál og bagga á kerfinu (Bäck og Soininen, 1998; Andersen, 2002; Jagd, 2004). Það er ólíklegt að fólk sé tilbúið að samsvara sig svo neikvæðri ímynd og telja Bäck og Soininen þess háttar fjölmiðlaumfjöllun mögulega geta dregið úr áhuga innflytjenda

á að taka þátt í stjórnámálum (Bäck og Soininen, 1998: 37). Þeir geta hins vegar reynt að koma hagsmunum sínum að í pólitískri umræðu með því eins og Penninz og félagar benda á, að mynda þrýstihópa innan eða utan þeirra stjórnámálflokka sem fyrir eru (Penninz og fleiri, 2005: 8). Þannig verða hagsmunirnir vopn í baráttu þeirra fyrir því að fá aðgengi að pólitíska vettvangnum eins og Bourdieu heldur fram.

Það lítur út fyrir að þessi barátta sé að einhverju leyti óhjákvæmileg. Í Svíþjóð eru innflytjendur aðeins lítill hluti kjörinna fulltrúa stjórnámálflokka þrátt fyrir að vera komnir með sænskt ríkisfang og hafa haft það í áratugi. Bäck og Soininen halda því fram að innfæddur sænskur ríkisborgari sé þrisvar sinnum líklegri en útlendingur og tvisvar sinnum líklegri en annarrar kynslóðar innflytjandi til að verða meðlimur í stjórnámálflokki. Þeir fáu stjórnámálamenn sem eru af erlendum uppruna líta því yfirleitt á sig sem fulltrúa innflytjenda og þeirra hagsmuna (Bäck og Soininen, 1998: 46-47).

Aftur á móti segir Togeby vera mikin mun í Danmörku á þátttöku innflytjenda og afkomenda þeirra. Hún segir afkomendurna vera mun virkari í stjórnámálflokkum og eins hafi það sýnt sig að ungar og miðaldra konur af erlendum uppruna, sem búið hafa um áraraddir í Danmörku eru mjög virkar í stjórnámálum (Togeby, 2002: 5, 12). Reyndar kemur ekki fram hjá henni neinn samanburður við þátttöku etnískra Dana. Togeby bendir samt á að kosningaþátttaka aukist samfara aðlögun og sé tiltölulega hærri hjá þeim sem eru með danskan ríkisborgararétt, séu á vinnumarkaðnum, hafi danska menntun og tali góða dönsku (Togeby, 2002: 12). Samt sem áður verður ekki horft framhjá þeirri staðreynd að hlutfall veitts ríkisborgararéttar í Danmörku er tiltölulega lágt (Holm, 2004). Án hans geta íbúar af erlendum uppruna aldrei orðið fullir þátttakendur í dönsku lýðræðissamfélagi vegna þess að þeir hafa aðeins takmarkaðan kosningarétt. Í Svíþjóð er svipað uppi á teningnum því um það bil helmingur erlendra íbúa kys að halda sínu upphaflega ríkisfangi jafnvel þó það takmarki formleg pólitísk réttindi þeirra (Bäck og Soininen, 1998). Í báðum þessum löndum er gert ráð fyrir að ákveðin menningarleg einsleitni felist í ríkisborgararéttinum ásamt því að dönsk lög leyfa ekki tvöfalt ríkisfang.

Þegar innflytjendur flytja til nýs lands fer yfirleitt ákveðið stofnanalegt ferli í gang. Það þarf að skrá viðkomandi inn í landið, fá atvinnuleyfi, læra nýtt tungumál og svo framvegis. Oft er fólk að flytja frá gjörólíkum samfélögum þar sem uppeldi barna, menntakerfi, jafnrétti kynja, pólitísk þátttaka og aðkoma að vinnumarkaði er á allt annan hátt. Því þarf ákveðna samfélagslega leiðsögn í byrjun og er misjafnt eftir löndum hvernig henni er háttað. Í sumum löndum, þar á meðal Bandaríkjunum, er þessi leiðsögn meira í höndum etnískra samfélaga og tengsla einstaklinga á meðan að önnur lönd eins og Kanada hafa komið á ákveðnu stofnanalegu formi sem innflytjendur fara inn í við komuna til landsins. Í bók sinni „Becoming a Citizen“ (2006) heldur Irene Bloemraad því fram að stefna stjórnvalda í málefnum innflytjenda hafi mikilvæg áhrif á hvort þeir verði virkir í pólitík. Þar skiptir mestu máli hvernig viðtökur þeir fá í nýju landi. Hún kemst að þeirri niðurstöðu að stofnanalegt form aðlögunar ýti undir þá tilfinningu einstaklinga að tilheyra pólitískt og þar með pólitíska þátttöku þeirra. Því til staðfestingar bendir hún á að árið 2000 hafi 11% íbúa Bandaríkjanna verið fæddir erlendis en aðeins 2% þingmanna. Aftur á móti voru 19% íbúa í Kanada af erlendum uppruna árið 2002 og hlutfall þingmanna úr þeim hópi 15% (Bloemraad, 2006: 3).

Þrátt fyrir að innflytjendur hafi oft náð góðri samfélagslegri aðlögun þá bendir ýmislegt til þess að þeir geti samt sem áður átt erfitt með að fá aðild að stjórnmalaflokkum eins og Bäck og Soininen komust að. Þau segja aðgengi innflytjenda að hinum ýmsu samtökum samfélagsins vera nokkuð gott, en áberandi sé að stjórnmalaflokkar standi sig einna verst (Bäck og Soininen, 1998: 47). Þegar fulltrúar úr etnískum minnihluta eru kjörnir í nefndir og ráð í bæjarstjórnnum eru þeir oft jaðarpersónur í þeim. Romain Garbaye setur spurningamerki við pólitískt hlutverk þeirra þar og segir innflytjendur oft virðast vera þar sem eins konar tákn fyrir samfélag sitt frekar en fullgildir þátttakendur í ákvarðanatökum (Garbaye, 2005: 40).

Mögulega má rekja áhugaleysi stjórnmalaflokka til þess sem Bäck og Soininen bentu á að stjórnmalamenn af erlendum uppruna setja venjulega hagsmuni innflytjenda á oddinn. Hans Mahnig (2005) heldur því fram að stjórnmalaflokkar hafi venjulega engan áhuga á að taka afstöðu í tengslum við innflytjendur. Hann

segir það vera vegna ótta þeirra við að missa fylgi og því hætti þeim til að nota strategíuna „að forðast málefnið“. Hann bendir á að litlir flokkar bæði á hægri og vinstri væng, geti samt oft hagnast á því að nota málefni innflytjenda í tengslum við kosningar. Yfirleitt komist málefni þeirra þó ekki á dagskrá hjá stjórnámálamönnum fyrr en farið er að líta á þá sem ógn við samfélagsheildina. Að auki séu innflytjendur yfirleitt ekki teknir með í þá umræðu. Mahnig, 2005: 18).

Eins og áður sagði getur neikvæð ímynd og erfitt aðgengi að formlega pólitíska vettvangnum „neytt“ innflytjendur út í baráttu um að fá hagsmuni sína viðurkennda eftir öðrum leiðum. Þar kemur óformlegi vettvangurinn til skjalanna en innflytjendur hafa oft nýtt hann sem eins konar „stökkpall“ yfir á formlega vettvanginn.

4.5 Óformlegi vettvangurinn

Í Vestrænni hefð um pólitíska hugsun hefur verið lögð mikil áhersla á það að vera pólitískur, byggja á díalektíkinni vinur gegn óvini. Yfirleitt er þessi hugsun rakin til baráttu ríkjandi stétta í fornum borgum Grikkja og Rómverja gegn utanaðkomandi óvinum eins og „barbörum“. Engin Isin (2002) heldur því fram að þessu hafi í raun verið öfugt farið. Það hafi fyrst og fremst verið aðferðir þeirra sem höfðu búseturétt í borgunum án þess að teljast til lögmætra borgara, sem sé upphafið að þeirri pólitík sem við þekkjum. Ástæðan er að pólitík snýst fyrst og fremst um tengsl og það að vera pólitískur þýðir að koma á tengslum milli sjálfs sín og annarra. Í fornborgunum voru það til dæmis handverksmenn, kaupmenn og iðnaðarmenn sem notuðu ýmsar leiðir og aðferðir til þess að koma á tengslum við aristókratana til þess að gæta hagsmuna sinna innan borgarinnar. Isin heldur því fram að með því að taka þátt í þess háttar hagsmunagæslu verði maður pólitískur (Isin, 2002: 38).

Þegar kemur að þátttöku á óformlegum pólitískum vettvangi geta innflytjendur valið um að minnsta kosti þrjár leiðir. Í fyrsta lagi að taka þátt í hinum ýmsu borgaralegu sjálfboðaliðasamtökum sem vinna að sameiginlegu markmiði eða hagsmunum. Meindert Fennema og Jean Tillie (2005) segja að með því myndist félagslegt traust sem færast yfir í önnur samtök og út í opinbera rýmið. Þannig sé

hægt að líta á félagslega þátttöku sjálfboðaliða sem eins konar „skóla“ fyrir pólitíska þátttöku á formlega vettvanginum. Þau halda því fram að meðlimir sjálfboðaliðasamtaka sýni meira sjálfstraust í pólitík og meira traust gagnvart stjórnvöldum. Eins skapist tengsl við að fólk sitji í stjórn fleiri en einna samtaka (Fennema og Tillie, 2005: 86 - 87).

Sá hængur er hins vegar á að ýmislegt bendir til þess að innflytjendur strandi á hindrunum innan margra þessara samtaka, sem koma í veg fyrir bæði virka aðild þeirra og kjör í stjórnir (Bäck og Soininen, 1998: 46). Þessar hindranir geta vissulega verið af ýmsum toga svo sem vegna tungumálaörðugleika, en Togeby segir samt oft skorta á að innfæddir leggi sig fram um að fá fulltrúa etnískra minnihlutahópa til samstarfs. Mönnum finnst einfaldlega auðveldara að gera hlutina bara eins og þeir hafi alltaf gert (Togeby, 2002: 11). Hins vegar benda Penninx og félagar (2005) á að stjórnvöld geti sett á laggirnar stofnanir sem vinni að því að mynda tengsl við innflytjendur.

Í öðru lagi geta innflytjendur sjálfir reynt að komast hjá fyrrnefndum hindrunum með því að stofna eigin hagsmunasamtök. Jafnvel þó fólk aðlagist vel þá er skynjunin um „að vera öðruvísi“ alltaf til staðar, en Bloemraad segir það koma af því að hafa búið í að minnsta kosti tveimur ólíkum löndum sem hvert um sig hefur ákveðin menningarleg, félagsleg og pólitísk norm (Bloemraad, 2006: 240). Að sjálfsögðu eru innflytjendur ekki einhver einsleitur hópur en þeir eiga oft sameiginlegra hagsmuna að gæta sem auðveldara er að vinna að sem einni heild. Með því skapast möguleiki á að vera sýnilegri í samfélaginu, öðlast viðurkenningu og þrýsta á umbætur þeim til handa.

Að síðustu er sá möguleiki að mynda félög eða samtök eftir etnískum línunum. Bloemraad bendir á þjóðerni sem sérlega áhrifaríka leið til að skipuleggja hópa í ákveðnum tilgangi, því tengsl sem byggja á þjóðerni séu örugglega ein sterkustu og tilfinningatengdu tengsl sem fólk hefur. Innflytjendur hafa kannski ekki haft neitt sterka skynjun um sameiginlegt þjóðerni áður en þeir fluttu úr landi, en raunveruleikinn við að flytja til nýs lands gerir etnísk tengsl mun mikilvægari. Hún segir ekki mega líta framhjá því því að etnískt samfélag greiði leiðina fyrir innflytjendur að verða teknir inn í pólitíska kerfið (Bloemraad, 2006: 240).

Þegar horft er til innflytjenda og Bandaríkjamanna af afrískum uppruna í amerískum stórborgum í byrjun 20. aldarinnar, þá sést að þeir notuð ýmsar leiðir og aðferðir til þess að streitast gegn samlögunarkröfum eins og Isin sýnir fram á. Með því að koma á menningarlegum og félagslegum tengslanetum þá staðfestu þeir sjálfsmyndir sínar og sjálfsvitund í dagblöðum, tónlist, klúbbum, börum, samtökum og hinum ýmsu góðgerðarsamtökum. Ýmsir innflytjendahópar urðu virkir í borgarpólitíkinni eins og Írar í Chicago, Boston, New Orleans og San Francisco, en að auki gerðu margir þjóðernishópar sig sýnilega í gegnum skrudgöngur, mótmæli, göngur, götuleikhús og samkomur. Reyndar heldur Isin (2002) því fram að það hafi í raun verið tilvist Bandaríkjamanna af afrískum uppruna og innflytjenda sem „ólögmætir borgarar“ í stórborgum sem gerði þær að lifandi pólitísku, félagslegu og menningarlegu rými. Margar athafnir og leiðir sem þessir hópar notuðu skiluðu sér í sterkri arfleifð, sem aðrir hópar byggðu á síðari hluta 20. aldarinnar. Þær urðu að uppsprettu fyrir nýjar skilgreiningar, nýja hópa og nýjan styrk til þess að koma með ólíkar leiðir þess að vera pólitískur svo sem borgaralegar- og kvenna hreyfingar, samtök samkynhneigðra og umhverfissinna (Isin, 2002: 226 -7).

Samkvæmt þessu eru innflytjendum ekki allar bjargir bannaðar þó aðgengi þeirra að formlega pólitíska vettvanginum geti verið erfitt. Til dæmis eru ýmsar leiðir fyrir hendi að gera þá sýnilega í samfélaginu og þrýsta þannig á umbætur þeim til handa. Oft verður þessi sýnileiki líka til þess að ákveðnir einstaklingar úr þeirra hópi komast inn á formlega vettvanginn.

Samantekt

Í þessum kafla var pólitísk þátttaka innflytjanda til umræðu. Með því að nota hugmyndir Pierre Bourdieu um að umhverfið móti einstaklinginn, sem hann útskýrir með hugtökunum habitus og félagslegur auður, má sjá hvernig „lögmál“ félagslega heimsins hafa áhrif á hefðbundna pólitíska þátttöku þeirra. Tungumálið virðist vera ákveðin hindrun fyrir innflytjendur að pólitíska vettvangnum og því var sérstaklega fjallað um íslenska tungu í kaflanum. Viðhorf Íslendinga til tungumálsins sem „fjöreggs“ þjóðarinnar hefur skilað sér í opinberri málstefnu um

að vernda og rækta íslenska tungu. Skaðist hún hefur það áhrif á okkur sem sjálfstæða þjóð og því er sönn íslenska hrein íslenska. „Óhrein“ íslenska eða með öðrum orðum íslenska með hreim virðist ekki fara vel í landann og það lítur út fyrir að hún ætli að reynast innflytjendum erfiður ljár í þúfu þegar kemur að því að fá aðgengi að samfélaginu til jafns við innfædda. Það getur því verið erfitt að halda íslenskri tungu á lofti sem þjóðartákni á sama hátt og áður var ef tryggja á aðgengi allra að samfélaginu.

Rannsóknir á pólitískri aðlögun innflytjenda sýna að ýmsar hindranir eru í veginum inn á formlega pólitíska vettvanginn, en fyrir atbeina þeirra sjálfra tekst þeim samt að gera sig sýnilega í samfélaginu. Þannig má kannski segja að innflytjendur komist oft „bakdyramegin“ inn á formlega vettvanginn.

5. kafli Aðferðir og framkvæmd

Í þessum kafla verður fjallað um aðferðafræðilega þætti rannsóknarinnar. Kynnt verður sú rannsóknaraðferð sem notuð er ásamt því að gera skil þeirri aðferðafræði sem lögð er til grundvallar. Farið er yfir það ferli sem átti sér stað við framkvæmd rannsóknar og í lokin velt upp nokkrum siðferðislegum þönkum varðandi tengsl rannsakanda við rannsóknina.

5.1 Eigindlegar rannsóknir

Rannsóknaraðferðirnar sem notaðar eru í þessari rannsókn kallast eigindlegar aðferðir. Þessar rannsóknaraðferðir nýtast vel í rannsóknum sem beinast að því að öðlast heildstæða mynd af lífi og aðstæðum fólks og afla þekkingar á því hvaða skilning og merkingu fólk leggur í líf sitt og athafnir. Með þessum aðferðum er ekki verið að reyna að fá víðtækt tölfræðilegt yfirlit yfir það svið sem rannsaka á heldur að öðlast dýpri skilning á lífi og aðstæðum færri einstaklinga. Markmiðið er að skilja hlutina frá sjónarhóli þeirra sem taka þátt í rannsókninni. Rannsakandinn sjálfur er rannsóknartækið og aflar gagna meðal annars með vettvangsnótum, opnum viðtölum sem tekin eru upp á segulband eða önnur upptökutæki og þátttökuathugunum, þar sem fylgst er náið með öllum smáatriðum (Strauss og Corbin, 1998; Esterberg, 2002; Bogdan og Biklen, 2003).

Í eigindlegum rannsóknum er ekki lagt upp með ákveðna tilgátu eins og í megindegum rannsóknum, heldur eru gögnin greind með aðleiðslu (e. *inductive*) þar sem ákveðið ferli á sér stað og gögnin eru látin „tala“. Með því er átt við að frumgreining er gerð að loknu hverju viðtali eða þátttökuathugun, sem leiðir rannsakandann áfram að nýjum spurningum eða nýjum áherslum eftir því sem

ákveðin þemu eða mynstur birtast. Í greiningunni er lögð áhersla á að fá fram nokkuð heildstæða merkingu til að lýsa flókinni mynd, án þess að alhæfa um niðurstöður (Strauss og Corbin, 1998; Esterberg, 2002; Bogdan og Biklen, 2003). Aðferðafræðin sem notuð er byggir á aðferðum grundaðrar kenningar, en hún hentar vel í þessari rannsókn þar sem rannsakandi leitar að vísbendingum í gögnunum sem vekja athygli og áhuga hans.

Aðferðafræði: Grunduð kenning

Nálgun grundaðrar kenningar kom fyrst fram í lok sjöunda áratugarins en hún var upphaflega þróuð af tveimur félagsfræðingum, Barney Glaser og Anselm Strauss. Þeir héldu því fram að kenningar yrðu að „grundast“ í gögnum sem safnað væri á vettvangi, sérstaklega í athöfnum, samskiptum og félagslegum ferlum fólks. Þó svo Glaser og Strauss hafi á margan hátt verið ósammála um útfærslu grundaðrar kenningar, þá fylgja báðir enn í dag þessari grunnhugmynd (Strauss og Corbin, 1998; Creswell, 1998; Clarke, 2003;). Allt frá því þeir kynntu nálgun sína hefur hún mikið verið notuð í rannsóknum nánast athugasemdalaust. Á síðustu árum hafa þó komið fram tillögur um að hún þurfi endurskoðunar við, til þess að ná utan um aukinn mun og margbreytileika í félagslegu lífi, sem tengist póstmódernískum áherslum í félagsvísindaheiminum (Clarke, 2003).

Með aðferðum grundaðrar kenningar leitar rannsakandi að vísbendingum í gögnunum, sem vekja athygli og áhuga hans. Þetta stig tengist svokallaðri opinni kóðun þar sem hugtök eða þemu eru fundin og flokkuð. Í framhaldi af því er hægt að taka ákveðið afmarkað hugtak eða þema og þróa það áfram í öxulkóðun. Þannig er fyrirbærið sett í samhengi og meðal annars eru orsakatengsl og áhrifaþættir könnuð (Strauss og Corbin, 1998; Creswell, 1998).

Einkennandi fyrir þessa nálgun hefur verið að hún krefst þess að greining hefjist um leið og fyrstu gagna hefur verið aflað. Svokölluð kóðun eða lyklun hefst strax og kenning byggð á fyrstu greiningu er sett fram. Úrtakið miðast ekkert endilega við að vera lýsandi fyrir einhvern félagslegan hóp, heldur sérstaklega og eingöngu við kenningarlegar áherslur sem hafa komið fram í fyrstu greiningu. Þess

háttar „fræðilegt úrtak“ fókusar á að finna „nýja gagnauppsprettu“ (einstaklinga eða eitthvað annað) sem varpa skýrustu ljósi á ákveðna kenningarlega fleti, sem koma fram í greiningunni. Fræðilegt úrtak hefur verið lykilatriði í grundaðri kenningu frá upphafi og er enn grundvallar styrkur þessarar greiningar nálgunar. Frá upphafi hafa þeir sem notað hafa grundaða kenningu notað vettvangsaðferðir eins og viðtöl og/eða önnur etnógrafísk gögn til þess að skoða athafnir manna (Strauss og Corbin, 1998; Creswell, 1998).

Markmiðið með rannsókninni er að skoða aðgengi og þátttöku innflytjenda á pólitíska vettvanginum á Íslandi. Reynt verður að koma auga á ósýnilegar hindranir sem koma í veg fyrir að innflytjendur hafi sama aðgengi eða möguleika og innfæddir á þeim vettvangi. Að sjálfsögðu eru innflytjendur ekki einhver einsleitur hópur en í þessari rannsókn er miðað við einstaklinga sem flust hafa til Íslands á fullorðinsaldri og skiptir þá engu hvort þeir eru íslenskir ríkisborgarar í dag. Rannsóknarsniðið einkennist því af upplýsingaöflun frá innflytjendum og innfæddum Íslendingum sem hafa verið virkir á formlega pólitíska vettvanginum. Við gagnaöflun voru notuð opin djúpviðtöl og þátttökuathuganir ásamt því að skoða lagasetningar er varða innflytjendur. Að auki áttu sér stað nokkur óformleg viðtöl við einstaklinga, sem starfa við stofnanir og fyrirtæki sem sjá um námskeiðahald í íslenskukennslu. Þar sem rannsakandi vinnur sjálfur við að kenna íslensku fyrir útlendinga þá var sá vettvangur einnig nýttur til að heyra viðhorf nemenda á ýmsum þáttum er varða rannsóknina. Eins voru heimasíður stjórnmalaflokka skoðaðar á Netinu.

Aðferðir: Viðtöl og þátttökuathuganir

Með opnu djúpviðtali er rannsakandi að reyna að skilja heiminn út frá sjónarhóli viðmælanda. Því verður viðtalið verður nánast eins og daglegt spjall milli þeirra tveggja. Samt sem áður felur það í sér ákveðna nálgun og spurningatækni. Venjulega eru þessi viðtöl hálfstöðluð (e. *semistructured*) það er, rannsakandi hefur ákveðna þætti í huga sem hann leitar svara við og hefur því mótað eins konar spurningaramma, sem hann leggur upp með (Kvale, 1996: 27). Það hvernig viðtalið

Þróast fer síðan að miklu leyti eftir svörum viðmælanda, því oft kemur hann inn á áhugaverða þætti sem rannsakandi reynir að fylgja eftir og þannig verða til nýjar spurningar, sem leiða rannsakanda áfram. Í rannsókninni voru tekin tíu opin djúpviðtöl við einstaklinga af erlendum uppruna og Íslendinga sem hafa verið virkir á formlega pólitíska vettvanginum.

Í eigindlegum rannsóknum eru þátttöku- eða vettvangsathuganir ekki síður mikilvægar en djúpviðtöl til gagnaöflunar því með þeim næst annað sjónarhorn eða flötur á þær upplýsingar, sem fram koma í viðtölunum. Í þessari rannsókn voru gerðar sex vettvangsathuganir á opinberum málþingum og fundum þar sem málefni innflytjenda voru til umfjöllunar. Þar sem rannsakandinn er sjálfur rannsóknartækið er mikilvægt að hann fylgist vel með því sem á sér stað á vettvangi, bæði hegðun fólks og því sem það segir til að fá sem bestar upplýsingar (Cresswell, 1998; Esterberg, 2002).

5.2 Framkvæmd rannsókna

Undirbúningur fyrir rannsóknina hófst í janúar árið 2006 með því að útbúa rannsóknaráætlun. Vinna við gagnaöflun hófst um miðjan janúar árið 2006 og var lokið í byrjun september árið 2008. Þátttakendur í rannsókninni eru tíu einstaklingar sem valdir voru með markvissu úrtaki, sem miðaði að því finna viðmælendur úr hópi innflytjenda og íslenskra stjórnámálamanna. Til að koma í veg fyrir að unnt sé að rekja upplýsingar sem fram koma í þessari rannsókn til einstaklinganna sem þátt tóku í rannsókninni, þá hefur verið reynt að koma því þannig fyrir að þátttakendur verði ekki þekktanlegir. Svo gæta megi trúnaðar við þau hefur nöfnum þeirra verið breytt og var þeim gerð grein fyrir þessu fyrirkomulagi strax í upphafi rannsókna. Úr hópi innflytjenda eru: Barbara Kowalska, Maryam Farida Katharina Hirsch, William Miller, Ken Shimane, John Ramirez og Piotr Sikora. Íslenskir stjórnámálamenn sem talað var við eru Einar Karlsson, Helga Bjarnadóttir og Karl Sveinsson.

Gagnasöfnun

Gagnasöfnun fór fram með opnum djúpvíðtölum við þátttakendur og voru fjögur víðtöl tekin á heimilum viðmælenda, eitt víðtal á heimili foreldra rannsakanda, eitt á kaffihúsi í Reykjavík og fjögur á vinnustöðum viðmælenda. Í víðtölunum var ekki stuðst við spurningalista en rannsóknarspurningar hafðar að leiðarljósi.

Gerðar voru sex vettvangsathuganir á ýmsum opinberum fundum og málþingum um málefni er varða innflytjendur og eru í eftirfarandi röð: 8. apríl 2006, málþing í Reykjavíkúakademíunni um stefnu stjórnmalaflokkana í málefnum innflytjenda hér á landi. 4. maí 2006, kynningarfundur stjórnmalaflokkanna á vegum Alþjóðahúss fyrir innflytjendur á stefnu flokkanna í aðdraganda bæjar- og sveitarstjórnarkosninga. 13. júlí 2006, stofnfundur Flokks nýrra Íslendinga, fór fram í Alþjóðahúsi. 26. september 2006, málþing um fjölmenningslegt Austurland, haldið á Hótel Héraði, Egilsstöðum. 26. október 2006, hádegisverðarfundur á vegum Heimdalls, samtaka ungra sjálfstæðismanna um málefni innflytjenda á Íslandi, haldið á veitingastaðnum Sólon, Reykjavík. 28. mars 2008, málþing íslenskrar málnefndar og Alþjóðahúss um íslensku sem annað mál, haldið í Alþjóðahúsi.

Öll víðtöl voru tekin upp á fartölvu og síðan afrituð. Í einu víðtali mistókst upptaka og var gripið til þess ráðs að tala víðtalið eftir minni inn á upptöku nánast samstundis eftir að því lauk. Það var svo afritað eftir þeirri upptöku. Þar sem vettvangsathuganir fóru fram á opinberum fundum og málþingum gafst möguleiki á að punkta niður helstu atriði, sem fram komu og var unnið úr þeim við fyrsta tækifæri með því að skrifa vettvangsnótur eftir þeim. Rannsóknargögn sem aflað var með þessum hætti voru samtals 473 blaðsíður. Níunda september 2008 voru heimasíður eftirfarandi stjórnmalaflokka skoðaðar á Netinu: Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn, Vinstrihreyfingin Grænt framboð, Frjálslyndi flokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Íslandshreyfingin. Að auki var stuðst við eftirfarandi lagaútgáfur: Lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 81/2007, lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 82/1998 og lög um útlendinga nr. 96/2002. Haft var samband í gegnum síma við ýmsar stofnanir og fyrirtæki í öllum landsfjórðungum, sem sjá um að halda námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Rætt var við einstaka starfsmenn um

fyrirkomulag íslenskukennslu á þeirra vegum og skrifaðar stuttar nótur eftir hvert símtal. Þar sem rannsakandi er sjálfur að kenna íslensku fyrir útlendinga var möguleiki á að safna gögnum á þeim vettvangi með því að nota niður ef áhugaverða þætti bar á góma í tengslum við rannsóknina.

Úrvinnsla gagna og gagnagreining

Samhliða skráningu gagna fór fram fyrsta stig greiningar, þar sem leitað var eftir þemum eða mynstrum. Eftir að gagna hafði verið aflað og þau skráð hófst úrvinnsla og nánari greining. Þessi vinna fór fram með þeim hætti að öll gögnin voru marglesin og dregin fram þau meginþemu sem þar var að finna. Ákveðið var að takmarka rannsóknina við þau tvö þemu sem stóðu upp úr í greiningu, en það reyndust vera aðgengi og tungumál. Við ítarlegri greiningu á aðgengi kom í ljós að hægt var að flokka aðgengi á eftirfarandi hátt: aðgengi innflytjenda að íslensku samfélagi, aðgengi stjórnámálanna að innflytjendum, aðgengi innflytjenda að formlega pólitíska vettvanginum og aðgengi innflytjenda að óformlega pólitíska vettvanginum. Frekari greining á tungumálinu leiddi í ljós að flokka má það í málfærni og íslenskukennslu.

Siðferðilegir þankar

Eins og fram kom hér fyrr í kaflanum, þá er það rannsakandinn sjálfur sem er rannsóknartækið í eigindlegum rannsóknum. Það er hann sem bæði miðlar og skapar þá þekkingu sem fæst á vettvangi og sem slíkur þá velur hann og hafnar. Þrátt fyrir að ætlunin sé að gæta fyllsta hlutleysis þá er ekki hægt að líta framhjá því, að rannsakandinn er ætíð til í ákveðnu félags- og menningarlegu samhengi, sem á einn eða annan hátt hefur áhrif á rannsóknina og þá þekkingu sem hún skapar (Esterberg, 2002). Í mínu tilviki þá vinn ég við að kenna íslensku fyrir útlendinga og þó mér kæmi ekki á óvart að tungumálið væri áberandi í tengslum við markmið rannsóknarinnar þá átti ég ekki von á því að íslenskukennslan yrði hluti af þemanu

tungumál. Mér er því málið skylt en samt sem áður tel ég að mér hafi tekist að vera gögnunum trú og leyft „þeim að tala“.

Í upphafi rannsóknar hafði ég nokkrar áhyggjur af því hvernig mér ætti að takast að fela þátttakendur í svo litlu samfélagi sem Ísland er. Sumir viðmælendur sögðu þá engu máli skipta þótt þeir þekktust, en ég ákvað að halda mig við hefðir eigindlegra rannsókna, að gefa þátttakendum gervinöfn svo síður sé unnt að rekja upplýsingar til þeirra. Að auki nota ég tilvitnanir yfirleitt á þann hátt að vísa eingöngu í viðmælanda án þess að geta nafns hans.

6. kafli Ísland í dag

Í þessum kafla verður litið yfir fjölmeningarsamfélagið Ísland og skoðað hvernig íslenskum stjórnvöldum hefur gengið að aðlagast auknum menningarlegum margbreytileika.

6.1 Fjölmeningarsamfélagið Ísland

Þar til í lok síðustu aldar var Ísland gott dæmi um land sem féll vel að þeirri hugmyndafræði þjóðernishyggjunnar að gera ekki ráð fyrir margbreytileika. Í kjölfarið á efnahagslegum uppgangi á tíunda áratugnum fór að draga úr þeirri einsleitni sem einkennt hafði íbúa hér á landi og menningu þeirra. Skortur á vinnuafli varð til þess að fjöldi útlendinga var ráðinn í þau störf sem ekki tókst að manna. Síðustu tvo áratuginu hefur hlutfall erlendra ríkisborgara hér á landi aukist jafnt og þétt úr 1,9% árið 1998 upp í 6,8% af heildarmannfjölda í janúar 2008. Það segir samt ekki nema hálfa söguna því frá árinu 1991 hafa 6217 einstaklingar öðlast íslenskan ríkisborgararétt (Hagstofa Íslands, 2008). Vissulega má gera ráð fyrir að einhverjir flytjist aftur burt þegar dregur úr atvinnuframboði, en semt sem áður er alltaf hópur fólks sem sest hér að til frambúðar.

Með opnun innri landamæra Schengensvæðisins og ESB varð auðveldara fyrir íbúa landa innan þeirra að flytja landa á milli með sín félagslegu réttindi í farteskinu. Það er viðbúið að margir Íslendingar nýti sér þennan möguleika og flytji erlendis um lengri eða skemmri tíma, á sama hátt og fólk frá öðrum löndum á eftir að setjast að á Íslandi og margir hverjir fyrir fullt og allt. Að flytja til nýs lands og aðlagast nýrri menningu og nýjum viðhorfum er ekkert auðvelt eins og margir Íslendingar hafa reynt á eigin skinni þegar þeir hafa farið til náms erlendis. Ef lýðræði á að viðhaldast og aukast þá verða allir meðlimir samfélagsins að hafa

pólítíska rödd sem borgarar. Þessi rannsókn beinist fyrst og fremst að því fólki, sem hefur sest að á Íslandi til frambúðar og þeim möguleikum sem það hefur á lýðræðislegri þátttöku í samfélaginu til jafns við innfædda. Ef marka má orð Irene Bloemraad (2006) þá hefur stefna stjórnvalda í málefnum innflytjenda mikilvæg áhrif á hvort þeir verði virkir í pólitík. Hún segir þar mestu máli skipta hvernig viðtökur þeir fá í nýju landi og að stofnanalegt form aðlögunar ýti undir þá tilfinningu einstaklinga að tilheyra pólitískt og þar með pólitíska þátttöku þeirra. Því er mikilvægt að skoða viðbrögð íslenskra stjórnvalda og hvaða stefnu þau hafa tekið í þessum málum.

6.2 Aðlögun stjórnvalda

Eins og fram er komið þá flutti í lok tíunda áratugarins fjöldinn allur af erlendu fólki í kjölfar manneklu á vinnumarkaðnum. Ekki virtist gert ráð fyrir að þessir einstaklingar settust að hér á landi til frambúðar því litlar sem engar ráðstafanir voru til sem tryggðu þeim lagaleg réttindi þar sem tekið væri tillit til erlends uppruna þeirra. Að vísu höfðu Norðurlandabúar rýmri réttindi en aðrir erlendir íbúar vegna samnorrænna samninga. Til dæmis höfðu þeir rétt til að kjósa í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum eftir þriggja ára búsetu hér á landi en aðrir erlendir ríkisborgarar eftir fimm ára búsetu (Lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998)

Árið 2002 var lögum um kosningar til sveitarstjórna breytt á þann veg að allir erlendir ríkisborgarar fengu rétt til að kjósa og jafnframt kjörgengi í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum eftir fimm ára samfellda búsetu og voru sérréttindi Norðurlandabúa felld niður (Lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 27/2002). Til að auðvelda aðgengi innflytjenda að upplýsingum um réttindi þeirra hefur Félagsmálaráðuneytið sett inn upplýsingar þar að lútandi á vef stjórnarráðsins. Þar má finna upplýsingar fyrir erlenda kjósendur á tíu tungumálum fyrir utan íslensku (<http://www.kosningar.is/foreigners/>). Þannig virðist lengra búsetuskilyrðið notað til viðmiðunar þegar jafna á rétt allra erlendra ríkisborgara.

Eins og fram kom í umfjöllun um tvöfaldan ríkisborgararétt í þriðja kafla, þá hafa ýmsar rannsóknir bent til þess að í þeim ríkjum sem leyfa tvöfalt ríkisfang,

hafa tiltölulega fleiri sótt um ríkisborgararétt (Faist, Gerdes og Rieple, 2004: 914). Þann 24. febrúar 2003 tóku gildi ný lög um íslenskan ríkisborgararétt þar sem erlendum ríkisborgurum, sem sækja um íslenskt ríkisfang er heimilt að halda jafnframt sínu fyrra ríkisfangi. Það sama á við um íslenska ríkisborgara sem sækja um ríkisfang í öðru landi, svo fremi að það stangist ekki á við ríkisborgaralög þess lands (Lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 9/2003). Með því að leyfa tvöfaldan ríkisborgararétt lítur út fyrir að íslensk stjórnvöld séu með því að viðurkenna þverþjóðleg tengsl innflytjenda.

Í kringum bæjar- og sveitarstjórnarkosningarnar árið 2004 tóku gagnrýnisraddir að heyrast, um að stjórnvöld hefðu ekki enn myndað sér neina stefnu í málefnum innflytjenda. Þessi umræða skilaða því að í lok árs 2005 skipaði félagsmálaráðherra innflytjendaráð, en meginverkefni þess er að fjalla um helstu atriði er snerta aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi. Í ráðinu eiga sæti sex aðalfulltrúar og er einn af þeim af erlendum uppruna. Varafulltrúar ráðsins eru líka sex og þar af eru tveir fulltrúar úr röðum innflytjenda.

Í nóvember 2007 tók „fyrsti“ íslenski þingmaðurinn af erlendum uppruna sæti á Alþingi. Hvort það hefur ýtt undir umræður á Alþingi um málefni innflytjenda er óvíst, en í lok vorþings 2008 var samþykkt samhljóða á Alþingi þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Í áætluninni eru tíunduð þau verkefni sem unnið skal að til að tryggja réttindi íbúa af erlendum uppruna, aðgang þeirra að opinberri þjónustu og aðlögun (<http://kosningar.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3849>; Þskj. 1226 – 535. mál.)

Eins og fram kom í fyrri umfjöllun um íslenska tungu þá skiptir miklu að nýir íbúar tileinki sér tungumálið til að geta verið fullir þátttakendur í samfélaginu. Á Íslandi hefur ekki verið hefð fyrir því að kenna íslensku sem annað tungumál og því skorti bæði kennara með reynslu og þar til skilin réttindi ásamt því að takmarkað framboð var á námskeiðum. Á síðustu tveimur árum hefur samt verið gerð mikil bragarbot í þessum efnum. Fyrir þann tíma reyndist oft vandkvæðum bundið fyrir innflytjendur að uppfylla skilyrði um 150 stunda íslenskunámskeið til þess að fá ótímabundið dvalarleyfi (Reglugerð um útlendinga 053/2003). Ekki var tekið tillit til aukinnar eftirspurnar eftir íslenskukennslu í fjárveitingum ríkisvaldsins

en það breyttist árið 2007 þegar 100 milljónum var varið eingöngu í þennan málaflokk. Þörfin var greinilega mikil því í mars 2007 úthlutaði Menntamálaráðuneytið kr. 89.818.180 í styrki til námskeiðahalds í íslensku fyrir útlendinga. Veittir voru styrkir til 60 aðila til að halda námskeið fyrir samtals 3.360 nemendur og var fjöldi fyrirtækja og stofnana í þeim hópi (<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkygningar/nr/4007>).

Þrátt fyrir fjárveitingar til námskeiðahalds í íslensku fannst samt engin námskrá um íslenskukennslu fyrir útlendinga. Það breyttist í ágúst 2008 þegar loks leit dagsins ljós langþráð námskrá um grunnnám í íslensku fyrir útlendinga (Menntamálaráðuneytið, 2008). Eftir að fjárveiting til íslenskukennslu var aukin hefur framboð á íslenskunámskeiðum margfaldast, en nú er boðið upp á íslenskukennslu á mismunandi stigum í öllum landsfjórðungum. Þeir sem sækja námskeiðin þurfa í flestum tilvikum að greiða sjálfir fyrir þau, en oft geta nemendur sótt um styrk til sveitarfélags eða stéttarfélaga. Skólaárið 2007 til 2008 varð mikil aukning á höfuðborgarsvæðinu á að boðið væri upp á íslenskukennslu á vinnustaðnum starfsfólki að kostnaðarlausu. Þessi námskeið eru yfirleitt haldin á vinnutíma og hafa mælst vel fyrir. Vinnuveitandi sækir þá um styrk í 100 milljóna króna „pottinn“ til að greiða þeim fyrir sem halda námskeiðið.

Eitt af því sem Penninx og félagar (2005) bentu á að stjórnvöld gætu gert til að auðvelda innflytjendum að komast inn á pólitíska vettvanginn var að setja á laggirnar stofnanir sem vinni að því að mynda tengsl við innflytjendur. Árið 2001 var Fjölmenningarsetrið á Ísafirði opnað en frumkvæðið að stofnuninni kom upphaflega frá Vestfirðingum sjálfum, áhugahóp um menningarlega fjölbreytni á Vestfjörðum sem síðar hlaut nafnið Rætur. Þingmenn Vestfirðinga fylgdu hugmyndinni eftir og árið 2000 var samþykkt á Alþingi eftirfarandi þingsályktun: „Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að undirbúa stofnun miðstöðvar nýbúa á Vestfjörðum í samvinnu við sveitarstjórnir, Rauða kross Íslands og Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Hlutverk miðstöðvarinnar verði að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og erlendra ríkisborgara, vinna með sveitarstjórnnum að eflingu þjónustu fyrir erlenda ríkisborgara, fyrirbyggja vandamál í samskiptum

fólks af margvíslegum menningarsvæðum og auðvelda aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi.“

(125. löggjafarþing 1999/2000.Þskj. 220; <http://www.fjolmenningarsetur.is/fjolmenningarsetur/Saga/>). Þrátt fyrir að Fjölmennningarsetrið sé í sjálfu sér eina stofnunin sem íslensk stjórnvöld hafa beina aðkomu að þá styrkir Félagsmálaráðuneytið líka ýmis verkefni tengd innflytjendum eins og Landnemaskólann en nánar verður fjallað um hann síðar í ritgerðinni.

Samantekt

Hér að ofan var litið yfir stöðuna á Íslandi í dag með því að skoða tölfræðilegar staðreyndir um hlutfall innflytjenda í íslensku samfélagi. Þær tölur staðfesta að Ísland er fjölmennningarlegt samfélag, sem kallar á ýmsar lagalegar breytingar af hendi stjórnvalda til að tryggja ákveðin réttindi nýrra íbúa. Íslensk stjórnvöld voru greinilega engan vegin viðbúin þeim samfélagslegu breytingum sem fylgdu því að fjöldi útlendinga var ráðinn til starfa í efnahagslegum uppgangi síðasta áratugar. Samt sem áður hefur ýmislegt verið gert til að tryggja lagaleg og félagsleg réttindi innflytjenda sem sýnir ákveðinn vilja stjórnvalda til að aðlaga sig þeim breytingum sem fylgja menningarlegum margbreytileika.

7. kafli Aðgengi

Í þessum kafla verður athugað hvernig aðgengi innflytjenda að íslensku samfélagi er háttað. Því næst er skoðað hvernig íslenskum stjórnámálamönnum gengur að virkja innflytjendur á pólitíska vettvangnum. Í kjölfarið heyrum við raddir innflytjenda um hvaða möguleika þeir telja sig hafa á hefðbundna pólitíska vettvanginum. Að lokum er sýnt hvernig óhefðbundni pólitíski vettvangurinn er nýttur fyrir atbeina innflytjenda til þess að koma hagsmunum sínum á framfæri í íslensku samfélagi.

7.1 Íslenskt samfélag

Þegar aðgengi innflytjenda að íslensku samfélagi er skoðað kemur í ljós að skipta má innflytjendum í tvo hópa, eldri og nýrri innflytjendur. Í fyrri hópnum eru þeir sem fluttu til Íslands fyrir 20 árum eða meira og komu yfirleitt sem makar Íslendinga eða kynntust tilvonandi maka hér og settust að á Íslandi í kjölfar þess. „Það var svolítið um að fólk *paraði* sig saman af þessum hópi“ segir Helga og á þá við hjónabönd íslenskra karla og kvenna og ástralskra, nýsjálenskra eða annarra þjóða farandverkafólks sem vann í frystihúsum á Austurlandi og Vestfjörðum á níunda áratugnum. William segist til dæmis ekki hafa orðið var við að fólk liti neitt sérstaklega á hann sem innflytjenda heldur hafi fólk áður fyrir verið einstaklingar og ekkert sérstaklega spáð í þjóðerni. Núna tali fólk um hópa eins og hann varð vitni að á körfuboltaæfingu þegar hann heyrði heimamenn að tala um og gera grín að Pólverjum. Það hafi eiginlega verið þá fyrst sem hann og konan hans hafi „uppgötvað“ að hann væri líklega innflytjandi.

Í flestum sveitarfélögum á Íslandi má finna fólk af erlendum uppruna sem hefur búið þar lengi. Þrátt fyrir að tala misgóða íslensku er samt sem áður litið á

Þessa einstaklinga sem hluta af samfélaginu og margir verði virkir, eins og William sem hefur lagt mikið af mörkum í þágu síns sveitarfélags og verið mjög sýnilegur í því starfi. Það er athyglisvert að ekki virðist litið á þessa einstaklinga sem innflytjendur þó þeir hafi jafnvel ekki íslenskt ríkisfang eins og kemur fram í viðtalinu við Einar „það eru auðvitað útlendingar hérna í samfélaginu sem að maður *skynjar* ekki sem útlendinga... það er fólk hérna sem að... ja talar það góða íslensku eða er í þannig *störfum*“. Karl og Helga töluðu á svipuðum nótum eftir að hafa hugsað sig um smástund þegar þau voru innt eftir hvort ekki væri fólk af erlendum uppruna sem hefði búið lengi í þeirra bæjarfélögum.

Katharina er ein þeirra sem bæði Einar og Helga vitnuðu til sem einstaklings sem þau skynjuðu ekki sem útlending, þó hún sé ekki með íslenskt ríkisfang. Hún kemur frá V – Evrópu en þegar hún var ráðin til starfa í bæjarfélaginu sagðist hún hafa óttast andstöðu heimamanna við að hún sem útlendingur færi í sérhæft stjórnunarstarf. Það reyndist samt ástæðulaus ótti því henni var tekið „*virðilega vel*“. Aftur á móti sagði Barbara sér hafa verið mjög vel tekið þegar hún kom fyrst til að vinna í frystihúsi í litlu sjávarþorpi. Hins vegar hafi viðmótið verið öðruvísi þegar hún flutti í stærra bæjarfélag eftir að hafa fengið menntun sína metna. Hún upplifði þar að það væri komið fram við hana á þann hátt að hún fann fyrir því að vera útlendingur þrátt fyrir að hún tali mjög góða íslensku. Það má ef til vill leiða getum að því að starfið og jafnvel þjóðerni sé þarna áhrifaþáttur. Ef um sérhæft starf er að ræða sem þarf hvort sem er utanaðkomandi í eins og starf Katharinu, eða til dæmis starf við tónlistarkennslu, þá er ekki verið að „taka“ störf frá heimamönnum.

Báðar þessar konur teljast til hóps „nýrri“ innflytjenda þó þær hafi verið búsettar hér á landi í rúman áratug. Eins og kom fram hér að ofan virðist frekar hafa verið litið á „eldri“ innflytjendur sem einstaklinga. Aftur á móti leiðir greining gagnanna í ljós að viðhorfið til „nýrri“ innflytjenda er frekar á þann veg að þeir séu ekki einstaklingar heldur vinnuafl. Þar er kannski við stjórnmalamenn og fjölmiðla að sakast sem hefur verið gjarnt á að nota „erlent vinnuafl“ í málflutningi sínum ýmist sem „nauðsynlegt“ eða „frjálst flæði“ vinnuafls eftir því hvaða skoðun menn hafa (*Fréttablaðið*, 2006, 13. nóvember; *Fréttablaðið*, 2007, 17. apríl: 19). Orð forstjóra Vinnuálfstofnunar í pallborðsumræðum um málefni innflytjenda í

aðdraganda Alþingiskosninganna árið 2007 renna frekari stoðum undir viðhorfið að innflytjendur séu aðeins vinnuafli. Hann sagðist „líta á fyrstu kynslóð innflytjenda sem vinnuafli og að þeir útlendingar sem hér væru hefðu allir vinnu sem væri það sem skipti máli, hitt væri bara nammi fyrir þá“. Með þess háttar orðræðu er hætta á ákveðinni afmennskun innflytjenda sem getur aukið á tilfinningu þeirra um að tilheyra ekki samfélaginu eins og fram kom í kafla 4.4.

Því er ekki að neita að margir innflytjendur vinna langan vinnudag og eiga því oft erfiðara með „að vera íbúar“ eins og Helga talar um. Til dæmis breyttist mikið hjá Piotr eftir að hann fékk iðnmenntun sína viðurkennda og starf í sínu fagi „bæði svona... meiri laun og... ekki vinna svona lengi... svo líka taka þátt í alls konar... félagslíf“. Þau hjón fóru meðal annars í þorablótsnefnd sem krefst mikillar vinnu og viðveru. Karl talaði líka um að menn ættu erfitt með að binda sig í langan tíma vegna mikillar vinnu þegar hann lýsir briddspili heimamanna við Pólverja sem voru við vinnu í bæjarfélaginu:

þeir komu og spiluðu *brids* við okkur í... haust... og... svo reyndar... þegar var komið að sveitakeppni og þeir hefðu þurft að mæta á hverjum degi þá svona... gátu þeir ekki alveg... af því að vinnan þeirra var... stundum voru þeir að vinna lengur... en... þegar þetta er... sem sagt hefðbundin spilamennska... þú ert ekkert *bundinn* af... að koma... hvert einasta kvöld.

Það er reyndar athyglisvert að svo virðist sem munur sé milli landshluta á viðhorfum heimamanna til ábyrgðar á aðlögun innflytjenda að samfélaginu. Á Vestfjörðum var yfirleitt vísað til Fjölmenningarseturs og vinnu þeirra í tengslum við aðlögun, en á Austurlandi þar sem ekki er að finna samskonar stofnun virtist fólk meðvitaðra um ábyrgð samfélagsins eins og Karl sem segir:

Að samfélagið sjálft sé tilbúið til að hjálpa þeim... hjálpa þeim til að komast inn [...] í alla hluti [...] það er mesti styrkurinn... að samfélagið sjálft... það hugsi ekki sem svo... ja þeir geta bara farið

á skólabekk... ég ætla ekkert að blanda mér í þetta... ef samfélagið sjálf vill takast á við að hjálpa þeim... þú veist félagar... fólkið sem það er að vinna með... það er mesti styrkurinn... eða allavega... það er mín skoðun og ég sé það bara... að fólk sem blandar geði við... okkur Íslendingana... það er miklu betur á vegi statt heldur en hinir.

Þar nota menn oft þá leið að dreifa útlendingunum milli íslenskra vinnufélaga sem leggja sig fram um að tala íslensku við þá þar sem því er viðkomið. Piotr lýsir því til dæmis hvernig vinnufélagar hans voru duglegir að hjálpa honum að ná tökum á íslenskunni eftir að hann fór á íslenskunámskeið: „eftir smátíma sögðu þeir nei... nú við tölum ekki meira ensku... bara *íslensku*“. Hann sagði sér hafa farið mikið fram í íslensku eftir það. Fleiri svipuð dæmi um stuðning vinnufélaga hefur borið á góma í samræðum við fólk af Austurlandi.

Líklegt má telja að góð samskipti við vinnufélaga auðveldi aðgengi innflytjenda að samfélaginu. Fyrir vestan kvörtuðu menn yfir hversu erfitt væri að ná til innflytjenda eins og Einar, sem segir meira að segja „erfitt að ná þeim á...*dansleik*“. Fyrir austan var annað hljóð í strokknum „fullorðna fólkið er ekkert... *tregt* við svona mannamót [...] og hafa gaman af að taka þátt í... því skemmtanalífi sem *höfðar* til *þeirra*“ segir Karl. Gott dæmi um hvernig heimamenn fyrir austan veittu innflytjendum aðgengi inn í samfélagið, er að þeim var boðið á þorablótið í bæjarfélaginu þrátt fyrir að vera ekki komnir með lögheimili þar og nýttu margir sér það. Þetta eru venjulega lokaðar skemmtanir og ekki auðvelt að fá aðgang að þeim fyrir þá sem eiga ekki lögheimili á staðnum. Það er líka áhugavert að sjá hvernig heimamenn og innflytjendur mætast í bridsinum. Þar rétta báðir út höndina til að koma á góðum samskiptum eins og Karl lýsir:

Þegar þeir fóru um jólin þá skrifuðu þeir stórt jólakort... það skrifuðu allir á það sko.. svo þegar þeir komu aftur eftir áramótin þá komu þeir með *sérstakt*... pólskt... *konfekt* og færðu okkur inn í bridsinn.

Þó svo ekki sé efast um mikilvægi stofnana eins og Fjölmenningsseturs sem greiða eiga fyrir aðlögun innflytjenda, þá má ekki gleyma því að aðlögun er gagnkvæmt ferli. Ef litið er á aðlögunaráætlanir stjórnvalda sem ofan frá (e. *top-bottom*) þá má kannski segja að það sé aðlögun neðan frá (e. *bottom-top*) þegar Íslendingar kynnast innflytjendum persónulega og leiðbeina þeim inn í samfélagið. Stofnanir eins og Fjölmenningssetur og Alþjóðahús gegna ákveðnu hlutverki sem tengiliður milli stjórnvalda og innflytjenda. Þau sinna nauðsynlegri upplýsingagjöf og þjónustu við innflytjendur og reyndar Íslendinga líka og framfylgja þeirri stefnu sem stjórnvöld fylgja í aðlögunarmálum. Það verður ekki betur séð en jafnvægi milli þessara tveggja póla, stofnana og heimamanna sé heillavænlegast til árangurs í gagnkvæmri aðlögun innflytjenda og íslensks samfélags.

7.2 Innflytjendur

Þegar byrjað var að safna gögnum í rannsóknina í byrjun árs 2006 var áberandi hversu mikið áhugaleysi virtist ríkja meðal stjórnámálanna og stjórnvalda um málefni innflytjenda. Á málþingi um stefnu stjórn málaflokkanna í málefnum innflytjenda hér á landi 8. apríl 2006 hélt Eiríkur Bergmann því fram að íslenska stjórn málaflokka skorti algjörlega stefnu í málefnum innflytjenda. Hann sagðist byggja það á svörum sem hann fékk við könnun sem hann sendi á alla stjórn málaflokkana. Miðað við að aðeins einn þingmaður mætti á málþingið þrátt fyrir að sent hafi verið boð til allra stjórn málaflokka, þá virtist hann hafa nokkuð rétt fyrir sér í þeim efnum. Að sömu niðurstöðu komst Helga Arnardóttir fréttakona og stjórn málafræðingur í BA verkefni sínu sem hún kynnti á hádegisverðarfundum Félags ungra sjálfstæðismanna 26. október 2006. Hennar niðurstaða var að engin stefna eða áhugi væri til staðar en að vísu hefðu menn tekið eitthvað við sér í bæjar- og sveitarstjórnarkosningunum fyrr um vorið. Einhverjar nefndir hefðu verið settar á laggirnar til að skoða málin og koma með tillögur en niður staða þeirra sem hljóðaði venjulega á þann veg að „betur mætti huga að“ hinu og þessu, sýndi að málefnið teldist ekki mjög brýnt. Svar félagsmálaráðherra við spurningu eins

viðmælanda úr hópi innflytjenda sýnir í hnotskurn áhugaleysi stjórnvalda á þessum málaflokki árið 2006. Hann var spurður um viðbrögð stjórnvalda við hindrunum sem kæmu í veg fyrir að innflytjendur færu á námskeið í íslensku svo sem langur vinnutími, erfitt aðgengi og mikill kostnaður. Svar ráðherra innflytjendamála reyndist stutt og laggott „that’s life“.

Eins og kom fram hjá Helgu, þá virðist samt sem áður að hreyfing hafi komist á málín í kjölfar bæjar- og sveitarstjórnarkosninganna vorið 2006. Viðtöl við stjórnámálamenn sem tekin voru stuttu fyrir kosningarnar og vettvangsathugun á kynningarfundum flokkanna í Alþjóðahúsi sýna að þessu málefni hafði ekki verið gerð mikil skil í stefnumótun flokkanna. Þegar menn voru inntir eftir stefnu í málefnum innflytjenda voru svörin yfirleitt á almennum nótum um jafnan rétt allra og meiri íslenskukennslu. Mögulega er ástæðan sú að tiltölulega stutt er síðan hlutfall innflytjenda jókst verulega á Íslandi. Því gætu stjórnámálamenn verið ragir við að ræða málefni innflytjenda, meðal annars vegna ótta við að vera stimplaðir þjóðernissinnar eins og Kymlicka benti á (sjá kafla 2.2). Eða að þeir þora ekki að taka afstöðu í tengslum við innflytjendur eins og Mahnig heldur fram þegar hann segir stjórnámálaflokkum hætta til að nota strategíuna „að forðast málefnið“ vegna ótta við að missa fylgi. Hann segir málefni innflytjenda yfirleitt ekki komast á dagskrá hjá stjórnámálamönnum fyrr en farið sé að líta á þá sem ógn við samfélagsheildina og að auki séu innflytjendur yfirleitt ekki teknir með í þá umræðu (sjá kafla 4.4).

Greining gagnanna sýndi einmitt að ekki virtist leitað í reynslubanka þeirra innflytjenda sem hafa náð að aðlagast vel íslensku samfélagi og því jafnvel borið við að erfitt sé að nálgast þá, eins og kemur fram í orðum eins stjórnámálamannsins: „Við höuðum ekki *saman* einhverjum hópi útlendinga til þess að vinna þessa vinnu... það er svo óaðgengilegt... það er rosalega erfitt“. Samkvæmt þessu virðist vera tilhneiging til að líta fram hjá því fólki sem menn „skynja ekki lengur sem útlendinga“ eins og fram kom í kafla 7.1. en yfirleitt má finna einhvern einstakling af erlendum uppruna í flestum stærri sveitarfélögum landsins. Reyndar gagnrýndu flestir viðmælendur úr hópi innflytjenda að stjórnámálaflokkar hefðu sjaldnast samráð við innflytjendur, áður en þeir tækju afstöðu til málefna þeim tengdum og

nefndu sem dæmi, að aðeins einn af sex aðalfulltrúum Innflytjendaráðs væri af erlendum uppruna.

Fram kom í viðtölum að vilji er fyrir hendi innan flokkanna að fá innflytjendur til að taka þátt í stjórnámálum, en það strandi á því að erfitt sé að fá fólk til þátttöku. „Ég held það sé *ekkert* í *stefnu* flokkanna [...] sem að fælir þetta fólk frá“ segir einn stjórnámálamaðurinn, en raunar er það svo að yfirleitt vita margir innflytjendur ekki hver stefna þeirra er. Í bæjar- og sveitarstjórnarkosningunum vorið 2006 fóru frambjóðendur hefðbundna leið í að kynna stefnumál sín og eingöngu á íslensku. Fyrir utan að í Reykjavík var haldin fundaröð á vegum Alþjóðahúss, þar sem stjórnámálaflokkarnir kynntu stefnu sína fyrir innflytjendum. Hver fundur var ætlaður fyrir einn málhóp og kynning frambjóðenda túlkuð yfir á tungumál fundargesta. Þátttaka innflytjenda á þessum fundum reyndist þó dræm og í sumum tilfellum engin. Tímasetning fundanna gæti skipt þar máli því eins og fram kom í kafla 7.1 þá þurfa innflytjendur oft að vinna langan vinnudag og þar að auki eru margir með fjölskyldur og eiga jafnvel ekki heimangengt að kvöldi til vegna ungra barna. Menn mega þó ekki gefast upp eins og einn viðmælandi bendir á „þetta tekur *tíma* sko... en... [...] *tilraun* að vera ekki bara eitt... *eitt* sinn... senda þetta bara tvisvar þrisvar bara þangað til þetta... þetta *virkar*“. Nær allir viðmælendur úr hópi innflytjenda töluðu líka um að til þess að komast í gegnum hindranir eins og tungumál og mikla vinnu, verði flokkarnir að halda kynningarfundum með túlkum á vinnustöðum fólks.

Vandræðagangurinn í kringum stefnumálin kom líka í ljós á kynningarfundinum í Alþjóðahúsi, þegar fulltrúar flokkanna voru ítrekað krafðir svara um málefni útlendinga af þeim þremur konum sem mættu. Fátt var um svör en meira talað um vandamál innflytjenda, án þess að koma með tillögur að lausnum og jafnvel talað um að „baktjaldamakk er nauðsynlegt eins og staðan er í dag“. Þeir sem rannsakað hafa samfélagslegt aðgengi innflytjenda, hafa einmitt varað við að beina sjónum frekar að vandamálunum í stað lausna á málefnum innflytjenda. Þeir segja þess háttar orðræðu geta leitt til þess, að innflytjendur fái þá tilfinningu að tilheyra ekki samfélaginu (sjá kafla 4.4).

Sumt af því sem viðmælendur gagnrýndu í tengslum við bæjar- og sveitarstjórnarkosningarnar árið 2006, hefur breyst til batnaðar og má líklega rekja það til aukinnar umræðu um málefni innflytjenda í aðdraganda kosninga til Alþingis árið 2007. Ef heimasíður landsflokka eru skoðaðar má finna á flestum þeirra einhverja samantekt um flokkinn, en það er misjafnt hversu ítarlegar þær upplýsingar eru og á hve mörgum tungumálum. Framsóknarflokkurinn, Íslandshreyfingin og Sjálfstæðisflokkurinn bjóða allir upp á sex erlend tungumál og auðvelt er að finna þau með því að smella á mynd af þjóðfána hvers tungumálahóps. Yfirleitt eru það almennar upplýsingar um flokkinn sem má lesa þar en ítarlegastar upplýsingar er finna hjá Sjálfstæðisflokknum, sem birtir stefnuskrá sína á rússnesku, pólsku, serbnesku og spænsku. Mögulega má rekja þetta góða aðgengi til þess að einn frambjóðenda flokksins er af pólskum uppruna. Samfylkingin er með almennar upplýsingar um sinn flokk á fimm erlendum málum en ekki eins sýnilega og hjá fyrrnefndum flokkum. Vinstri Grænir eru með aðgengilegt val um þrjá erlenda þjóðfána til að auðkenna tungumál, sem birta almennar upplýsingar um flokkinn á ensku og pólsku, en síðan er ítarleg þýðing á stefnuskrá þeirra á dönsku. Samkvæmt því mætti ætla að samstarf við norræna systurflokka sé mikilvægara en að ná til innflytjenda á Íslandi. Frjálslyndi flokkurinn stendur sig einna verst í að kynna sig fyrir innflytjendum. Það eina sem heimasíða flokksins býður upp á er samantekt á ensku um flokkinn og stefnu hans. Að vísu er boðið upp á pólsku og taílensku en þegar smellt er á þjóðfána þeirra landa kemur upp texti sem segir að seinna verði boðið upp á þau tungumál (<http://framsokn.is>; <http://islandshreyfingin.is>; <http://samfylkingin.is>; <http://vg.is>; <http://xf.is>; <http://xd.is>, heimasíður skoðaðar 11. september 2008).

Þegar aðgengi stjórnámálanna að innflytjendum er skoðað þá kemur í ljós að það er samt ekkert endilega svo að menn vilji alls ekki fá innflytjendur til liðs við sig. Þvert á móti þá virðast þeir leggja sig fram við að finna einstaklinga til að taka þátt en sumar aðferðir sem notaðar eru við liðssöfnun skila litlu eins og krókaleiðirnar sem flokkur eins viðmælenda notar:

Við höfum þá bara farið þær leiðir... að tala við mann sem að þekkir mann [...] og jafnvel að spyrja vinnuveitendur... er einhver hjá þér sem að... það hefur verið þá svona *misjafnt* hvernig vinnuveitendur... segja ég get alveg talað við viðkomandi... en aðrir hafa sagt að ef ég tala við hann að þá... þá finnst honum eins og þetta sé einhver *kvöð*... [...] Við í sjálfu sér gerum þetta ekki öðruvísi.

Sennilega er vænlegra til árangurs að tala beint við líklega kandiðata með tilliti til hversu sýnilegir þeir eru í samfélaginu. Það virðist að minnsta kosti vera sameiginlegt með öllum viðmælendum í rannsókninni, að hafa verið áberandi í sínu sveitarfélagi og flest telja það ástæðu þess að hafa verið beðin að taka sæti á framboðslista.

Reyndar virðist gæta meira óöryggis við að nálgast innflytjendur en aðra hópa í samfélaginu eins og kemur fram hjá einum stjórnámálanum sem segir „kannski eru menn *feimnir* við að stökkva svona kortér í... af því það... þá er verið sko... að *nýta* þetta til að ná atkvæðum“. Þarna skýtur skökku við því menn hafa verið ófeimnir við að láta hafa sig út í alls konar uppátæki rétt fyrir kosningar eins og drekka ógeðisdrykki og láta eins og kjánar í sjónvarpsþáttum ætluðum ungu fólki, væntanlega til þess að ná í atkvæði frá þeim hópi. Ástæðuna gæti þó verið að finna í „forðast málefnið“ strategíunni sem minnst var á hér að framan.

Þegar leitað var í gögnunum eftir vísbendingu um mögulegt aðgengi að innflytjendum, kom í ljós þjóðafélög virðast hafa verið vanmetin vettvangur fyrir liðssöfnun. Líklega er skýringin sú að venjulega er litið á þjóðafélög sem afmarkað svæði, þar sem fólk „ástundar“ sína „menningu“ og styrkir jafnvel sérstæði sitt með því að afmarka sig frá stærra samfélaginu. Tveir viðmælendur úr hópi innflytjenda bentu á þann möguleika að nota þjóðafélög til þess að nálgast fólk því, eins og annar þeirra benti á „þar erum við búin að fá *tengil*... sem einhvern veginn... *virkar* þá inn í tælenska samfélagið. Þetta er sérlega áhugavert í ljósi hugmynda Bloemraad sem segir „ekki mega líta framhjá því því að etnískt samfélag greiði leiðina fyrir innflytjendur að verða teknir inn í pólitíska kerfið“ (sjá kafla 4.5)

Ýmislegt bendir því til þess að aðgengi að innflytjendum þurfi ekki að vera eins erfitt og menn hafa viljað halda fram.

7.3 Pólitískur vettvangur

Að flytja til nýs lands getur verið erfitt ferli. Einstaklingar standa oft frammi fyrir því að kynnst ólíkri menningu, viðhorfum og samfélagslegum reglum. Það tekur tíma að aðlaga sig breyttu lífi eins og fundarstjórinn á kynningarfundum stjórnmalaflokkanna benti á, þegar hún sagði sína reynslu vera að „aðlögun kemur hægt en hún kemur [...] fyrst eru það atriði eins og að koma sér vel fyrir, sem skipta mestu máli en meiri aðlögun kemur svo seinna“. Þá fyrst er fólk tilbúnara að verða virkara í samfélaginu með því til dæmis að kjósa, eins og kemur fram hjá Karli sem segir þá innflytjendur í sínu bæjarfélagi sem sest hafa þar að til frambúðar með fjölskyldur sínar vera mun virkari í samfélaginu. Margir þeirra hafi meira að segja tekið þátt í prófkjöri fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar. Reynsla Piotr er sú sama, eftir að hafa náð valdi á íslenskunni og fengið starf í sinni iðn er hann tilbúnari að taka meiri þátt í samfélaginu. Vinnan í þorrablótsnefndinni skilaði sér í nýjum og meiri tengslum við heimamenn og í framhaldi af því er hann beðinn um að taka sæti á lista fyrir bæjar- og sveitarstjórnarkosningar.

Þegar kemur að þátttöku í hefðbundnum stjórnmalum þá eru innflytjendur ekkert öðruvísi en Íslendingar að því leyti að alltaf er bara lítil hluti fólks sem hefur áhuga á að taka þátt. Það sýnir sig líka í viðtölunum við þá innflytjendur sem hafa eitthvað gefið sig að stjórnmalum á Íslandi, að flest þeirra voru á einhvern hátt virk í pólitík í heimalandinu áður en þau fluttust til Íslands. Á sama hátt virðist stjórnarfar í heimalandi hafa þau áhrif að margir forðast afskipti af stjórnmalum. Það á sérstaklega við um fólk sem kemur frá löndum þar sem gagnrýni á stjórnvöld gat haft þær afleiðingar að menn voru fangelsaðir fyrir vikið eða hreinlega „hurfu“ eins og kom fram í einu viðtalinu. Vinur viðmælanda fékk greitt fyrir að keyra innflytjendur á kjörstað með viðkomu á kosningaskrifstofu þess flokks sem réð hann til starfans. Þegar blaðamaður vildi ná tali af honum virtist hann verða hræddur við afleiðingarnar eins og kemur fram hjá einum viðmælanda:

...en þegar ég hringdi í hann... hann sagði *já* við mig... en *nei* við blaðamanninn... af því vinur minn var frá... hann er frá... fyrirverandi Júgóslavíu... þannig að... þetta er helsta málið með innflytjendum á Íslandi í dag... *hvaðan* þau koma... stundum eru þau með þessar gömlu hugmyndir um hvernig ríkisstjórnin er... vita ekki að... ef hann segir eitthvað á móti ríkisstjórninni... eða... sveitarstjórninni... í þessu tilfalli... hann *hverfur* þá ekki... eða eitthvað.

Reyndar birtist ákveðinn samhljómur í viðtölunum við innflytjendur um að þeir séu ekki jafn frjálzir og Íslendingar að segja sínar skoðanir. Ef þeir gagnrýni íslenskt samfélag sé litið svo á að þeir séu að tala illa um Íslendinga, eða eins og einn viðmælandi sagði „mér finnst það sé svolítið einkennandi... einkennilegt hvað Íslendingar eru oft... eru svolítið mikið í vörn“. Á stofnfundi um Flokk nýrra Íslendinga kom fram ótti við að því yrði tekið illa af samfélaginu og gæti kynt undir fordómum í garð innflytjenda. Var vísað til Félags nýrra Íslendinga sem stofnað var fyrir þó nokkrum árum síðan og fékk blendnar viðtökur. Margir Íslendingar hafi brugðist við eins og félagsmenn væru eitthvað ósáttir við Ísland og Íslendinga. Það virðist heldur ekki vera gott að vera of yfirlýsingaglaður í byrjun um það sem betur megi fara í málefnum innflytjenda. Menn geta lent í klemmu þegar þeir síðan komast inn á formlega pólitíska vettvanginn og kynnast „þungavigtarfólki“ í stjórnmalunum sem reynir að „sussa“ á of háværa gagnrýni eins og einn viðmælandi minntist á.

Eins og kom fram í umfjöllun um íslenska þjóðernishyggju þá „getur maður ekki orðið íslenskur heldur fæðist maður íslenskur“ (sjá kafla 1.3). Þetta hafa sumir viðmælendur orðið varir við og segja að það sé sama hvað þú hefur búið lengi á Íslandi, hvort þú talar íslensku, hefur breytt nafninu þín og ert með ríkisborgararétt. Það verður alltaf litið á þig sem útlending og ef eitthvað kemur upp á þá er alltaf komið að því að þú sért útlendingur. Þess vegna halda sumir viðmælendur því fram að íslenskir stjórnmalamenn verði að taka upp hanskann fyrir samflokksmenn af

erlendum uppruna þegar þeir verða fyrir ómálefnalegri gagnrýni. Íslenskir stjórnámamenn verða að taka skýra afstöðu og segja „*hann á rétt að vera með okkur já og hann talar með hreim*“ segir einn viðmælandi. Annar vísaði í blogg færslu Össurar Skarphéðinssonar um hvaða tungumál Paul Nikolov ætlaði að tala á Alþingi sem dæmi um ómálefnalega gagnrýni sem samflokksmönnum Pauls bæri að svara. Þó nokkrar umræður áttu sér stað í bloggheimum um íslenskukunnáttu Pauls eftir að úrslit lágu fyrir í kosningunum og sýndist sitt hverjum: „Mér finnst það í senn metnaðarleysi og ákveðið virðingarleysi fyrir íslensku þjóðfélagi að keppa að því að verða kjörinn þingmaður á Alþingi án þess að geta talað og skilið íslensku“

(<http://gudmundurmagnusson.blog.is/blog/gudmundurmagnusson/entry/84966/>). Á annarri bloggsíðu mátti lesa andstætt sjónarmið: „Í fyrsta lagi gerist það ansi oft að við Íslendingar skiljum ekki einu sinni sjálfir hvað sagt er úr ræðustól alþingis. Í öðru lagi skilja þingmennirnir ekki alltaf sjálfir hvað þeir eru að segja. Í þriðja lagi sitja nokkrir Íslendingar á alþingi í dag sem kunna ekki að tjá sig skammlaust á góðri íslensku án þess að þeim tungumálaörðugleikum hafi verið sérstakur gaumur gefin (<http://sigmarg.blog.is/blog/sigmarg/entry/85909/>). Einn viðmælandi af erlendum uppruna er sama sinnis og síðara sjónarmiðið og segir: „það eru sumir í framboði sem kunna ekkert að skrifa almennilega sko... þegar ég sé villur eftir þá... þá held ég bara... þá hérna... það er allt í lagi með *mig*... skilurðu“.

Miðað við þessa umræðu kann því ekki að koma á óvart að viðmælendur nefndu tungumálið sem eina helstu hindrun að pólitíska vettvangnum ásamt því að mikil vinna komi í veg fyrir að fólk fylgist með og taki þátt. Margir skilji illa íslensku og þora þess vegna ekki að tala, en eins og viðmælendur bentu á þá getur tungumálið gefið „höggstað“ á manni og jafnvel komið í veg fyrir frama innan stjórnmalanna. Þeir innflytjendur sem virkilega hafa fyrir því að komast inn á pólitíska vettvanginn þurfa því væntanlega að hafa nokkuð sterk bein og þykkan skráp. „Það er auðvelt að særa“ segir Katharina og á við að menn geta notað tungumálið til að gera grín að henni. Það er sennilega ekki ástæðulaus ótti miðað við viðbrögð Íslendinga þegar forsetafrúnni urðu á þau mistök að kalla Ísland „stórasta“ land í heimi í beinni útsendingu frá ólympíuleikunum í Peking. Næstu

daga og vikur mátti heyra vísað í orð hennar á flestum útvarps- og sjónvarpsstöðvum í viðtölum, auglýsingum o.s.frv. Þó eflaust hafi viðbrögð margra ekki verið illa meint er viðbúið að þau geti samt sem áður dregið úr kjarki einhverra við að tala opinberlega.

Þeir innflytjendur sem vilja koma hagsmunum sínum á framfæri verða væntanlega að „leggja í“ að taka þátt í hefðbundnum stjórnmálum til að eiga möguleika á að hafa áhrif og fá sérstæði innflytjenda viðurkennt. „Með því fengju þeir rétt til að hafa rödd“ eins og kom fram hjá einum frummælanda á málþinginu um stefnu stjórnvalda um málefni þeirra. Að vilja breytingar eða „vald til að breyta“ er að minnsta kosti ástæðan sem þrír viðmælendur gefa fyrir því að hafa viljað taka þátt í starfi stjórnmálaflokka. Öll segjast þau ýmist hafa skrifað greinar, haldið erindi eða talað beint við ráðherra um málefni innflytjenda, en engar eða litlar breytingar séð og því legið nokkuð beint við að fara inn á formlega pólitíska vettvanginn til að reyna að hafa áhrif.

Það er þó misjafnt hvernig þau komast þar inn en flest voru sammála um að sýnileiki þeirra í samfélaginu hefði hjálpað þar til. Það vekur athygli að hluti viðmælenda upplifði ákveðna samkeppni milli flokkanna um að fá þau á lista. Eftir að Barbara var komin á lista eins stjórnmálaflokks var haft samband við hana frá öðrum flokki í sveitarfélaginu og hún spurð „af hverju komstu ekki til okkar“? Annar viðmælandi upplifði svipuð viðbrögð við ræðu sem hann hélt opinberlega: „þá það var eins og *keppni* milli flokka hver á að fá mig“. Þessi viðbrögð stjórnmálaflokkana urðu til þess að auka á tilfinningu sumra viðmælenda um að vera einhvers konar „skraut“ á listanum eða: „ekki í *alvöru* stöðu... heldur bara... bara *skreyting*... fimmtánda, sextánda sæti með eitthvað *framandi* nafn“. Krókaleiðirnar við að finna einhverja úr hópi innflytjenda til að taka sæti á lista gætu líka ýtt undir þessa tilfinningu en ástæðu þeirra má alveg eins rekja til þess að í minni sveitarfélögum skiptir hvert atkvæði mun meira máli. Því er ákveðinn þrýstingur á stjórnmálaflokkana þar að ná til sem flestra kjósenda og í mörgum þessara sveitarfélaga er hlutfall innflytjenda hátt.

Hver svo sem skýringin er, þá er nokkuð ljóst að stjórnmálamenn úr hópi innflytjenda vilja meðal annars komast inn á pólitíska vettvanginn til þess að raddir

innflytjenda fái vægi til jafns á við aðra hópa í samfélaginu. Orð eins íslensks stjórnáamanns sem talað var við, benda til ákveðinnar staðfestingar á því að innflytjendur hafi ekki rétt á að setja fram kröfur um hagsbætur fyrir sig sem minnihlutahóp í samfélaginu:

ég myndi auðvitað telja best að þeir *þyrftu* ekki að hafa neina sérstaka rödd... að þeir myndu aðlagast... [...] mér finnst reyndar ekki að... að það eigi að koma hér einhver hópur fólks... sem að... að hafi einhverjar rosalegar *sérþarfir* og ... og vilji gera hlutina öðruvísi heldur en Íslendingar... mér finnst að fólk eigi bara fyrst og fremst að laga sig að því sem hér er að gerast og... og þeim siðum sem að... *við* temjum okkur.

Þarna virðist horft framhjá því að aðlögun er í fyrsta lagi gagnkvæmt ferli og hins vegar að það tekur langan tíma. Stjórnvöld þurfa að koma til móts við innflytjendur með því að gera ráðstafanir til að auðvelda þeim aðgengi að öllum sviðum samfélagsins. Heimamenn gera sér oft ekki grein fyrir, hvaða hindranir mæta innflytjendum og því er mikilvægt að raddir þeirra fái að heyrast. Þannig má vinna að aukinni aðlögun með samvinnu í stað einhliða ákvarðana af hendi heimamanna.

7.4 Óformleg pólitík

Eins og fram kom í kafla 4.5 getur neikvæð ímynd og erfitt aðgengi að formlega pólitíska vettvangnum „neytt“ innflytjendur út í baráttu um að fá hagsmuni sína viðurkennda eftir öðrum leiðum. Eins og áður er minnst á þá eru innflytjendur að sjálfsgöðu ekki einhver einsleitur hópur, en þeir eiga oft sameiginlegra hagsmuna að gæta, sem auðveldara er að vinna að sem ein heild. Með því skapast möguleiki á að vera sýnilegri í samfélaginu, öðlast viðurkenningu og þrýsta á umbætur þeim til handa. Greining gagnanna sýnir að nokkur félög hafa verið stofnuð til að vinna að hagsmunum innflytjenda. Til dæmis var Félag kvenna af erlendum uppruna stofnað á árinu 2003 með það að sjónarmiði, að fjalla um málefni kvenna almennt í

Þjóðfélaginu sameiginlega með málefnum innflytjenda. Það gekk samt ekki þrautalaust að fá viðurkenningu innan vettvangs íslenskra kvenna eins og fram kemur hjá einum félagsmanni:

Þegar íslenskar konur...þegar þau eru að hafa samband við okkur...það er *bara* þegar eitthvað mál um útlendingar. En þegar eitthvað mál um launahækkun...þau *hringja* ekki í okkar fólk...og þennan tuttugasti og fjórði dagurinn [kvennafrídagurinn] ég þurfti að hringja *út um allt* og segja erum við ekki í ykkar hreyfingu? Af hverju okkar samtök eru ekki skráð *hér*?

Það að þær hafi þurft að krefjast viðurkenningar á því að vera hluti af íslenskum konum bendir til þess að tilhneigingar gæti hjá heimamönnum, að líta fyrst og fremst á erlendan uppruna í stað kyns. Konur af erlendum uppruna voru þannig í þessu tilviki aðeins talsmenn útlendinga.

Svo vitnað sé í Isin þá snýst pólitík fyrst og fremst um tengsl og það að vera pólitískur þýðir að koma á tengslum milli sjálfs sín og annarra (sjá kafla 4.5). Samkvæmt því getur þátttaka í ýmsum borgaralegum sjálfboðaliðasamtökum greitt aðgengi innflytjenda að hefðbundna pólitíska vettvanginum. Þetta geta verið foreldrafélög í skólum, kórar, leikfélög og ýmis konar áhugamannafélög. Þannig getur fólk myndað ný og fleiri tengsl við heimamenn, sem mögulega auðvelda frekari þátttöku í stjórnmálum seinna meir. Bæði William og Piotr hafa verið virkir í þess háttar starfi og ekki er ólíklegt að það hafi greitt götu þeirra inn á formlega pólitíska vettvanginn síðar meir.

Með því að gera sig sýnilega eru innflytjendur að undirstrika tilvist sína í samfélaginu og þar með að krefjast viðurkenningar á sérstæði sínu. Þjóðafélög sem stofnuð hafa verið á mörgum stöðum á Íslandi, eru dæmi um hvernig innflytjendur geta gert sig sýnilega á jákvæðan hátt með því að halda svokölluð þjóðakvöld eða þjóðahátíðir til að kynna „menningu“ sína fyrir heimamönnum. Þessar upptökur hafa mælst vel fyrir eins og Helga lýsir:

Þetta er vel sótt vegna þess að fólk *er* forvitið... kemur þá og smakkar góðan *mat* og... skoðar *myndir* og sér hvers slags þjóðbúningar og hlustar á *tónlist* og það er yfirleitt *mjög*... það er mjög vel mætt á... á svona viðburði.

Það er líka hægt að nota þjóðahátíðir til þess að koma hagsmunum innflytjenda á framfæri eins og gert var fyrir vestan vorið 2006. Þar stóðu Rætur sem er félag áhugafólks um menningarfjölbreytni að þjóðahátíð. Meðal annars var haldið í tengslum við hana málþing ungs fólks um fjölmenningu því eins og félagi í Rótum segir: „þeir sem eiga að sitja fyrir svörum það eiga að vera frambjóðendur hér... og mér finnst það mjög... nauðsynlegt að *skerpa* á líka meðvitund þeirra sem eru í *forsvari*“. Þannig sést að ekki ber að vanmeta mikilvægi etnískra tengsla í pólitískum tilgangi því fyrir atbeina sinn tekst innflytjendum að nýta sér óformlega pólitíska vettvanginn til þess að koma hagsmunum sínum á framfæri í íslensku samfélagi.

Samantekt

Þegar aðgengi innflytjenda að íslensku samfélagi er skoðað kemur í ljós ákveðin skipting í eldri og nýrri innflytjendur. Fyrirnefndi hópurinn hefur almennt aðlagast það vel að hann virðist ósýnilegur í samfélaginu. Aftur á móti gætir tilhneigingar til að tala um nýrri innflytjendur sem vinnuafli en með því er hætta á ákveðinni afmennskun og að litið sé á þá sem einhvern einsleitan hóp sem alls ekki er raunin. Það lítur út fyrir að mikil vinna margra innflytjenda komi í veg fyrir að þeir geti „verið íbúar“ það er að segja, tekið þátt í samfélaginu til jafns á við heimamenn. Þó bendir ýmislegt til þess að viðurkenning á menntun þeirra og starf í samræmi við hana geti frekar gert þeim kleift að vera jafnfætis heimamönnum í samfélagslegri þátttöku. Athyglisvert er að svo virðist sem einhver munur sé milli landshluta á samfélagslegri ábyrgð aðlögunar. Ekki verður betur séð en að þar skipti máli hvort finna megj á svæðinu stofnanir sem hafa aðlögun útlendinga og þjónustu við þá á

sinni könnu. Væntanlega felur ákveðið jafnvægi milli stofnana og heimamanna í sér góða möguleika á gagnkvæmri aðlögun innflytjenda og íslensks samfélags.

Við upphaf gagnasöfnunar fyrri part árs 2006 virtist lítill áhugi einkenna viðhorf stjórnvalda og stjórnmaflokka um málefni innflytjenda. Það má meðal annars sjá á því að engin ákveðin stefnumótun virtist vera í tengslum við innflytjendur og aðlögun þeirra að íslensku samfélagi. Hreyfing komst þó á málín í kjölfar bæjar- og sveitarstjórnarkosninga vorið 2006. Þrátt fyrir að ýmislegt hafi breyst til batnaðar í þeim efnum virðast gæta nokkurs óöryggis hjá stjórnmalamönnum um það hvernig þeir eigi að nálgast innflytjendur til að virkja þá á formlega pólitíska vettvanginum. Þeir kvarta um hversu óaðgengilegir innflytjendur séu og líta þar með framhjá þeim sem búið hafa lengi í og aðlagast vel íslensku samfélagi. Krókaleiðir sem farnar eru til að fá þá til þátttöku virðast líka skila litlum árangri. Þá lítur út fyrir að stjórnmalamenn leggi sig ekki nægilega fram við að ná til innflytjenda með því til dæmis að halda vinnustaðafundi með túlkum eða eins og bent var á að nýta sér tengla inn í þjóðafélögin. Allt of algengt virðist vera að athyglinni sé beint að vandamálum í tengslum við innflytjendur í stað þess að leita lausna, en þess háttar orðræða getur ýtt undir tilfinningu innflytjenda um að tilheyrja ekki samfélaginu eins og kom fram í kafla 4.4.

Margt bendir til þess að möguleikar innflytjenda á formlega pólitíska vettvanginum ráðist af því hversu vel þeir hafi aðlagast íslensku samfélagi. Mikilvægt er þó að átta sig á að aðlögun er langt ferli en þegar fólk er búið að koma sér vel fyrir, mynda tengsl við heimamenn og ná tökum á íslenskri tungu þá er það tilbúnara að taka þátt í stjórnmalum. Því skiptir miklu máli að auðvelda þeim aðgengi að samfélaginu. Bakgrunnur einstaklinga virðist hafa áhrif á hversu tilbúnir þeir eru til að láta að sér kveða á pólitískum vettvangi. Hafi menn verið virkir í pólitík í heimalandi eru meiri líkur á að þeir gefi sig að stjórnmalum. Aftur á móti lítur út fyrir að þeir sem búið hafa við annars konar stjórnarfar eins og einræði séu tregari til að láta í sér heyra enda vanir því að gagnrýni á stjórnvöld geti jafnvel haft hörmulegar afleiðingar fyrir þá.

Heimamenn gera sér oft ekki grein fyrir hvaða hindranir mæta innflytjendum og því er mikilvægt að raddir þeirra fái að heyrast. Til þess þarf að

viðurkenna sérstæði þeirra en innflytjendur virðast upplifa að þeim sé ekki eins frjálst og heimamönnum að gagnrýna íslenskt samfélag. Þeir telja því brýnt að komast inn á formlega pólitíska vettvanginn til þess að geta haft áhrif á málefni er varða innflytjendur enda sé allt of algengt að ekki sé haft samráð við þá þegar teknar eru ákvarðanir sem skipta þá máli.

Svo virðist sem sýnileiki einstaklinga í samfélaginu geti haft áhrif á hversu vel þeim gengur að komast inn á pólitíska vettvanginn. Við það að upplifa það sem þau telja samkeppni milli flokkanna um krafta þeirra, fá samt sem áður einhverjir þeirra það á tilfinninguna að þátttaka þeirra á framboðslistum sé meira til skrauts en vegna raunverulegs áhuga. Það sem innflytjendur telja samt helstu hindrunina er tungumálið. Margir skilja illa íslensku og eru því hræddir við að tala opinberlega enda virðist betra að hafa sterk bein og þykkán skráp til að taka ekki nærri sér þær gagnrýnisraddir sem beinast að íslenskukunnáttu þeirra innflytjenda sem „leggja í að“ kveðja sér hljóðs á formlega pólitíska vettvangnum.

Það má þó finna aðrar leiðir til að koma hagsmunum sínum á framfæri og það hafa innflytjendur á Íslandi gert með því að nýta sér óformlegan pólitískan vettvang. Hagsmunafélög eins og Félag kvenna af erlendum uppruna gera þeim kleift að láta raddir innflytjenda heyrast og ná jafnvel inn á formlega vettvanginn. Eins virðast etnísk tengsl eins og þjóðafélög skipta máli við að gera innflytjendur sýnilegri í samfélaginu með þjóðahátíðum og þjóðmenningarsamkomum ýmiss konar.

8. kafli Tungumálið

Þegar greining á rannsóknargögnum hófst kom strax í ljós að tungumálið var sem rauður þráður í öllum vettvangsnótum. Hér á eftir verður fjallað um tvo helstu þætti þess. Í fyrsta lagi er mikilvægi góðrar málfærni á hefðbundna pólitíska vettvanginum gerð skil og í framhaldi af því kannað hvernig fyrirkomulag og aðgengi að íslenskukennslu er háttað.

8.1 Málfærni

Það hefur löngum þótt góður kostur í fari stjórnámamanna að geta komið vel fyrir sig orði á góðri og kjarnyrtri íslensku. Ósjaldan hefur líka birst innslag frá Alþingi í fréttatímum útvarps og sjónvarps þar sem þingmaður í ræðustól kastar fram eins og einni stöku til að gefa orðum sínum meira vægi. Að ná slíkri færni í málinu er varla á færi nema innfæddra Íslendinga, enda nefna allir viðmælendur í rannsókninni tungumálið sem helstu hindrun fyrir þátttöku í hefðbundnum stjórnámum. Þrátt fyrir að „einhver skilningur ríki gagnvart því að menn tali ekki fullkomna íslensku“ eins og einn viðmælandi benti á, þá virðist tungumálið geta valdið ákveðnu varnarleysi hjá þeim innflytjendum sem komast inn á hefðbundna pólitíska vettvanginn. Einn viðmælandi segir: „það náttúrulega kallar á svolítið vandræði ef menn vilja snúa þessu upp á móti þér“ og annar óttast að hægt sé að nota það gegn þeim eða að minnsta kosti til að koma í veg fyrir frama innan stjórnámanna: „Geturðu *ímyndað* þér það... að útlendingar að vera bæjastjóri í [...] sem kann ekki *íslensku*“. Svipaðan tón má greina hjá viðmælanda sem telur að menn komist frekar upp með að tala ekki góða íslensku í sveitarstjórnarmálum en yrðu „teknir á teppið ef þeir væru á Alþingi“. Hann virðist þar hafa orðið sannspár miðað við viðbrögð bloggheima þegar Paul Nikolov náði kjöri á Alþingi eins og minnst var á í kafla 7.3.

Þau viðbrögð sýna að þrátt fyrir að innflytjendur komist inn á pólitíska vettvanginn, þá er samt sem áður efast um nægilega íslenskukunnáttu þeirra til að geta starfað þar eins og Unnur Dís Skaptadóttir kemur inn á í rannsóknum sínum (sjá kafla 4.2).

Reyndar er það svo að þó íslenskan sé vissulega lykillinn að samfélaginu þá virðist ekki nægja að geta tekið þátt í daglegum samskiptum á íslensku ef menn ætla sér inn á hefðbundna pólitíska vettvanginn eins og sumir viðmælendur hafa komist að raun um. „Það eru fáir sem eru nógu vel máli farin að virkilega... átta sig á... hlutunum“ segir Katharina til dæmis. Málvarið í stjórnmalunum er þeim framandi og ákveðna grunnþekkingu vantar sérstaklega ef mál sem verið er að tala um hafa einhverja forsögu eins og einn viðmælandi bendir á:

Stundum er þetta *mjög ítarlegt* og *mjög* smáatriði... og þegar *ég* er í viðtölum... þá *ég* þekki ekki *mjög mikið* hvað þeirri *sögu* sko... fólk segir... þetta er Vinstri Grænir gamla svona... Alþýðuflokk [...] og þá... þegar umræður fara í þann... það áttina... þá *ég* skil ekki *alveg*... hvað er málið.

Þarna sést hvernig hallar á innflytjendur á hefðbundna pólitíska vettvangnum vegna þess að sífellt þarf að endurgera habitusinn með því að bæta í hann þeirri grunnþekkingu sem íslenskir stjórnmalamenn hafa nú þegar. Á sama hátt kallar málvarið sem einkennir íslensk stjórnmal á aukinn tungumálsauð sem tekur tíma að safna upp (sjá kafla 4.1).

Flestir kannast við það að ung börn eru nokkuð fljót að tileinka sér nýtt tungumál. Hins vegar eiga fullorðnir einstaklingar yfirleitt mun erfiðara með að ná valdi á nýju tungumáli og það getur tekið langan tíma að ná málþærni til jafns á við innfædda. Það má því ætla að það þurfi nokkuð átak fyrir fólk að byrja að tala opinberlega og eiga von á gagnrýni fyrir lélega íslenskukunnáttu. „Það var svolítið *stressandi* að byrja að tala“ segir einn viðmælandi þegar hann lýsir tilfinningum sínum í tengslum við það en oft þarf fólk jafnvel að velja um að vanda framburð og tala rétt á kostnað þess að ná tengslum við „salinn“. Fyrri kosturinn varð greinilega fyrir valinu hjá Paul Nikolov og Toshiki Toma á hádegisverðarfundum hjá ungum

sjálfstæðismönnum í aðdraganda alþingiskosninganna árið 2007. Báðir lásu fyrirfram skrifaðar ræður sínar upp af blaði þegar seinni kosturinn skiptir líklega meira máli fyrir stjórnámamann sem vill ná til fólks með málflutningi sínum, því eins og Bourdieu segir þá tala menn ekki bara í þeim tilgangi að orðin skiljist. Málið er líka hvoru tveggja, merki um auð sem ætlast er til að menn leggi mat á og meti að verðleikum og merki um vald sem ætlast er til að sé trúverðugt og menn fari eftir (4.1).

Það virðist nokkuð ljóst að forsendan fyrir því að innflytjendur geti staðið jafnfætis íslenskum stjórnámamönnum á hefðbundna pólitíska vettvangnum sé góð málfærni og söguleg þekking á íslensku samfélagi. Því er varla að undra að nær allir viðmælendur töluðu um hversu mikilvægt væri að auðvelda aðgengi innflytjenda að íslenskunámskeiðum, því þeir sem lært hafi málið aðlagist betur og verða virkari í samfélaginu. Þar sem þó nokkur gagnrýni kom fram á fyrirkomulag og aðgengi að íslenskukennslu verður því gerð sérstök skil í kaflanum hér á eftir.

8.2 Íslenskukennsla

Þegar William flutti til Íslands fyrir um þrjátíu árum var ekki um auðugan garð að gresja af námsefni fyrir þá sem höfðu áhuga á að læra íslensku. Hann sagðist því hafa endað á því að læra íslenskuna með því að nota „eldgamla málfræðibók frá 1918“ og lesa ljóð. Þeir viðmælendur sem komu tuttugu árum seinna eru líka sumir sjálflærðir. Ýmist vegna hindrana eins og kostnaðar, tímasetningar eða að þau námskeið sem í boðu voru hentuðu þeim illa eins og þessum viðmælenda:

Þegar ég kom til Íslands það var *aðeins* tvö... vö... það var annað hvort Háskólinn eða Námsflokkar... og það var alveg eins og svart og *hvítt*... Háskólinn sem kennir verulega *hátíðlega* íslensku... og námsflokkar fyrir útlendinga sko... *mjög* praktískt [...] margir útlendingar eru á *milli* sko.

Háskólinn reyndist ekki henta honum vel því hann kemur frá ólíku tungumálasvæði: „í tímum það eru... nemendur frá *Evrópu*... stundum þá... ég gat ekki svona... *fylgt með* alveg... þó svo ég lærði áður þýsku“. Vissulega hefur margt verið að gert síðan þetta var en samt sem áður virðist enn ýmsu áfátt sem viðkemur aðgengi að námskeiðum.

Því hefur stundum verið haldið fram að útlendingar búsettir á Íslandi vilji ekki læra íslensku. Greining gagnanna leiðir í ljós að það er yfirleitt ekki raunin. Auðvitað eru alltaf einhverjir einstaklingar sem sjá lítinn tilgang í því að læra tungumál sem aðeins örfáir tala eins og einn viðmælandi bendir á:

sumir finnst það þarf ekki að læra íslensku af því Íslendingar eru bara 300.000...en þetta er...minna en...minnsta þorp í mitt land...á ég að læra þeirra tungumál...ég meina...sumir finnst það bara *bull* að læra þennan tungumál...þá eins og ég segi...það er ekki *alltaf* kerfið

Sérstaklega á þetta við um það fólk sem ekki hefur hugsað sér að setjast að á Íslandi til frambúðar en í lengist hér síðan. Á málþingi um framtíð íslenskrar tungu í fjölþjóðlegu samfélagi á Íslandi benti Þorbjörg Halldórsdóttir á að langir biðlistar á íslenskunámskeið hjá Mími símenntun sýni að mjög margir vilja læra íslensku (Þorbjörg Halldórsdóttir, 2008). Margir leggja líka oft mikið á sig til þess að komast á námskeið, eins og maður sem sagðist hafa farið á puttanum að vetri til á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar eftir vinnu til þess að sækja íslenskunámskeið. Þegar stjórnvöld eyrnamerkta íslenskukennslunni 100 milljónir króna varð hreinlega „sprengja“ í námskeiðshaldi eins og einn viðmælandi í þeim geira orðaði það. Þessi viðbrögð sýna að þörfin og viljinn var greinilega til staðar en eins og oft vill verða hafði framkvæmdin strandað á fjármagni.

Hindranir

Við greiningu gagnanna kom í ljós að bæði innflytjendur og þeir sem sinna íslenskukennslu telja ýmsar hindranir þó enn vera til staðar, sem geri þeim sem vilja læra íslensku erfiðara um vik. Langur vinnutími og fjölskylduaðstæður koma oft í veg fyrir að fólk geti nýtt sér námskeið sem kennd eru á kvöldin eins og kemur fram hjá einum viðmælanda:

Líka...tíminn...hvenær þennan námskeið er haldið...eftir vinnu...þá þú ert að vinna á fisk eða ræstingu auðvitað...eða bakarí...og eftir allt þetta þú ferð á eitthvað námskeið klukkan hálfátta eða átta...þá tíminn er ekki gott fyrir alla...sérstaklega foreldra sem á börn...og svona...kostnaði.

Kostnaður er önnur hindrun sem algengt er að viðmælendur tali um þó svo að námskeið séu nú orðið oft mikið niðurgreidd, en meðal annars hafa nemendur möguleika á að sækja um styrki til stéttarfélaga. Sá galli virðist fylgja því fyrirkomulagi að þeir sem fara á tvö íslenskunámskeið á ári fullnýta styrkinn og hafa því ekki möguleika á öðrum námskeiðum. Þetta getur fælt marga frá því að fara á námskeið eins og kom fram á málþingi um fjölmennningarlegt Austurland.

Reyndar bendir ýmislegt til þess að ekki sé jafnræði milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar í íslenskukennslunni og ber landsbyggðin þar skarðan hlut frá borði. Helsta ástæðan er að sjálfsögðu færri og dreifðari nemendur. Því getur verið erfitt að safna nægilegum fjölda nemenda til að grundvöllur sé fyrir því að halda námskeið. Þetta virðist eiga sérstaklega við um þá sem eru lengra komnir og vilja taka fjórða og fimmta stig í íslensku. Þar af leiðandi þurfa nemendur oft að sitja sama námskeiðsstig aftur til að safna lögboðnum 150 kennslustundum. Bent var á að úr þessu megi bæta með því að breyta ákvæðum fyrir úthlutun styrkja til námskeiðshaldara. Í stað þess að veita styrk fyrir hvern

nemanda eins og nú er gert, væri heppilegra að miða við að styrkja sjálft námskeiðið.

Önnur ástæða mælir líka með styrkveitingu fyrir námskeið í stað nemendafjölda en það er ólíkur bakgrunnur innflytjenda eins og kom fram hér í byrjun kaflans. Margir bentu á þennan galla á námskeiðum eins annar viðmælandi sem segir:

allir eru sett á sama hóp...sama bekk. Þá fólk sem kann ensku eða íslensk..eða þýsku...segjum það...þá þau ná því strax...allt sem kennari er að tala um...á meðan arabískan kona sem nota *aldrei* þennan latínsk stafir...hún skilur ekki þá...hún er eða þau eru skilin eftir...og bara þennan fólk sem kunna latínsk stafir sem eru að ná íslensku...hún eða þau...sem eru með ekki neitt...*þau* ná ekki neitt.

Einstaklingar sem koma til dæmis frá löndum í Asíu þurfa jafnvel að byrja á því að læra að skrifa nýtt letur og eins eru alltaf einhverjir sem kunna hvorki að lesa né skrifa á eigin tungumáli.

Sams konar gagnrýni mátti heyra á málþinginu um fjölmennningarlegt Austurland þar sem kynntar voru niðurstöður verkefnishóps um íslenskukennslu í fjórðungnum. Lögð var áhersla á að „skipta þyrfti námshópum meira upp eftir getu og uppruna því þannig skipting kallaði á allt aðrar kennsluaðferðir. Dæmi væru til dæmis um að kennarar vinni í sjálfboðavinnu við að kenna þeim sem erfiðast eiga með að tileinka sér íslenskuna. Með getuskiptingu hópa má reikna með að hópar minnki en eins og ákvæði styrkveitinga eru í dag er varla grundvöllur fyrir fámennum námskeiðum í minni sveitarfélögum.

Þjónusta eða menntun?

Líklega eru flestir sammála um að aukið framboð á íslenskunámskeiðum sé af hinu góða. Samt sem áður virðast skiptar skoðanir á því hvort líta eigi á íslenskukennslu sem þjónustu við innflytjendur eða menntunarmál. Í viðtölum og

vettvangsathugunum var seinna sjónarmiðið mun meira áberandi og bentu sumir á að vandinn við að líta á námskeið í íslensku sem þjónustu geti haft í för með sér ákveðna samkeppni. Eðlilega má vænta þess að samkeppni kalli á betri gæði námskeiða, en það þarf þó ekki alltaf að vera raunin eins og einn viðmælandi bendir á: „það er mikil *samkeppni* [...] og stundum þetta er mikið af togstreitu [...] þetta *á ekki* vera svona mikið *bissness*... þetta er *menntamál* “. Í stað samvinnu milli þeirra sem bjóða upp á námskeið er keppt um að fá sem flest námskeið og „verið er að finna upp hjólið“ í hverju horni. Því virðist „styrkjapotturinn“ frá Menntamálaráðuneytinu geta leitt til þess að þeir sem sinna íslenskukennslu verða tregari til samvinnu um uppbyggingu námskeiða og þróun kennsluefnis.

Athygli vekur að munur virðist vera á hugmyndum „notenda“ og „sérfræðinga“, það er þeirra sem vinna að skipulagningu íslenskukennslunnar, um hvað beri að leggja áherslu á í kennslunni. Á meðan að sérfræðingar tala um vandaða kennslu og hæfa kennara telja margir notendur of mikla áherslu lagða á málfræði, í stað þess að gera kennsluna félagslegri eins og notandi sem segist halda „að tungumálakennslan sé bara ekki nógu *spennandi*“. Hann vill tengja námið einhverju sem nýtist fólki dags daglega: „sko það hefur *ekkert* með málfræði að gera... en þau *þurfa* að geta bjargað sér“. Undir þetta tekur annar notandi í umræðum á málþingi um íslensku sem annað mál, þegar hann segir of mikla áherslu á málfræði gera kennsluna leiðinlega og fráhrindandi. Ísland er lítið tungumálasvæði og þess vegna skiptir „viðhorf nýrra notenda máli“ segir einn notandinn og bendir á mikilvægi þess að nýir notendur fái áhuga á því að læra íslensku. Ef þeim finnst kennslan leiðinleg og erfið gefist þeir frekar upp. Reyndar er nú orðið komið til móts við þessi sjónarmið með vinnustaðanámskeiðum.

Síðustu tvö ár er orðið algengara að fyrirtæki kaupí námskeið í starfstengdri íslensku og bjóði starfsfólki sínu að fara á námskeið á vinnutíma því að kostnaðarlausu. Þetta hefur þeim verið gert kleift með því að sækja um styrk í fjármögnunarpott Menntamálaráðuneytisins. Enn eru það frekar fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri sem hafa nýtt sér þennan möguleika. Námskeiðshaldarar á landsbyggðinni segja fyrirtæki eins og fiskvinnslufyrirtæki bera því við að starfsemin lamist ef nánast allir starfsmenn séu á námskeiði. Dæmi

er þó um íslenskunámskeið á vinnutíma hafi strandað á því að ekki er vilji meðal starfsfólksins að sækja námskeiðið, eins og gerðist hjá fiskvinnslufyrirtæki í litlu sveitarfélagi úti á landi. Þá er mikilvægt að gera sér grein fyrir ástæðum tregðu starfsfólks við að taka þátt. Í þessu tilviki unnu fiskvinnslukonurnar í bónuskerfi og því hefðu laun þeirra skerst verulega sem getur skipt miklu máli fyrir þá sem eru í láglau nastörfum.

Ein nýjung í íslenskukennslu er Landnemaskólinn sem er einkum ætlaður þeim sem búið hafa á Íslandi í nokkurn tíma. Tilgangur skólans er að auðvelda fólki af erlendum uppruna aðlögun að íslenskum vinnumarkaði og samfélagi. Í náminu er lögð áhersla á íslenskt talmál og nytsama samfélagsfræði og er námið ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði, sem ekki á íslensku að móðurmáli. Það virðist þó ganga misjafnlega að fá fólk til þátttöku og þyrfti að skoða ástæðuna fyrir því betur. Á þeim stöðum sem skólinn er starfræktur á vinnutíma hefur frí frá vinnu stundum „staðið í mönnum“ segir einn þeirra sem stendur að námskeiðunum. Annar bendir á að ætlast sé til of mikillar undirstöðuþekkingar af nemendum sem útiloki stóran hóp frá þátttöku.

Hingað til hefur íslenskt samfélag verið tiltölulega einsleitt tungumálasvæði og því ekki verið hefð fyrir því að kenna íslensku sem annað tungumál. Að auki eru Íslendingar ekki vanir því að heyra íslensku talaða með hreim eins og kemur fram í kafla 4.2 og 8.1. Á málþinginu um íslensku sem annað mál var lögð áhersla á mikilvægi þess að byggja upp fræðigrein á háskólastigi fyrir kennslu í íslensku sem annars tungumáls. Vissulega er mikilvægt fyrir þá útlendinga sem setjast að á Íslandi að læra tungumálið en það má ekki gleyma því að gagnkvæm aðlögun þarf að eiga sér stað frá íslensku samfélagi. Íslenskan er erfitt tungumál sem tekur marga langan tíma að læra og fæstir ná fullkomnu valdi á við innfædda. Því þurfa Íslendingar að venjast því að heyra íslenskuna talaða með hreim. Á fyrrnefndu málþingi var bent á að mikilvægi þess að gera íslensku með hreim sýnilegri í samfélaginu með því til dæmis að fá þáttarstjórnendur af erlendum uppruna í ljósvakamiðlana. Miðað við viðhorf Íslendinga til tungumálsins og þeirrar tilhneigingar að skilgreina alla sem tala með hreim ótalandi á íslensku (sjá kafla 4.2), þá þarf líklega þjóðarátak til að koma því í framkvæmd.

Samantekt

Það er engum vafa undirorpið að forsenda þess að innflytjendur komist inn á hefðbundna pólitíska vettvanginn er góð íslenskukunnátta. Það nægir samt ekki að geta notað íslensku í daglegum samskiptum heldur þarf ákveðna málfærni og samfélagslega þekkingu til að geta „tekið þátt í leiknum“ eins og Will Kymlicka kallar það (sjá kafla 4.3). Stöðug endurgerð habitusins (sjá kafla 4.3) til þess að bæta inn grunnþekkingu, sem íslenskir stjórnmálamenn hafa fyrir bendir til þess að innflytjendur geti átt erfiðara en innfæddir, með að hasla sér völl á pólitíska vettvanginum. Að auki verða stjórnmálamenn af erlendum uppruna oft að velja á milli þess að tala „réttu“ íslensku með því að lesa uppskrifaðar ræður eða að ná tengslum við salinn til þess að vera trúverðugir, það er að eiga „efnahagsleg skipti“ við „neytendur“ eins og Bourdieu segir (sjá kafla 4.1).

Miðað við að „sprengja“ varð í námskeiðahaldi þegar stjórnvöld úthlutuðu 100 milljónum króna til íslenskukennslu er nokkuð ljóst að þörfin fyrir námskeið í íslensku var til staðar. Samt sem áður virðast enn vera ýmsar hindranir sem koma í veg fyrir að margir sjái sér fært að sækja þau námskeið sem í boði eru. Langur vinnutími og fjölskylduáðstæður koma oft í veg fyrir að fólk geti nýtt sér kvöldnámskeið og þrátt fyrir að námskeið séu mikið niðurgreidd setja ýmsir kostnaðinn fyrir sig. Starfstengd íslenskukennsla getur þó leyst þær hindranir því þau námskeið eru haldin á vinnutíma og starfsfólki að kostnaðarlausu. Samt sem áður virðist enn sem komið er frekar vera boðið upp á þau námskeið á höfuðborgarsvæðinu.

Reyndar bendir ýmislegt til þess að ekki sé jafnræði milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar þegar kemur að námskeiðahaldi. Helsta ástæðan eru færri og dreifðari nemendur. Ákvæði um styrkjaúthlutun sem miðar við greiðslu fyrir hvern nemanda gera það að verkum að erfiðara er að halda námskeið í minni sveitarfélögum. Eins virðist vera þörf fyrir námskeið sem miða við ólíkan bakgrunn og getu nemenda en auðveldara væri að mæta því með því að breyta

áherslum í úthlutun styrkja frá því að miða við hvern nemenda yfir í að veita styrk fyrir hvert námskeið.

Eins og staðan er í dag lítur út fyrir að Menntamálaráðuneytið geri ráð fyrir að námskeið í íslensku sé liður í þjónustu við innflytjendur. Samkeppnin sem verður um fjármögnun námskeiða virðist hafa þau áhrif, að í stað þess að vinna saman að þróun námsefnis og uppbyggingu námskeiða eru menn oft að vinna hver í sínu horni. Þegar fjármögnun verður aðalatriði er hættan sú að árangur nemenda geti farið forgörðum en nokkrir þátttakendur létu í ljós þá skoðun sína að kennsla í íslensku ætti að falla undir menntamál.

Athygli vekur að ekki virðist vera samhljómur milli „notenda“ og „sérfræðinga“ um hvað beri að leggja áherslu á í tengslum við íslenskukennslu. Notendur leggja áherslu á að kennslan sé „skemmtileg“ og tengist daglegu lífi þeirra á meðan sérfræðingar tala frekar um að boðið sé upp á vandaða kennslu og hæfa kennara. Það bendir til þess að meiri samvinnu þurfi milli þessara tveggja hópa til að samræma sjónarmið þeirra, en margir viðmælendur úr hópi innflytjenda gagnrýndu að ekki væri haft samráð við þá í málefnum sem skipti máli fyrir líf þeirra hér á landi.

Vissulega er mikilvægt fyrir þá útlendinga sem setjast að á Íslandi að læra tungumálið, en ekki má gleyma því að gagnkvæm aðlögun þarf að eiga sér stað frá íslensku samfélagi. Íslenskan er erfitt tungumál sem tekur marga langan tíma að læra og fæstir ná fullkomnu valdi á við innfædda. Því þurfa Íslendingar að venjast því að heyra íslenskuna talaða með hreim.

9. kafli Samantekt

Í þessari ritgerð var rannsókn mín á þátttöku innflytjenda í pólitík á Íslandi til umfjöllunar. Í inngangi var rannsóknarefnið kynnt og sagt frá uppbyggingu ritgerðar en henni er skipt upp í þrjá meginhluta fyrir utan inngang og samantekt. Fyrsti hlutinn skiptist í fjóra kafla þar sem fjallað er um kenningar sem tengjast hnattrænum búferlaflutningum. Í þessum hluta er reynt að ná heildarmynd þeirra breytinga sem orðið hafa á þjóðríkjum heims samfara auknum hnattrænum búferlaflutningum, en til þess reyndist nauðsynlegt að hafa nokkuð viðamikla kenningarlega umfjöllun. Aðferðafræðilegi þáttur rannsóknarinnar var síðan kynntur í öðrum hluta og að lokum voru niðurstöður rannsóknarinnar settar fram í síðasta hluta ritgerðarinnar. Hér á eftir verða dregnir saman þeir helstu þættir sem fram komu í niðurstöðunum.

9.1 Umræður

Á Íslandi eru innflytjendum tryggð ákveðin pólitísk réttindi eins og kosningaréttur til bæjar- og sveitarstjórna að uppfylltum ákveðnum búsetuskilyrðum en eins og Kymlicka bendir á, þá eru lagaleg réttindi engin trygging fyrir raunverulegri þátttöku þeirra í pólitískri ákvarðanatöku. Þessi rannsókn var gerð með það að markmiði að skoða hvort innflytjendur hafi sama aðgengi eða möguleika og innfæddir á pólitíska vettvanginum á Íslandi. Reynt var að koma auga á ósýnilegar hindranir sem líklegar væru til að takmarka þátttöku þeirra þar og stuðst við hugmyndir Pierre Bourdieu sem skilgreinir pólitíska vettvanginn sem svæði innan stærri félagslegs vettvangs. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að sjá megi ýmsar hindranir sem fara saman við hugmyndir Bourdieu um þann þátt sem habitus hvers einstaklings hefur á félagslegan auð hans.

Innflytjandi sem hefur hug á að komast til áhrifa á formlega pólitíska vettvangnum þarf samkvæmt Bourdieu, fyrst og fremst að hámarka pólitískan auð sinn. Hann getur hafa verið með mikinn uppsafnaðan félagslegan menningarlegan auð í heimalandi sínu en við það að flytjast til Íslands tapar hann stórum hluta hans og þarf því að vinna upp tapið. Þessu hafa innflytjendur sem starfað hafa á pólitíska vettvanginum á Íslandi kynnst. Þeir finna fyrir skorti á ákveðinni samfélagslegri þekkingu ekki síst þeirri sem snýr að fjölbreyttu landslagi íslenskra stjórn mála þar sem flokkar hafa í gegnum tíðina sundrast og sameinast eða nýir orðið til. Á þennan hátt standa þeir höllum fæti vegna þess að heimamenn hafa yfirleitt tiltölulega einsleitán habitus sem kemur af því að alast upp og búa í sama samfélagi og hafa því „tilfinningu fyrir leiknum“.

Innflytjendum á pólitíska vettvangnum á Íslandi verður ljóst mikilvægi tungumálsauðsins í því að auka pólitískan auð sinn þegar þeir eru staddir innan þess málmarkaðar sem fylgir formlega pólitíska vettvanginu. Framandi málfar stjórn mála er ólíkt því sem þeir eru vanir að nota í daglegum samskiptum við hinn „venjulega“ Íslending og því eiga þeir bæði erfitt með að tjá sig og skilja það sem talað er um. Þegar kemur að því að eiga efnahagsleg skipti við neytendur, það er að koma pólitískum boðskap sínum á framfæri við almenning, þá geta innflytjendur lent í vandræðum því oft þarf að velja á milli þess að tala „rétt“ eða að nota líkamlega tjáningu með orðunum. Íslenskir stjórn málamenn standa þannig betur að vígi því þeim er samt að nota hvort tveggja samtímis vegna þess að það er „innbyggt“ í habitus þeirra.

Þrátt fyrir að innflytjendur mæti ýmsum hindrunum á formlega pólitíska vettvanginum eru þeim samt ekki allar bjargir bannaðar. Þeir telja sig hafa ákveðinna hagsmuna að gæta og nýta sér því óformlegan pólitískan vettvang til þess að koma þeim á framfæri og fá þá viðurkennda. Stofnun samtaka eins og Félags kvenna af erlendum uppruna er dæmi um þess háttar hagsmunagæslu en með því að koma á tengslum við samtök heimamanna eins og Kvenréttindafélag Íslands tekst þeim að hasla sér völl sem jafningjar þeirra. Þannig greiða þær leiðina fyrir því að fá hagsmuni sína viðurkennda á formlega vettvanginum.

Á sama hátt hafa innflytjendur nýtt sér etnísk tengsl til þess að verða sýnilegri í samfélaginu með því að stofna þjóðafélög og halda þjóðahátíðir sem heimamenn taka oft virkan þátt í. Með því myndast ákveðin tengsl milli þeirra og heimamanna og tilvist þeirra í íslensku samfélagi er viðurkennd. Það virðist þó misbrestur á að margir heimamenn átti sig á að aðlögun er langt ferli því innflytjendur sem hafa búið á Íslandi í áratugi og aðlagast vel íslensku samfélagi verða nánast ósýnilegir í þeirra augum. Þannig er ekki leitað í reynslubanka þessa einstaklinga í tengslum við ákvarðanir sem varða málefni innflytjenda því þeir eru „orðnir“ hluti af heimamönnum.

Lokaorð

Í síðustu alþingiskosningum vorið 2007 urðu þau tímamót í íslenskum stjórnmálum að fyrsti Íslendingurinn af erlendum uppruna náði kjöri sem varamaður Vinstriflokksins græns framboðs á Alþingi Íslendinga. Það sem gerir kjör Paul Nikolov sérstakt er að hann hefur aðeins búið tæp tíu ár á Íslandi og talar íslensku með hreim. Í ljósi þess gætu margir fallið í þá gryfju að telja aðgengi innflytjenda að pólitískum vettvangi nokkuð auðvelt. og þó aldrei sé hægt að alhæfa um niðurstöður eigindlegra rannsókna þá benda niðurstöður þessarar rannsóknar til að aðgengi þeirra sé ekki eins auðvelt og það sýnist.

Ýmislegt bendir til þess að innflytjendur mæti ákveðnum hindrunum bæði við að komast inn á vettvanginn og að standa jafnfætis heimamönnum þegar þangað er komið. Samt sem áður eru ýmsar leiðir færar til þess að auðvelda þetta aðgengi og ber þá helst að nefna góða samfélagslega aðlögun og íslenskukunnáttu. Það er þó mikilvægt að menn geri sér ljóst að aðlögun er gagnkvæmt ferli sem þýðir meðal annars að innflytjendur verða að fá aðgang að íslensku málsamfélagi með því að viðurkenna og leyfa að töluð sé íslenska með hreim. Með því að gera það er samt líklegt að forsendur fyrir því að tungumálið verði þjóðartákn á sama hátt og áður séu að einhverju leyti brostnar en aðlögun að nýju fjölmenningarlegu samfélagi hlýtur að kalla á einhverja endurskoðun á því hvað geri Íslendinga að þjóð ef hluti þeirra talar ekki lengur „hreina“ íslensku.

Í rannsókn sem þessari er aðeins hægt að beina athyglinni að þeim helstu atriðum sem lesa má út úr gögnunum en vissulega væri hægt að draga fram aðra þætti sem fram komu og skoða frekar. Von mín er sú að þessi rannsókn hvetji aðra rannsakendur til dáða að skoða fleiri þætti í tengslum við aðgengi innflytjenda að íslensku samfélagi því þannig verður til þekking sem mikilvægt er að nýta við mótun vel heppnaðs fjölmeningarsamfélags.

Heimildaskrá

- Alba, Richard og Victor Nee (1997). „Rethinking Assimilation Theory for a New Era of Immigration“. *The International Review*, 31(4): 826 – 874.
- Anderson, Benedict (1994). „Imagined Communities“. Í Hutchinson, J. og A. D. Smith (Ritstj.), *Nationalism* (bls. 89-96). Oxford: Oxford University Press.
- Andersen, Jørgen Goul (2002). Danskernes holdning til indvandrere. *AMID Working Paper Series 17/2002*, Aalborg.
- Back, L., M. Keith, A. Khan, K. Shukra og J. Solomos (2002). „New Labour’s White Heart: Politics, Multiculturalism and the Return of Assimilation“. *Political Quarterly*. 73(4): 445-454.
- Bäck, Henry og Maritta Soininen (1998). „Immigrants in the Political Process“. *Scandinavian Political Studies*, 21(1): 29 – 50.
- Balibar, Étienne (1996). „Fictive Ethnicity and Ideal Nation“. Í Hutchinson, J. Og A.D. Smith (Ritstj.), *Ethnicity* (bls. 164-168). Oxford: Oxford University Press.
- Berezin, Mabel og Martin Schain (2003). „Inngangur“. Í Berezin, Mabel og Martin Schain (Ritstj.), *Europe without Borders: remapping territory, citizenship, and identity in a transnational age*. Baltimore: Johns Hopkins University Press.
- Birna Arnbjörnsdóttir (2007). „Samfélag málnotenda: Íslendingar, innflytjendur og íslenskan“. *Ritið* 7(1): 63 – 81.
- Bloemraad, Irene (2006). *Becoming a citizen: incorporating immigrants and refugees in the United States and Canada*. Berkeley: University of California Press.
- Bogdan, Robert C. og Sari Knopp Biklen (2003). *Qualitative Research for Education: An Introduction to Theories and Methods* (4. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.
- Bourdieu, Pierre (1991). *Language and Symbolic Power*. Cambridge: Polity Press.
- Brubaker, Rogers (2001). „The return of assimilation? Changing perspectives on immigration and its sequels in France, Germany, and the United States“. *Ethnic and Racial Studies*, 24(4): 531-548.

- Durrenberger, E. Paul og Gísli Pálsson, 1989. *The Anthropology of Iceland*. University of Iowa Press: Iowa City.
- Castles, Stephen og Alastair Davidson (2000). *Citizenship and Migration: Globalization and the Politics of Belonging*. Basingstoke: Macmillan.
- Clarke, Adele E. (2003). „Situational Analyses: Grounded Theory Mapping After the Postmodern Turn“. *Symbolic Interaction* 26(4): 553 – 576.
- Creswell, John W. (1998). *Qualitative Inquiry and Research Design: Choosing Among Five Traditions*. California: Sage Publications.
- Eriksen, Thomas Hylland (2002). *Ethnicity and Nationalism: Anthropological Perspectives* (2. útgáfa). London: Pluto Press.
- Esterberg, Kristin G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGraw Hills.
- Faist, Thomas, Jürgen Gerdes og Beate Rieple (2004). „Dual Citizenship as a Path-Dependent Process“. *The International Migration Review*, 38(3): 913-944.
- Fennema, Meindert og Jean Tillie (2005). „Do Immigrant Policies Matter?: Ethnic Civic Communities and Immigrant Policies in Amsterdam, Liège and Zurich,„. Í Penninx, Rinus, Karen Kraal, Marco Martiniello og Steven Vertovec (Ritstj.). *Citizenship in European Cities: Immigrants, Local Politics and Integration Policies* (2. útgáfa). Aldershot: Ashgate.
- Foner, Nancy (1997). „What’s New About Transnationalism? New York Immigrants Today and at the Turn of the Century“. *Diaspora* 6(3): 355 – 375.
- Fukuyama, Francis (2006). „Identity, Immigration and Liberal Democracy“. *Journal of Democracy*, 17(2): 5-21.
- Garbaye, Romain (2005). „Ethnic Minority Local Councillors in French and British Cities: Social Determinants and Political Opportunity Structures,„. Í Penninx, Rinus, Karen Kraal, Marco Martiniello og Steven Vertovec (Ritstj.). *Citizenship in European Cities: Immigrants, Local Politics and Integration Policies* (2. útgáfa). Aldershot: Ashgate.
- Gellner, Ernest (1994). Nationalism and High Cultures. Í Hutchinson, J. og A. D. Smith (Ritstj.), *Nationalism* (bls. 63-70). Oxford: Oxford University Press.

- Gledhill, John (2000). *Power and its Disguises: Anthropological Perspectives on Politics*. (2. útgáfa). London: Pluto Press.
- Glick Schiller, Nina, Linda Basch og Christina Szanton Blanc (1995). „From Immigrant to Transmigrant: Theorizing Transnational Migration“. *Anthropological Quarterly*, 68(1): 48 – 63.
- Guðmundur Finnbogason (1922). „Mannkynbætur“. *Andvari* 47: 184 – 204.
- Guðmundur Hálfðanarson (1996). „Hvað gerir Íslendinga að þjóð?“. *Skírnir* 170: 7-3.
- Guðmundur Hálfðanarson (2001). „Hvað er þjóð?“. Í *Íslenska þjóðríkið: uppruni og Endimörk* (bls. 15-45) Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Reykjavíkúakademían.
- Gudmundurmagnusson.blog.is
- Gupta, Akhil og James Ferguson (1997). „Beyond „Culture“: Space, Identity and the Politics of Difference“. Í Gupta, Akhil og James Ferguson (Ritstj.), *Culture, Power, Places: Explorations in Critical Anthropology* (bls. 33-51) Durham/London: Duke University Press.
- Hallfríður Þórarinsdóttir (2004). „Málsvari heimsósóma“. Í (Ritstj. Úlfar Hauksson) *Rannsóknir í Félagsvísindum V* (bls. 553 – 563) Reykjavík: Háskólaútgáfan: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hagstofa Íslands (2008). Veiting Íslensks ríkisfangs eftir fyrra ríkisfangi, kyni og aldri 1991-2007.
- Heimasíða Frjálslynda flokksins. xf.is
- Heimasíða Framsóknarflokksins. framsokn.is
- Heimasíða Íslandshreyfingarinnar. islandshreyfingin.is
- Heimasíða Samfylkingarinnar. samfylkingin.is
- Heimasíða Sjálfstæðisflokksins. xd.is
- Heimasíða Vinstrihreyfingar græns framboðs. vg.is
- Hobsbawm, Eric (1994). „The Nation as Invented Tradition“. Í Hutchinson, J. og A. D. Smith (Ritstj.), *Nationalism* (bls. 76-83). Oxford: Oxford University Press.

- Holm, Lærke. „Contesting images and discourses on immigrants – Discourse analysis of selected debates on naturalisation in the Danish Parliament“ 1979 – 2000. Erindi flutt á ráðstefnunni *The Nordic Migration Conference*. Haldin í Álaborg, nóvember 2004.
- Ignatieff, Michael (1993). *Blood and Belonging: Journeys into the New Nationalism*. New York: Farrar, Straus and Giroux.
- Inga Dóra Björnsdóttir (1994). „Þeir áttu sér móður: Kvenkenndir þættir í mótun íslenskrar þjóðernisvitundar“. Í (Ritstj. Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir) *Fléttur* (bls. 65 – 85) Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Isin, Engin F. (2002). *Being political: Genealogies of Citizenship*. Minneapolis: University of Minnesota Press
- Jagd, Christina B. „Breaking the pattern of unemployment through social networks“. Erindi flutt á ráðstefnunni *The Nordic Migration Conference*. Haldin í Álaborg, nóvember 2004.
- Keaton, Trica (2005). „Arrogant Assimilationism: National Identity Politics and African-Origin Muslim Girls in the Other France“. *Anthropology and Education Quarterly*. 36(4): 405 -423.
- Kivisto, P. (2001). „Theorizing transnational immigration: A critical review of current efforts“. *Ethnic and Racial Studies*, 24(4): 549-577.
- kosningar.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3849; Þskj. 1226 – 535. mál.
- Kristín Loftsdóttir (2005). „Bláir menn og eykonan Ísland: kynjamyndir karlmennsku og Afríku á 19. öld“. *Ritið* 5(2): 21 – 44.
- Kvale, Steinar. (1996). *InterViews: An Introduction to Qualitative Research Interviewing*. California: Sage Publications.
- Kymlicka, Will (1995). *Multicultural Citizenship*. Oxford: Oxford University Press.
- Kymlicka, Will (2001). *Politics in the Vernacular: Nationalism, Multiculturalism and Citizenship*. Oxford: Oxford University Press.
- Levitt, Peggy og Nina Glick Schiller (2004). „Conceptualizing Simultaneity: A Transnational Social Field Perspective on Society“. *The International Migration Review*, 38(3): 913-944.
- Lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998

Lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 27/2002

Lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 9/2003

Mahnig, Hans (2005). „The Politics of Minority-Majority Relations: How Immigrant Policies Developed in Paris, Berlin and Zurich,„. Í Penninx, Rinus, Karen Kraal, Marco Martiniello og Steven Vertovec (Ritstj.). *Citizenship in European Cities: Immigrants, Local Politics and Integration Policies* (2. útgáfa). Aldershot: Ashgate.

Menntamálaráðuneytið (2008). *Námskrá, íslenska fyrir útlendinga: grunnám*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Nagel, Caroline R. (2002). „Geopolitics by another name: Immigration and the politics of assimilation.“ *Political Geography*, 21(8): 971-987.

Parekh, Bhikhu C. (2006). *Rethinking Multiculturalism: Cultural Diversity and Political Theory*. Basingstoke [England]; New York :Palgrave Macmillan.

Penninx, Rinus, Karen Kraal, Marco Martiniello og Steven Vertovec (2005). „Inngangur“. Í Penninx, Rinus, Karen Kraal, Marco Martiniello og Steven Vertovec (Ritstj.). *Citizenship in European Cities: Immigrants, Local Politics and Integration Policies* (2. útgáfa). Aldershot: Ashgate.

Portes, Alejandro, Luis E. Guarnizo og Patricia Landholt (1999). The studies of transnationalism: Pitfalls and promise of an emergent research field. *Ethnic and Racial Studies*, 22(2): 217 - 237.

Reglugerð um útlendinga 053/2003.

Rex, J. (1996). „Multiculturalism in Europe.“ Í J. Hutchinson og A. Smith (ritstj.). *Ethnicity*. Oxford: Oxford University Press.

Sibley, David (1995). *Geographies of Exclusion*. London and New York: Routledge

Sigmarg.blog.is

Sigríður Matthíasdóttir (2003). „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar“. Í (Ritstj. Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson) *Þjóðerni í þúsund ár?* (bls. 119 – 132) Reykjavík, Háskólaútgáfan.

Rumbaut, Rubén G. (1997). „Assimilation and Its Discontents: Between Rhetoric and Reality“. *The International Migration Review*. 31(4): 923 – 960.

- Strauss, Anselm og Juliet Corbin (1998). *Basics of Qualitative Research: Techniques and Procedures of Developing Grounded Theory*. (2. útgáfa). California: Sage Publications.
- Taylor, Charles (1992). *Multiculturalism and The Politics of Recognition*. Amy Gutman (ritstj.). Princeton, N.J.: Princeton University Press.
- Togeby, Lisa (2002). „Etniske minoriteters deltagelse i demokratiske processer, herunder politiska partier, valg og offentlig debat“. *AMID Working Paper Series 20/2002*, Aalborg.
- Unnur Karlsdóttir (2003). Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar. Í (Ritstj. Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson) *Þjóðerni í þúsund ár?* (bls. 183 – 195) Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Unnur Dís Skaptadóttir (2003). „Vestfirsk fjölmening: Um menningarlega fjölbreytni í sjávarþorpum“. *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* 43/2003 (bls. 311 – 322). Reykjavík: Sögufélag Ísfirðinga.
- Unnur Dís Skaptadóttir (2004). „Mobilities and cultural difference: Immigrant’s experiences in Iceland“. Í, Valur Ingimundarson, Kristín Loftsdóttir og Irma Erlingsdóttir (Ritstj.) *Topographies of Globalization: Politics, Culture, Language*. (bls. 133 -148) Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Sóley Gréta Sveinsdóttir (2006). „Valkyrjur samtímans: veröld kvenna frá Asíu á Íslandi“. Í (Ritstj. Úlfar Hauksson) *Rannsóknir í Félagsvísindum VII* (bls. 489 – 498) Reykjavík: Háskólaútgáfan: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Unnur Dís Skaptadóttir (2007). „Ólíkar raddir: afstaða innflytjenda til íslenskrar tungu“. *Ritið* 7(1): 45 – 61.
- Vertovec, Steven (2004). „Migrant Transnationalism and Modes of Transformation“. *The International Migration Review*, 38(3): 970-1001.
- Vertovec, Steven (2007). „Introduction: New directions in the anthropology of migration and multiculturalism“. *Ethnic and Racial Studies*, 30(6): 961 - 976.
- Wieviorka, Michel (1998). „Is Multiculturalism the Solution?“ *Ethnic and Racial Studies*, 21(5): 880-911.
- Wikan, Unni (1999). „Culture: A New Concept of Race“. *Social Anthropology*, 7(1): 57-64.

Wimmer, Andreas og Nina Glick Schiller (2002). „Methodological nationalism and beyond:nation-state building, migration and the social sciences.“ *Global Networks*, 2(4): 301-334.

www.domsmalaraduneyti.is/frettatilkynningar/nr/6373

www.fjolmenningarsetur.is/fjolmenningarsetur/Saga/; 125. löggjafarþing
1999/2000.Þskj. 220

www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/4007

www.utanrikisraduneyti.is/samningar/schengen/nr/9

Zabusky, Stacia E. 2000. „Boundaries at Work: Discourses and Practices of Belonging in the European Space Agency“. Í Bellier, Irène og Thomas M. Wilson (Ritstj.). *An Anthropology of the European Union: Building, Imagining and Experiencing the New Europe* (bls. 179-199) Oxford: Berg Publishers Ltd.